JÓN PÁLL LEIFSSON
Ferðast á fyrirtaks fyrirtækjafarartæki
Bílar Ferðir Tíska
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

EUROVISION
Allt um söngvakeppnina
Sérblað um Eurovision
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Breyttir tímar á laugardögum
LAUGARDAGSOPNUN VÍNBÚÐA 11-18 Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
vinbud.is
VÍNBÚÐ lifum, lærum & njótum

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
20. maí 2006 — 134. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

Landspítali borgar erlendum hjúkrunarfræðingum meira

Dönsku hjúkrunarfræðingarnir sem hefja störf á Landspítala í júní eru að sögn formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga ráðnir á umtalsvert betri kjörum en þeir íslensku sem starfa fyrir á spítalanum. Formaðurinn segir þetta „algerlega ólíðandi“ og að brugðist verði við „af fullri hörku“.

HEILBRIGÐISMÁL Þeir tuttugu dönsku hjúkrunarfræðingar sem koma til starfa á Landspítalann í júní eru ráðnir þangað á umtalsvert betri kjörum en íslensku hjúkrunarfræðingarnir sem vinna á spítalanum. Þetta staðhæfir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

„Ég var að fá upplýsingar um hvernig þessi störf eru auglýst í gegnum danska starfsmannaleigu og hvaða kjör er verið að bjóða þar. Ég á eftir að reikna þetta nákvæmlega út og get því ekki nefnt neinar tölur. En ég get nú þegar sagt að það er verið að bjóða dönsku hjúkrunarfræðingunum mun betri kjör heldur en okkar íslenska fagfólki. Mig undrar að það skuli vera til peningar til að kaupa inn fólk frá útlöndum ef ekki eru til fjármunir til að greiða okkar fólki hér heima laun fyrir álagið og bæta starfsaðstöðu þess. Menn eru þá frekar að sjá á eftir íslenskum hjúkrunarfræðingum út af spítalanum og ráða í stað þeirra danska hjúkrunarfræðinga á hærri launum.“

ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR

Elsa segir að í auglýsingum dönsku starfsmannaleigunnar sem hengdar hafi verið upp á sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn, þar sem auglýst sé eftir hjúkrunarfræðingum á LSH, sé gerð grein fyrir kjörum. Hún segir fyrsta mat sitt vera að þau séu verulega mikið betri en íslenskum hjúkrunarfræðingum séu boðin. Elsa segir þetta „algerlega ólíðandi“ og að félagið muni ganga í þetta mál „af fullri hörku“. Þetta verði tekið upp við stjórnendur spítalans sem og stjórnvöld og þessu harðlega mótmælt. Hún bendir á að félagið sé nýbúið að ganga frá stofnanasamningum á Landspítalanum.

„Á sama tíma heyrum við að hjúkrunarfræðinemar ætli ekki að ráða sig á spítalann,“ segir hún. „Þeir vilja fá það metið að langflestir þeirra hafa starfað með námi. Þeir segja að þeir komi ekki inn sem algjörir byrjendur og eigi þar af leiðandi ekki að fara á 205 þúsund króna byrjunarlaun, heldur beri þeim að fá 215 þúsund.“

„Ég veit ekki hvað á að segja um það,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, um hvort dönsku hjúkrunarfræðingarnir séu á betri kjörum en þeir íslensku. „Við kaupum þessa þjónustu af danska fyrirtækinu sem selur þessa þjónustu. Við höfum keypt slíka þjónustu af íslenskum fyrirtækjum í áraraðir og gerum enn, en í þessum pakka fáum við reynt fólk á ívið betri kjörum.“

- jss

MARGÆSADAGUR Á BESSASTÖÐUM Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar Grímsson forseti tóku við umfangsmiklu listaverki sem grunnskólanemendur úr Álftanesskóla og frá Norður-Írlandi hafa sett upp norðan við heimreiðina að Bessastöðum. Listaverkið, sem er byggt á fjölmörgum myndum af margæs, var afhent í gær á árlegum Margæsadegi og verður til sýnis næstu tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Menningar- og ferðamálaráð:

Farþegalest í Viðey í sumar

SAMGÖNGUR Fyrirhugað er að setja upp farþegalest í Viðey í sumar. Lestin er komin til landsins, en hún samanstendur af dráttarvagni og tveimur farþegavögnum, að sögn Örvars B. Eiríkssonar, verkefnisstjóra menningar- og ferðamálaráðs.

Örvar sagði að ekki yrðu lagðir brautarteinar fyrir lestina, því hún væri á hjólum. Hún yrði einungis notuð á þeim ökustígum sem væru fyrir á eynni. Fyrirhugað er að reka lestina í eitt ár til að byrja með. Umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við þann rekstur. Komi það hins vegar til skoðunar að veita slíkt leyfi til frambúðar telur umhverfisráð mikilvægt að það verði hljóðlátari og vistvænni lest en sú sem hér um ræðir.

- jss

Dræm aðsókn að Vinnuskólanum í Reykjavík í sumar:

Óvenjufáir unglingar sækja um

VINNUMARKAÐUR Óvenjudræm aðsókn hefur verið í Vinnuskólann í Reykjavík í sumar. Ef fleiri unglingar fást ekki í Vinnuskólann verður skólinn að fækka verkefnum og kemur það fyrst og fremst niður á þjónustu í görðum eldri borgara. Garðar borgarinnar verða látnir ganga fyrir.

Unglingar á vinnuskólaaldri eru um 4.700 í borginni í ár. Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskólans, segir að venjulega hafi 1.000 unglingar fundið sér vinnu annars staðar. Samkvæmt því ættu um 3.700 unglingar að hafa sótt um en þeir séu innan við 3.000.

„Atvinnuástandið í borginni er mjög gott. Við höfum fengið góða leiðbeinendur og yfirleiðbeinendur til starfa en okkur vantar fleiri unglinga. Þó að okkur hafi tekist að hækka launin um tólf prósent og séum þannig samkeppnishæf við verslanir eru unglingarnir sennilega komnir í Bónus og slíkar verslanir,“ segir Guðrún.

Vitað er að veðrið verður frábært í sumar, að sögn Guðrúnar, og því gott að vinna úti í sól og sumaryl. Ýmsar skemmtilegar nýjungar verða á döfinni í Vinnuskólanum. Vinnuskólaþjarkar koma til dæmis til starfa og leikarar ferðast um á hjólum og segja frá starfi Vinnuskólans frá 1951.

- ghs

GUÐRÚN ÞÓRSDÓTTIR Skólastjórinn segir að venjulega sæki tæplega fjögur þúsund unglingar um vinnu en nú séu þeir innan við þrjú þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fíladelfía sjötíu ára

Að sögn Varðar Traustasonar, forstöðumanns Fíladelfíu, verður eitthvað í boði fyrir alla á afmælishátíð Fíladelfíu.

TÍMAMÓT 28

Betri helmingar borgarstjóraefnanna

Flestir þekkja til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og Dags B. Eggertssonar, oddvita flokkanna sem líklegast munu leiða meirihluta borgarstjórnar eftir kosningar. Minna er hins vegar vitað um konurnar í lífi þeirra, þær Guðrúnu Kristjánsdóttur og Örnu Dögg Einarsdóttur.

VIÐTAL 32

Kveður drottningu hafsins

Sverrir Leósson hóf ungur að vinna við útgerð Súlu EA 300, eins fengsælasta nótaskips íslenska flotans. Súlan hefur nú verið seld og siglir út Eyjafjörðinn á næsta ári og segist Sverrir kveðja skipið sáttur.

VIÐTAL 36

Ernir í Val

Valsmenn hafa fengið góðan liðsstyrk í Mosfellingnum Erni Hrafni Arnarssyni en honum er ætlað að leysa Frakkann Mohamadi Loutoufi af hólmi hjá Hlíðarendaliðinu. Ernir er tvítugur unglingalandsliðsmaður.

ÍÞRÓTTIR 56

VEÐRIÐ Í DAG



VETURINN KOMINN! Í dag verður stíf norðanátt. Snjókoma eða él norðan til en bjartviðri syðra. Hiti nálægt frostmarki á landinu norðanverðu en 4-9 stig syðra. Enn kólnandi veður.

VEÐUR 4

Það besta fyrir Kópavog
xdkop.is
XD

Góðar gjafahugmyndir
Sjá bls. 20–21
Opið 10–18
Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

SPURNING DAGSINS

Benedikt, er þetta stuttermasund?

„Nei, þetta er langermasund svo það er best að fara að bretta upp.“

Sjósundkappinn og listamaðurinn Benedikt Lafleur ætlar að synda yfir Ermarsund í sumar fyrstur Íslendinga.

Fundað með ráðherra vegna aðgerða til að létta álagi af Landspítalanum:

Ekki vitað um kostnaðinn

HEILBRIGÐISMÁL Ekki er vitað hver kostnaður verður við þær aðgerðir sem hrint hefur verið af stað til að létta álagi af Landspítalanum, að sögn Magnúsar Pétursson forstjóra. Eitt af verkefnum forráðamanna spítalans er að kanna hvað þær muni kosta.

„Það kostar allt peninga. Kostnaðarliðurinn lendir væntanlega á borði fjármálayfirvalda,“ segir Magnús. „Fyrsta spurningin var þó ekki um kostnað, heldur hvað væri hægt að gera í stöðunni. Viðfangsefnið var tvíþætt. Annars vegar var að létta á yfirlegunum og gangalegunum og flæðinu almennt, þannig að sjúklingar gætu komist út af spítalanum. Hitt var skortur á starfsfólki. Þessi tvö mál ræddum við við heilbrigðisráðherra á miðvikudag. Út úr því komu nokkur atriði sem okkur var falið að vinna. Þar ber hæst að leita til hjúkrunarheimila og annarra heilbrigðisstofnana um hvort þau geti tekið á móti sjúklingum sem eru betur komnir þar. Þær viðræður eru hafnar. Hitt er að heilsugæslunni í Reykjavík og spítalanum var falið að móta tillögur um hvað væri hægt að gera meira fyrir fólk í heimahúsum. Til þess höfum við viku.“

Magnús segir að trúlega verði auglýst eftir fleira starfsfólki, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum erlendis, sem komi þá hingað á einstaklingsgrundvelli. - jss

MAGNÚS PÉTURSSON Aðgerðir til að létta álagi af LSH eru komnar á fullt skið.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Framlengt á fimm menn

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær fimm fíkniefnasmyglara í áframhaldandi gæsluvarðhald. Þrír Íslendingar og Hollendingur reyndu að smygla inn rúmum 25 kílóum af hassi og amfetamíni í bensíntanki bifreiðar og var þeim gert að sitja áfram inni til 2. júní.

Þá var í gær framlengt gæsluvarðhald yfir litháískum karlmanni sem tekinn var á Keflavíkurflugvelli í byrjun árs með flöskur með fljótandi amfetamíni í fórum sínum. Tveir Lithaar til viðbótar sitja í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á smygli á fljótandi amfetamíni. - jss

STRÆTÓSKÝLI Haustið 2007 verða upphituð strætóskýli tekin í notkun.

Umhverfisráð Reykjavíkur:

Upphituð strætóskýli

SAMGÖNGUR Umhverfisráð Reykjavíkur hefur samþykkt að hefja undirbúning að smíði og uppsetningu upphitaðra biðskýla á fjölförnum biðstöðvum strætisvagna í Reykjavík.

Unnið verður að málinu í samstarfi við framkvæmdasvið borgarinnar, Strætó bs. og eftir atvikum við það einkafyrirtæki sem gert hefur samning við Reykjavíkurborg um uppsetningu og rekstur biðskýla. Markmið verkefnisins verður að reisa biðskýli sem henta íslenskri vetrarveðráttu, halda vatni og vindum og eru auk þess upphituð. Stefnt er að því að fyrstu skýlin verði tekin í notkun ekki síðar en haustið 2007. - jss

Vextir á íbúðalánum hafa snarhækkað

Stóru viðskiptabankarnir hafa hækkað vexti á húsnæðislánum í 4,90 prósent nema Kaupþing banki sem veitir íbúðalán með 4,75 prósenta vöxtum. Bankarnir hafa lækkað lánshlutfallið í 60-80 prósent og hvetja lántakendur til að fara varlega.

HÚSNÆÐISLÁN Stóru viðskiptabankarnir fjórir hafa hækkað vexti á húsnæðislánum. Glitnir, Landsbankinn og Spron hafa hækkað vexti á húsnæðislánum í 4,90 prósent en Kaupþing banki veitir nú lán með 4,75 prósenta vöxtum. Vaxtahækkunin tekur gildi á mánudag.

Vextir á húsnæðislánum bankanna hafa hækkað um ríflega hálft prósentustig á einu ári. Lengi vel veittu bankarnir húsnæðislán með 4,15 prósenta vöxtum en vextir fóru að hækka síðasta haust og voru 4,15 til 4,35 prósent í desember. Það var þó ekki fyrr en í mars sem þeir tóku mesta kippinn og eru nú komnir í 4,75-4,90 prósent. Sérfræðingar á fjármálamarkaði telja að þeir eigi eftir að hækka enn frekar þó að það verði kannski ekki mikið.

Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá SPRON, segir að markaðurinn sé að mettast og mun minni eftirspurn sé eftir íbúðalánum nú en áður, en eftirspurnin hafi verið einstaklega mikil á síðasta ári. Þetta sé afleiðing af því sem hafi verið að gerast í þjóðfélaginu og mikillar þenslu undanfarinna ára. Hjá Glitni hefur eftirspurnin fyrstu þrjá mánuði þessa árs dregist saman um fimmtíu prósent miðað við fyrstu þrjá mánuði síðasta árs.

„Stýrivaxtahækkanir Seðlabankans hafa áhrif á verðtryggð og óverðtryggð lán. Þróunin er upp á við á skuldabréfamarkaði og við erum bara að elta hana. Þetta er fyrst og fremst afleiðing af aukinni verðbólgu og stefnu Seðlabankans. Seðlabankinn hefur verið að stýra verðbólguþróuninni á þessu þenslutímabili og nú erum við væntanlega farin að sjá áhrifin. Fólk er farið að hægja á neyslunni og það dregur úr eftirspurn,“ segir Ólafur.

ÍBÚÐARBYGGÐ Í FOSSVOGI Hægt hefur á þenslu á húsnæðismarkaðnum undanfarna mánuði.



Viðskiptabankarnir hafa verið að lækka lánshlutfall íbúðalána og herða skilyrðin. Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing banki miða hæst við 70 prósenta lánshlutfall nú en Spron miðar við 80 prósent. Hjá Spron hefur eftirspurn eftir íbúðalánum í erlendri mynt aukist og segir Ólafur að í slíkum tilfellum sé miðað við 60 prósenta lánshlutfall. Fólk sé hvatt til að fara varlega í slíkum lántökum.

Höfuðstóll lána hefur hækkað verulega síðustu misseri. 10 milljóna króna lán sem tekið var til 40 ára hjá Kaupþingi banka í júní í fyrra hefur hækkað um tæpa hálfa milljón.

ghs@frettabladid.is

SAMI ABU ZUHRI Talsmaður Hamas í fylgd palestínskra öryggisvarða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður Hamas:

Stöðvaður á landamærum

GAZA-BORG, AP Sami Abu Zuhri, talsmaður Hamas-samtakanna, var í gær stöðvaður af öryggissveitum Palestínumanna á landamærum Gaza-svæðisins og Egyptalands með jafnvirði nærri sextíu milljóna króna, sem hann hugðist smygla inn á Gaza-strönd.

Öryggisverðirnir, sem eru hliðhollir Mahmoud Abbas Palestínuforseta, gerðu féð upptækt. Fjárskortur Hamas-stjórnarinnar hefur aukið enn á spennu milli hennar og forsetans. - gb

Leitin að Pétri Þorvarðarsyni:

Frestað vegna lélegra skilyrða

LEIT Umfangsmikilli leit að Pétri Þorvarðarsyni sem fara átti fram um helgina með þátttöku björgunarsveita af öllu landinu hefur verið frestað til fimmtudags í næstu viku vegna veðurs og lélegra leitarskilyrða.

Péturs hefur verið leitað árangurslaust á Möðrudalsöræfum alla daga síðan lýst var eftir honum á sunnudag. Björgunarsveitir af Norður- og Austurlandi munu um helgina leita áfram á þeim svæðum sem hægt er að leita á. Leitað verður í nágrenni Grímsstaða á Fjöllum. - sh

Jónína Benediktsdóttir:

Með mál fyrir Hæstarétt

DÓMSMÁL Málflutningur í máli Jónínu Benediktsdóttur gegn Fréttablaðinu og Kára Jónassyni ritstjóra, vegna frétta sem birtust í blaðinu í september í fyrra, fór fram í Hæstarétti í gær.

Í héraðsdómi voru Fréttablaðið og Kári sýknuð af öllum kröfum stefnanda og refsikröfum vísað frá dómi. Þá var kröfu um staðfestingu lögbanns synjað. Málflutningur stóð yfir í þrjá tíma í gær og skipuðu fimm hæstaréttardómarar dóminn; Gunnlaugur Claessen, Markús Sigurbjörnsson, Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Árni Kolbeinsson. Lögmaður Jónínu er Hróbjartur Jónatansson en lögmaður Fréttablaðsins er Jón Magnússon. - aöe

Fuglaflensan heldur áfram að dreifa sér í Evrópu:

Fuglaflensa greinist á Fjóni

FUGLAFLENSA Fuglaflensa hefur fundist í fyrsta sinn í alifuglum í Danmörku, kom fram á fréttasíðu Politiken á fimmtudag. Veira af gerðinni H5 fannst í fuglum frístundabónda á Fjóni, en bóndinn lætur fugla sína ganga úti. Matvælaeftirlitið hefur látið slátra öllum fuglum bóndans og hafa bærinn og næsta nágrenni verið sett í sóttkví. Enn hefur ekki verið gengið úr skugga um að veiran sé af mannskæða afbrigðinu H5N1, en verið er að rannsaka veiruna. Eru Danir uggandi yfir áhrifum þessara frétta á danskan landbúnað. Jafnframt sögðust heilbrigðisyfirvöld í Indónesíu hafa fundið H5N1-veiruafbrigðið í svínum á Súmötru. Hafa yfirvöld þar beðið um alþjóðaaðstoð vegna ástandsins, en þar í landi hafa 32 manns týnt lífi vegna flensunnar.

Undanfarna mánuði hafa farfuglar borið flensuna frá Asíu til minnst tíu landa í Evrópu og Afríku. Minnst 115 manns hafa látist úr flensunni síðan árið 2003, flestir í Asíu, samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. - smk

FUGLAR Fuglasölumaður við störf á fuglamarkaði í Djakarta á Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gasgrill
Outback Trooper EX
3000236
- 48x50 sm grillflötur
- Hitamælir á hlíf
- Auðþrífanlegur lekabakki
- Innbyggð snúningskveikja
- Hraunsteinar
- Vandaður harðviður
- Aðfellanleg hitagrind

Veldu gæði á lægra verði

Reiðhjól, Author A-Matrix 24"
3899972
- 18 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TY-18 afturskipting
- Ál stell
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Ál handbremsur
- Demparar að framan

Reiðhjól, Author Energy 20"
3899970
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TY-18 afturskipting
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Tektro plast/ál handbremsur

Reiðhjól, 12/"16"
3899960+61
- **Bubbi byggir / My Bonnie**
- Hjálpardekk
- Handbremsur
- Fótbremsur
- Keðjuhlíf
- Glitauga
- Böglaberi

Sláttuvél
Texas, 1000W, safnari
5085121

Sláttuvél, Mega
Briggs & Stratton, 3,5 hp, upphækkun, hliðarútkast, 50 sm sláttubreidd
5085241

Sláttuorf
Black & Decker, rafmagn, 300W, 25 sm sláttubreidd
5083655

Sláttuorf 12.985
Texas, bensín, tvígengis, 25 cc, 2 línur
5085592

Gæðin færðu hjá okkur!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.05.2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	71,46	71,8
Sterlingspund	134,02	134,68
Evra	91,15	91,67
Dönsk króna	12,225	12,297
Norsk króna	11,679	11,747
Sænsk króna	9,735	9,793
Japanskt jen	0,6387	0,6425
SDR	106,35	106,99

Gengisvísitala krónunnar
126,3217

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hagnaður lyfsala felst í prósentum af lyfjaverði:

Ekki hvati til að lækka

LYFJAVERÐ „Lyfsalar fá meira í vasann við að selja dýr lyf en ódýr. Það vantar hvata fyrir lyfsala til að selja ódýr lyf þar sem hagnaður lyfsala felst í prósentum af lyfjaverði sem þeir fá niðurgreitt frá ríkinu," segir Einar Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu. Ríkið niðurgreiddi lyf fyrir tæpan 6,1 milljarð í fyrra.

Hér eru engin lögbrot í gangi heldur aðeins fyrirtæki sem eru með hagnað að leiðarljósi að spila eftir settum leikreglum, að sögn Einars.

Eins og kerfið er í dag er verðlagning þannig að hún er stiglækkandi og reynt er að gefa mönnum hærri álagningu fyrir ódýrari lyf til að ýta undir verslun með þau. „Það má deila um hvort það sé gert með nægjanlegum hætti þar sem það er greinilega ekki að skila sér," segir Einar. „Það er spurning hvort það ætti hugsanlega að festa afhendingargjöld í apótekum þannig að þau fái ákveðna upphæð fyrir að afhenda lyf og muni þá fá hlutfallslega meira fyrir að afhenda ódýr lyf heldur en dýr."

Páll Pétursson, formaður lyfjagreiðslunefndar, tekur undir með Einari og segir að vel geti komið til greina að breyta uppbyggingu smásöluálagningakerfis þannig að það verði meira freistandi fyrir smásalann að selja ódýrt en dýrt.

VIÐSKIPTAVINUR AÐ KAUPA LYF Hlutdeild samheitalyfja, sem eru almennt ódýrari en frumlyf, á íslenskum lyfjamarkaði er mjög lágt miðað við nágrannalöndin.

„Menn vita af vandamálinu og stjórnvöld vinna að því að leysa það." - sdg

Danir hugsa stórt:

Tívolí vill reisa hótelturn

DANMÖRK Ef áætlanir forsvarsmanna Tívolís í Kaupmannahöfn ganga eftir geta ferðalangar gist í skemmtigarðinum í framtíðinni. Þrír heimsþekktir arkitektar hafa verið fengnir til að koma með tillögur að útliti háhýsis sem hýsa myndi hótelið.

Yrði byggingin álíka há og turn ráðhússins hinum megin við götuna, samkvæmt frétt Politiken.

Arkitekt borgarinnar segist spenntur fyrir hugmyndinni enda sé borgin að vinna að stefnu varðandi háhýsabyggingar í elstu hverfunum, meðal annars í kringum Ráðhústorgið og Tívolí. - ks

KOMU Í VEG FYRIR RÁN Árvökulir lögreglumenn sáu til innbrotsþjófa í Síðumúlanum í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Innbrot í Síðumúla:

Lögregla hljóp tvo þjófa uppi

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í fyrrinótt eftir að hafa reynt að ræna vörum úr verslun í Síðumúla í Reykjavík en lögreglumenn á vakt urðu varir við ferðir mannanna

Sáu þeir til annars mannsins, sem tók á rás og grunaði lögreglu þá að eitthvað væri á seyði. Náðist maðurinn á hlaupum og félagi hans skömmu síðar og höfðu þeir þá athafnað sig um skeið inni í versluninni. Voru þeir yfirheyrðir og látnir lausir í kjölfarið. - aöe

Kókaínneysla fjórfaldast:

Neytendurnir sífellt yngri

SPÁNN Kókaínneytendum á Spáni hefur fjölgað ört síðustu tíu árin og þeir sem ánetjast efninu eru allt niður í fjórtán ára gamlir.

Hafa heilbrigðis- og skólayfirvöld af þessu miklar áhyggjur en samkvæmt tölum hafa allt að 200 þúsund ungmenni á aldrinum fjórtán til átján ára neytt kókaíns einu sinni eða oftar síðustu tólf mánuði. Sé litið til fullorðinna er meðalaldur þeirra sem sækja meðferð um 28 ár og hafa viðkomandi þá verið í neyslu að meðaltali í rúmlega sjö ár. - aöe

Heimilislífið í rúst

Tólf ára drengur með alvarlegan geðrænan vanda hefur verið á biðlista eftir þjónustu hjá BUGL í tæpt ár. Móðir hans er einstæð með þrjú börn. Hún hefur leitað allra leiða til að fá aðstoð en kemur alls staðar að lokuðum dyrum.

HEILBRIGÐISMÁL „Heimilið okkar er í herkví," segir Svandís Þuríðardóttir, þriggja barna móðir í Reykjavík. Sonur hennar, sem er tólf ára, hefur verið á biðlista eftir þjónustu hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í tæpt ár. Hann er eitt af 98 börnum með geðrænan vanda sem bíða. Sum hafa beðið lengur en hann.

„Drengurinn minn hefur verið greindur með tourette-heilkenni, svo og áráttu- og þráhyggju," heldur Svandís áfram. „Þegar einhver breyting verður á reglubundnu lífi hans, til dæmis í jóla- og páskafríum, vegna fermingar eldri systur hans í apríl eða á próftímabilum, eins og nú stendur yfir, fer heimilislífið í rúst. Ef hann fær ekki sínu framgengt verður sprenging og heimilið er beinlínis undirlagt. Á svona álagstímum geta smæstu atriði orðið að stórmáli."

Pilturinn hefur sofið í herbergi með litlu systur sinni, sem er átta ára, en hennar rúm hefur nú verið flutt inn í stofu.

„Ef hún segir eitthvað sem honum líkar ekki fer hann að hakka hana í sig og leggur hana beinlínis í einelti," segir móðir þeirra og það leynir sér ekki að hún er mjög þreytt og ráðalaus. „Eldri systirin lætur hann heyra það, svo það verður ofboðsleg reiði og heift í henni líka. Svo læðumst við um íbúðina á tánum."

Í fyrrakvöld varð enn ein sprengingin og Svandís hringdi niður á fullorðinsgeðdeild LSH, því um aðstoð frá BUGL er ekki að ræða. Þar fékk hún enga lausn, svo hún hringdi í heimilislækni sem skrifaði upp á geðlyf sem heitir amelín. Svandís er hikandi við að gefa drengnum það, því hann hefur ekki fengið það áður, en hún sér ekki annað í stöðunni en að prófa.

EIN Í BARÁTTUNNI Svandís með tvö yngri börnin sín. Hún er einstæð en á kærasta sem býr ekki hjá henni vegna ástandsins á heimilinu.

Staða drengsins hefur versnað eftir því sem hann eldist. Hann getur ekki tengt orsök og afleiðingu. Hann hefur ekki getað tileinkað sér félagslega hegðun.

„Hann var mjög ógnandi síðasta sumar og ég sá fyrir mér að einn góðan veðurdag myndi hann hlaupa á eftir mér með hníf í hendinni. Hann stjórnar þessu ekki og honum líður mjög illa með þetta. Í eitt skiptið fór hann inn á bað og barði þar allt. Þá endaði hann á slsyadeild, því við héldum að hann væri úlnliðsbrotinn. Í annað skipti stóð hann ógnandi yfir mér. Ég sagði honum að fara inn í herbergi, sem hann gerði og skellti hurðinni. Þá ákvað ég að láta hann ekki hafa tangarhald óttans yfir mér, svo ég fór á eftir honum, reif hann fram úr rúminu og settist ofan á hann. Okkur leið báðum bölvanlega og þá fórum við niður á fullorðinsgeðdeild. Þar hefur mér einungis verið bent á sálfræðing. Ég er ráðþrota. Við erum það öll." - jss

Úthlutunarreglum LÍN breytt:

Kröfum námsmanna mætt

STÚDENTAR Samkomulag hefur náðst um breyttar úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir árið 2006-2007. Samkomulagið var gert á milli stjórnvalda og fulltrúa námsmannahreyfingarinnar í stjórn lánasjóðsins.

ÁSGEIR RUNÓLFSSON

Grunnframfærslan hækkar um tæp sex prósent í samræmi við verðbólgu. Til að ná því var framfærslugrunnurinn hækkaður um 8,6 prósent, þar af húsnæðisliðurinn um 20 prósent. Hlutfall tekjuskerðingar lækkar einnig úr 14 prósentum í 12.

Ásgeir Runólfsson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ, segist ánægður með að gengið hafi verið að kröfum námsmanna en að gera þurfi enn betur. „Námslán eru enn langt undir lágmarkslaunum." - gþg

Vörubílstjórar í Danmörku:

Henda út hlandflöskum

DANMÖRK Plastflöskur og pokar fullir af hlandi verða sífellt algengari við hraðbrautir Danmerkur. Kvartar vegavinnufólk sáran undan þessum sóðaskap, sem rakinn er til vörubílstjóra.

Samkvæmt frétt Politiken í gær finnast allt að tuttugu flöskur á dag við suma vegakafla. Segir vegavinnufólkið ástandið sérstaklega slæmt á góðviðrisdögum því þá sé lyktin af hlandinu sérstaklega sterk. Talið er að tímapressa sé ástæðan fyrir því að bílstjórarnir grípa í auknum mæli til þessa ráðs. - ks

SANDGERÐISBÆR
INNAN SEILINGAR

Tónlistarskóli Sandgerðis

TÓNLEIKUM FRESTAÐ

Fyrirhuguðum afmælistónleikum og skólaslitum Tónlistarskóla Sandgerðis sem vera átti í dag laugardaginn 20 maí er frestað um óákveðinn tíma

Skólastjóri

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HAUSTAR SNEMMA Í ÁR!!!
Manni var nú kennt það í eðlisfræðinni að allt sem fer upp kemur aftur niður. En fyrr má nú aldeilis fyrr vera. Er það nú ekki fullsnemmt að fá hitann svo langt niður að helst minni á veturinn. Mér líst nú bara ekkert á stöðuna fyrir norðanvert landið. Er mér þá hugsað til varpsins hjá fuglunum og vorkomunnar nyrðra. Það lá fyrir áður en núverandi kuldakast skall á að vorið var seinna á ferðinni en oft áður.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI
Norðan strekkingur. Léttskýjað. Hiti 3-6 stig.

um hádegi »



» á morgun



8-15 m/s, hvassast austan til.

» mánudagur



5-15 m/s, hvassast norðaustan til.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	13°C	skýjað-skúr	London	14°C	rigning	Alicante	28°C léttskýjað
Billund	15°C	skúrir	París	27°C	rigning	Mallorca	22°C hálfskýjað
Osló	13°C	rigning	Frankfurt	25°C	rigning	Algarve	26°C léttskýjað
Stokkhólmur	13°C	rigning	Friedrichshafen	20°C	skúrir	Krít	25°C heiðskírt
Gautaborg	13°C	skúrir	Berlín	19°C	hálfskýjað	Las Palmas	22°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Grillum saman

Úr kjötborði
grænmetispinnar

GOTT Á GRILLIÐ

Kryddlegin
hreindýrasteik

GOTT Á GRILLIÐ

Grillpinnar úr kjötborði
svín, lamb, eða naut

GOTT Á GRILLIÐ

Jói FEL

Dijon hunangs sósa

Rósapipar sósa

Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?

TILBOÐ
149 kr/stk
Verð áður 259,-

Doritos Nacho Cheese

TILBOÐ
139 kr/stk
Verð áður 215,-

Pepsi Max 2 ltr.

TILBOÐ
99 kr/stk
Verð áður 169,-

Nóa Sírius súkkulaði

Gildir til 21. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

TEC hjólhýsin
–hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200

Ósvífið að breyta frumvarpi án samráðs við þing, segir formaður Vinstri grænna:

Blómstrandi ráðherraræði

BYGGÐAMÁL „Frumvarp iðnaðarráðherra er á forræði iðnaðarnefndar Alþingis og þess vegna er það með endemum ósvífið að ráðherrarnir séu í hrossakaupum sín á milli um breytingar á byggða- og nýsköpunarfrumvarpinu án vitundar nefndarmanna," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „Sem þingræðissinna rennur mér þetta ráðherraræði til rifja. Þetta lítur æ meira út eins og hér sitji ríkisstjórnarbundið þing."

Með breytingum freistar Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra þess að efla fylgi við frumvarpið. Áform um að tengja byggðamál við tæknirannsóknir og nýsköpun hafa mætt andstöðu í röðum þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON „Sem þingræðissinna rennur mér þetta ráðherraræði til rifja."

„Þessi vinnubrögð eru í stíl við annað sem frá iðnaðarráðherra hefur komið í þessu máli og fleirum í vetur," segir Helgi Hjörvar, Samfylkingunni, en hann á sæti í iðnaðarnefnd. „Hún tilkynnir úti í bæ um breytingar á málum sem eru í meðförum þingnefndar. Þetta er fyrir neðan allar hellur og ég sé ekki hvernig ráðherrann ætti að geta fengið frið um málið nema með því að gefast alveg upp á því að gera nýsköpun og tæknirannsóknir á Íslandi að byggðastefnu Framsóknarflokksins," segir Helgi. - jh

FRÁ FANGABÚÐUNUM VIÐ GUANTANAMO-FLÓA Bandaríkin ættu að loka fangabúðum sínum á Kúbu, segir nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna í skýrslu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hafa staðið sig illa

Bandaríkjamenn standa sig engan veginn í að framfylgja alþjóðlegum samningi gegn pyntingum, að því er segir í nýrri úttekt nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Lögð er áhersla á að pyntingum verði hætt og fangabúðunum á Kúbu lokað.

GENF, AP Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna segir að Bandaríkjamenn eigi að loka fangabúðum sínum við Guantanamo-flóa á Kúbu og ekki nota leynileg fangelsi í stríði sínu gegn hryðjuverkamönnum.

Nefnd gegn pyntingum, sem hefur eftirlit með framkvæmd alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum, sendi í gær frá sér ellefu blaðsíðna skýrslu um frammistöðu Bandaríkjamanna, sem eru aðilar að samningnum.

Nefndin hefur fjölmargt við framferði Bandaríkjamanna að athuga. Meðal annars segir í skýrslunni að Bandaríkin verði að „útrýma" öllum tegundum pyntinga, sem hermenn eða aðrir á vegum Bandaríkjanna beita í Afganistan, Írak og annars staðar þar sem fangelsi eru undir bandarískri stjórn. Bandaríkin verði að kanna til þrautar allar ásakanir um pyntingar og draga þá sem hafa gerst sekir um slíkt fyrir dóm.

Bandaríkin eiga „að hætta að loka fólk inni við Guantanamo-flóa og loka fangabúðunum," segir einnig í skýrslunni. Áhyggjum er meðal annars lýst af því að föngum sé haldið þar í lengri tíma án þess að lagalegt mat liggi fyrir á nauðsyn þess. Einnig verði Bandaríkjamenn að gæta þess að senda ekki neina fanga aftur til landa þar sem þeir eigi á hættu að sæta pyntingum.

Einnig verði bandarísk stjórnvöld að „kanna og upplýsa um tilvist" allra leynilegra fangelsa og hvernig meðferð fangar þar sæta.

Nefndin, sem skipuð er tíu sjálfstæðum sérfræðingum, gerir einnig athugasemdir við ástandið í fangelsum innan Bandaríkjanna, sérstaklega hvað varðar kynferðislegt ofbeldi gagnvart föngum. Einnig þurfi að huga sérstaklega að stöðu kvenna og barna sem sitja í fangelsi.

Mannréttindasamtök víða um heim lýstu í gær ánægju sinni með skýrsluna.

„Skilaboðin frá pyntinganefndinni eru afdráttarlaus um að stefna Bandaríkjanna og framkvæmd hennar jafnt heima fyrir sem erlendis brýtur þær grundvallarreglur sem banna pyntingar og misþyrmingar," sagði til dæmis Jamil Dakwar frá bandarísku samtökunum American Civil Liberties Union.

gudsteinn@frettabladid.is

Samtök í miðborginni mótmæla nýrri samgöngustefnu Reykjavíkurborgar:

Segja veist að miðborginni

SAMGÖNGUMÁL Laugavegssamtökin og Þróunarfélag miðborgarinnar hafa sent frá sér yfirlýsingar þar sem fyrirætlunum borgarstjórnar um að fækka bílastæðum í miðborginni er mótmælt harðlega.

Í nýrri samgöngustefnu borgarinnar er vitnað í þróunaráætlun frá árinu 1999 þar sem segir að „fækka skuli bílastæðum í göturými í miðborginni". Í ályktun sinni segist stjórn Laugavegssamtakanna „furða sig á því, að nú þegar miðborgin er að ná sér eftir áralanga lægð, skuli borgaryfirvöld veitast að henni með þessum hætti". Samtökin segja einkabílinn vera ferðamáta Íslendinga og að nær væri að fjölga stæðum en fækka þeim ef styrkja eigi miðborgina.

Árni Þór Sigurðsson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkur, segir í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær að stefnan sé byggð á Þróunaráætlun miðborgar sem hagsmunaaðilar í miðborginni hafi meðal annarra átt þátt í að móta. Hvergi í stefnunni sé það markmið sett fram að fækka bílastæðum í miðborginni, einungis að þau fari í vaxandi mæli í bílastæðahús.

BÍLASTÆÐI Fækka á bílastæðum á götum miðborgarinnar samkvæmt stefnu borgarstjórnar.

Þróunarfélag miðborgarinnar segir samþykktina aðför að rekstri í miðborginni. Það fagnar því að fjölga eigi bílastæðum í bílastæðahúsum, en segir það ekki mega verða til þess að öðrum stæðum sé fækkað. Félagið telur þá mynd sem dregin er upp af borgarstjórn, að án bílastæða verði miðborgin iðandi af mannlífi, ekki raunhæfa. - sh

2 fyrir 1 TILBOÐ



Krít 22. maí 29.950 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 22. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Skala**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Benidorm 24. maí 29.770 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 24. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Halley**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira 23. maí 29.990 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 23. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Mirachoro**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Mallorca 23. maí 29.980 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 23. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Pil Lari Playa**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

VISA · Færð þú MasterCard ferðaávísun? · EFLING

plús FERÐIR

Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið

www.plusferdir.is

Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100

www.toyota.is

Sumarfagnaður Toyota

Nú fögnum við sumrinu. Í dag milli 11 og 16 er öllum Toyotaeigendum boðið í heimsókn til okkar á Nýbýlaveginn - þar sem nóg verður um að vera:

- **Ókeypis sumarþvottur á Toyotabílum**
- **Sumargjafir fyrir börn og fullorðna**
- **Grillaðar kræsingar og ískalt gos**
- **Hoppkastalar fyrir yngri kynslóðina**

Komið og fagnið sumrinu með okkur á laugardaginn og akið í burtu á skínandi hreinum bílum.

Opið:
Í dag kl. 11.00 - 16.00

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Nýskr 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

Grænn framtíð!
Við Vinstri-grænn viljum að Reykjavík verði til fyrirmyndar á sviði umhverfismála. Við viljum flétta umhverfissjónarmið inn í allar ákvarðanir. Stunda nútímaleg vinnubrögð við sorpflokkun og gera það eftirsóknarvert að ferðast með strætó og nota hjólið.
Forgangsröðum í þágu náttúru og umhverfis
Kjósum Vinstri-grænn
VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð
Svandís Svavarsdóttir 1. sæti í Reykjavík

Framleiðsla vegabréfa með lífkennum hefst 23. maí:

Gömlu vegabréfin halda gildi sínu

STJÓRNSÝSLA Framleiðsla nýrrar gerðar vegabréfa hefst 23. maí. Í nýju vegabréfunum verður rafrænt lífkenni á örflögu sem hefur að geyma mynd af handhafanum.

Að sögn Jóhanns Jóhannssonar, sérfræðings hjá dómsmálaráðuneytinu, er ekki þörf á því að hlaupa til og endurnýja vegabréfið þá þegar, þar sem núgildandi vegabréf haldi gildi sínu að fullu og verði ekki innkölluð.

Þrátt fyrir að kostnaður við framleiðslu nýju vegabréfanna sé mun meiri en þeirra gömlu er ekki ráðgert að hækka verð þeirra til handhafa. Til lengri tíma litið verða vegabréf fullorðinna þó í reynd tvöfalt dýrari þar sem gildistími þeirra verður einungis fimm ár í stað tíu áður.

Með tilkomu nýju vegabréfanna verður ekki hægt að sækja um vegabréf erlendis nema í fimm sendiráðum; í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Englandi og Bandaríkjunum. Jóhann vill því benda á að skynsamlegt gæti verið fyrir fólk búsett erlendis, í öðrum löndum en þessum fimm, að endurnýja vegabréf sitt eigi það leið til Íslands og stutt sé eftir af gildistíma bréfsins. - sh

FARÞEGAR VIÐ LEIFSSTÖÐ Gömlu vegabréfin verða ekki innkölluð.

HÖFUÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR Í VATNSMÝRINNI. Um 400 Íslendingar fá hjartaáfall á hverju ári en það er svipað og á öðrum Vesturlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk erfðagreining hefur lokaprófanir á hjartalyfi:

Prófanir gerðar á hjartasjúklingum

LYFJAMÁL Íslensk erfðagreining hefur nú hafið lokaprófanir á nýju hjartalyfi sem nefnist DG031 og er fyrsti sjúklingurinn byrjaður að taka lyfið. Prófanir verða gerðar á um 3.400 hjartasjúklingum í Bandaríkjunum en óvíst er hvenær þeim líkur.

Sérstaða Íslenskrar erfðagreiningar felst í erfðarannsóknum við þróun lyfja. „Þetta er mikilvægt skref, bæði fyrir okkur og fyrir lyfjaiðnaðinn almennt, því þetta er í fyrsta sinn sem þekking á líffræðilegum orsökum algengs sjúkdóms sem fengist hefur með erfðarannsóknum skilar nýju lyfi í síðasta fasa lyfjaprófana," segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa fundið erfðabreytileika sem eykur hættu á hjartaáföllum en prófanir verða einkum á svörtum hjartasjúklingum sem hafa þennan breytileika.

Um 400 Íslendingar fá hjartaáfall á hverju ári en það er svipað hlutfall og á öðrum Vesturlöndum. Í iðnvæddum ríkjum eru hjartaáföll algengasta dánarorsökin en um helmingur karlmanna fær hjartaáfall áður en yfir lýkur. - gþg

KÁRI STEFÁNSSON Þetta er mikilvægt skref fyrir lyfjaiðnaðinn almennt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirtæki og stofnun ársins:

Danól og Sensa fyrirtæki ársins

ATVINNA Daníel Ólafsson ehf. og Sensa ehf. eru fyrirtæki ársins og Skattrannsóknarstjóri ríkisins stofnun ársins. Þetta er niðurstaða könnunar VR og SFR sem kynnt var á Nordica hóteli í gær.

Rúmlega tíu þúsund starfsmenn hjá 1900 fyrirtækjum tóku þátt í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2006, sem er metþátttaka. Danól varð hlutskarpast í flokki stærri fyrirtækja og Sensa í flokki þeirra minni.

Félagsmenn SFR tóku í fyrsta sinn þátt í könnuninni og endaði Skattrannsóknarstjóri í efsta sæti. Um 3000 starfsmenn nærri 300 stofnana tóku þátt. - sh

Húsavík



Könnun Þekkingarseturs Þingeyinga og héraðsfréttablaðsins Skarps á Húsavík

Fylgi flokkanna á Húsavík:

Meirihlutinn kolfallinn

KÖNNUN Meirihluti vinstrimanna á Húsavík mun falla í komandi sveitarstjórnarkosningum samkvæmt skoðanakönnun Þekkingarseturs Þingeyinga og héraðsfréttablaðsins Skarps á Húsavík. Minnihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks fær samkvæmt könnuninni sex af níu bæjarfulltrúum en núverandi meirihluti einungis þrjá.

Könnunin var gerð með póstkosningu í síðustu viku. Úrtakið var liðlega 400 manns og svarhlutfallið 46 prósent. Tæplega þriðjungur kjósenda gaf ekki upp afstöðu sína. - kk

BJÖRGUM BORGINNI
„UNGIR SJALFSTÆÐISMENN TELJA OPINBERA STYRKI TIL MENNTAMÁLA EKKI EIGA RÉTT Á SÉR OG VILJA AFNEMA ÞÁ MEÐ ÖLLU."*
*ORÐRÉTT ÚR NÝSAMÞYKKTRI STEFNU UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA
X-S UNGT SAMFYLKINGARFÓLK

Það besta fyrir Kópavog

XD

Kópavogur hefur vaxið og dafnað undir forystu sjálfstæðismanna. Traust stjórn bæjarins hefur tryggt góðan árangur og framúrskarandi þjónustu við íbúana.

Kópavogur er leiðandi í málefnum íþrótta- og æskulýðsmála og er einn öflugasti menningarbær landsins. Metnaðarfull stefnuskrá okkar boðar áframhaldandi sókn með málefni fjölskyldunnar og eldri borgara í öndvegi.

Sjálfstæðismenn láta verkin tala og hafa tryggt að gott sé að búa í Kópavogi. Stuðningur þinn við Sjálfstæðisflokkinn tryggir að svo verði áfram því við sjálfstæðismenn viljum það besta fyrir Kópavog.

xdkop.is



TELPA HVÍLIST Þessi litla telpa beið þæg og róleg eftir að faðir hennar kláraði hádegisverð sinn í tehúsi í Kabúl í Afganistan fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SKAGAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið Skagafjörður varð til árið 1998 með sameiningu ellefu sveitarfélaga í Skagafjarðarsýslu. Íbúafjöldinn 1. desember í fyrra var 4.110 en þar af búa flestir á Sauðárkróki. Bæjarstjórn er skipuð níu fulltrúum.

ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002
Fjöldi íbúa á kjörskrá: 2.982
Fjöldi greiddra atkvæða: 2.529 (84,8%)
Fjöldi auðra og ógildra seðla: 69
Listi Framsóknarflokksins (B)
729 atkvæði - 3 fulltrúa.
Listi Sjálfstæðisflokksins (D)
865 atkvæði - 3 fulltrúa.
Listi Vinstrihreyfingarinnar - grens framboðs (U)
503 atkvæði - 2 fulltrúa.
Skagafjarðarlistinn (S)
225 atkvæði - 1 fulltrúa.
Listi Frjálslyndra og óháðra (F)
138 atkvæði – Engan fulltrúa

Meirihlutasamstarf er með Sjálfstæðisflokki og Vinstrihreyfingunni grænu framboði.

Bæjarfulltrúar B-listans:
Gunnar Bragi Sveinsson
Þórdís Friðbjörnsdóttir
Einar E. Einarsson

Bæjarfulltrúar D-listans:
Gísli Gunnarsson
Bjarni Maronsson
Katrín María Andrésdóttir

Bæjarfulltrúar U-listans:
Ársæll Guðmundsson
Bjarni Jónsson

Bæjarfulltrúi S-listans:
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir

KOSNINGAR 2006
Fjöldi íbúa á kjörskrá: 2.952
Efstu menn B-listans:
1. Gunnar Bragi Sveinsson sveitarstj.fulltrúi
2. Þórdís Friðbjörnsdóttir sveitarstj.fulltrúi
3. Einar E. Einarsson sveitarstjórnarfulltrúi
4. Sigurður Árnason skrifstofumaður
5. Íris Baldvinsdóttir þroskaþjálfi

Efstu menn D-listans:
1. Bjarni Egilsson bóndi
2. Páll Dagbjartsson skólastjóri
3. Katrín M. Andrésdóttir sveitarstj.fulltrúi
4. Sigríður Björnsdóttir dýralæknir
5. Gísli Sigurðsson framkvæmdastjóri

Efstu menn F-listans:
1. Pálmi Sighvats forstöðumaður
2. Sigurjón Þórðarson alþingismaður
3. Marian Sorinel Lazar tónlistarkennari
4. Anna Guðbrandsdóttir heilbrigðisstarfsmaður
5. Hanna Þrúður Þórðardóttir framkvæmdastjóri

Efstu menn S-listans:
1. Gréta S. Guðmundsd. sveitarstj.fulltrúi
2. Vanda Sigurgeirsdóttir lektor
3. Guðrún Helgadóttir háskólakennari
4. Viggó Jón Einarsson útgerðarmaður
5. Sólveig Olga Sigurðardóttir skipulagsráðgjafi

Efstu menn V-listans:
1. Bjarni Jónsson fiskifræðingur
2. Gísli Árnason framhaldsskólakennari
3. Sigurlaug Kr. Konráðsdóttir kennari
4. Svanhildur Harpa Kristinsdóttir stuðningsfulltrúi
5. Valgerður Inga Kjartansdóttir bóndi

Verðandi forstjóri CIA:

Segir hleranir vera löglegar

WASHINGTON, AP Allt bendir enn til þess að Michael Hayden taki við yfirmennsku bandarísku leyniþjónustunnar CIA þegar Porter Goss lætur af embætti 26. maí næstkomandi. Hayden sat fyrir svörum í gær hjá öldungadeild Bandaríkjaþings, sem þarf að staðfesta tilnefningu hans í embættið. Þingmennirnir spurðu hann ítrekað út í umdeildar hleranir sem hann hafði haft umsjón með þegar hann var yfirmaður bandaríska Þjóðaröryggisráðsins.

MICHAEL HAYDEN

Hayden reyndi þó að beina athyglinni meira að framtíðarverkefnum CIA og sagði óþarfi að velta sér sífellt upp úr fortíðarmistökum. - gb

MIÐ-AMERÍKA

Landamæragirðing gagnrýnd
Utanríkisráðherrar landa Mið-Ameríku gagnrýndu á fundi þeirra á fimmtudag harðlega ákvörðun Bandaríkjaþings um að reisa 600 kílómetra langa girðingu á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna til að stemma stigu við straumi ólöglegra innflytjenda til Bandaríkjanna. Ráðherrar Mexíkó, Gvatemala, Hondúras, Níkaragva og Kostaríka sögðu girðingu ekki leysa vandann.

Gróska í pólitíkinni í Skagafirði:

Íbúarnir ánægðir

KOSNINGAR Fimm flokkar bjóða fram í sveitarfélaginu Skagafirði: Framsóknarflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og Vinstrihreyfingin - grænt framboð. Sömu listar buðu fram í kosningunum fyrir fjórum árum nema hvað S-listinn bauð þá fram í nafni Skagafjarðarlistans en ekki Samfylkingarinnar.

Íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað nokkuð frá því Sveitarfélagið Skagafjörður varð til við sameiningu ellefu sveitarfélaga árið 1998 en þeim hefur þó ekki fækkað jafnmikið og víða um land. Íbúafjöldinn var 4.194 við sameininguna en 1. desember í fyrra var íbúafjöldinn 4.110. Þar af búa langflestir á Sauðárkróki.

Afkoma sveitarfélagsins, A og B hluti, var neikvæð í fyrra og var tæplega 130 milljóna króna halli á rekstrinum. Skuldir sveitarfélagsins eru umtalsverðar og hefur skuldastaðan sett mark sitt á framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins á undanförnum árum. Engu að síður eru íbúarnir ánægðir með sitt heimahérað og í nýlegri könnun IMG Gallup, sem unnin var fyrir sveitarfélagið, kom í ljós að níu af hverjum tíu Skagfirðingum voru ánægðir með að búa í Skagafirði.

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR Skagafjörður 2006

Fasteignaverð hefur farið nokkuð hækkandi að undanförnu, sérstaklega á Sauðárkróki, og sveitarfélagið seldi félagslegar eignir fyrir um 250 milljónir króna á yfirstandandi kjörtímabili. - kk

Bjarni Egilsson D-lista:

Ábyrg fjármál og íbúafjölgun

Bjarni Egilsson bóndi leiðir lista Sjálfstæðisflokksins en hann var í fimmta sæti D-listans í kosningunum fyrir fjórum árum. Hann segir ábyrga fjármálastjórn höfuðmarkmið sjálfstæðismanna. „Á þessu kjörtímabili hafa menn lagt sig fram um að ná betri tökum á fjármálastjórninni. Skuldir hafa lækkað og handbært fé aukist. Við leggjum áherslu á atvinnumálin með það að markmiði að auka fjölbreytni, hækka launastigið og fjölga íbúum." Málefni leik- og grunnskóla eru einnig á meðal forgangsverkefna hjá sjálfstæðismönnum. „Það felur í sér mikið hagræði að ljúka uppbyggingu Árskóla og byggja við leikskólann Furukot. Viðhald á Hofsósi, og viðbrögð vegna fjölgunar íbúa á Hólum, eru líka í forgangi hjá okkur. Við leggjum áherslu á forvarnir og ætlum að finna lausnir á tómstundamálum unglinga og eldri borgara," segir Bjarni.

Bjarni Jónsson V-lista:

Of mikil áhersla á álver og virkjun

Bjarni Jónsson fiskifræðingur leiðir lista VG en hann skipaði annað sæti listans síðast. Hann segir stjórn og rekstur sveitarfélagsins hafa batnað til muna á kjörtímabilinu. „Framkvæmt hefur verið fyrir um 700 milljónir króna og þjónusta við íbúana aukin og bætt."

Bjarni segir baráttu fyrir virkjun og álveri hafa tekið of mikið rými í starfi Samfylkingar, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. „Það hefur dregið úr slagkrafti okkar varðandi uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs og fjölskylduvæns samfélags í Skagafirði."

Vinstri grænn leggja áherslu á að styrkja byggð um allt hérað. „Við viljum halda áfram að byggja Skagafjörð upp sem öfluga miðstöð mennta, rannsókna og nýsköpunar. Kynna þarf héraðið með markvissum hætti og laða að fleiri fyrirtæki og íbúa. Við höfum hreinar línur og það er hægt að treysta því sem við segjum," segir Bjarni.

Gréta S. Guðmundsdóttir S-lista:

Brýnast að efla atvinnulífið

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri leiðir lista Samfylkingarinnar en hún skipaði annað sæti Skagafjarðarlistans í síðustu kosningum og kom inn í sveitarstjórn fyrir tveimur árum. Hún segir Samfylkinguna leggja fram lista skipaðan kraftmiklum einstaklingum sem leggja áherslu á að koma á samvinnu og samstarfi innan sveitarstjórnar. „Efling atvinnulífsins er tvímælalaust það sem brýnast er að fara í. Samvinna og samstarf sveitarstjórnar við atvinnulífið, stofnanir og stjórnvöld er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp öflugra atvinnulíf og þar með auka tekjur sveitarsjóðs." Velferð fjölskyldnanna eru einnig ofarlega á blaði hjá Samfylkingunni. „Taka þarf á húsnæðismálum grunn- og leikskóla og gera þarf gangskör í umhverfismálum en þau hafa ekki verið í forgangi undanfarin ár," segir Gréta.

Gunnar B. Sveinsson B-lista:

Áhersla á atvinnu- og skólamál

Gunnar Bragi Sveinsson sveitarstjórnarfulltrúi er efstur á lista Framsóknarflokksins. Hann segir breytinga þörf í sveitarfélaginu; stjórna verði af ábyrgð og hlusta á íbúa og starfsfólk sveitarfélagins. „Taka þarf verulega á í atvinnumálum, fjölga störfum, gera þau fjölbreyttari og koma á samkeppni um vinnuafl. Öflugt atvinnulíf er lykillinn að því að geta farið í framkvæmdir sem ekki mega bíða lengur."

Gunnar segir framsóknarmenn ætla að lækka leikskólagjöld og koma öllu grunnskólastarfi á einn stað. „Við viljum byggja við Árskóla og stækka leikskólann Furukot. Allt kostar þetta mikla peninga en ef við ætlum að snúa frá fólksfækkun þá verðum við að standast samkeppnina um fólkið," segir Gunnar.

Pálmi Sighvats F-lista:

Við ætlum að afla meira en eytt er

Pálmi Sighvats forstöðumaður skipar efsta sæti á lista Frjálslynda flokksins. Hann segir baráttumál F-listans fyrst og síðast snúast um atvinnumál og ábyrgð og framsýni í fjármálum. „Við leggjum áherslu á að nýta stór og smá tækifæri í ferðaþjónustu. Hagnýta hestinn í þágu byggðarlagsins og þau landgæði og náttúruauðlindir sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða. Handfæraveiðar viljum við gefa frjálsar í Skagafirði en það myndi gera lífið skemmtilegra og bæta hag héraðsins."

Pálmi segir F-listann slá fyrirvara vegna kosningaloforða hinna listanna. „Þrátt fyrir bágan fjárhag hafa framboðin boðað óheft eyðslufylleri og yfirtrompa hvert annað með ævintýralegum hugmyndum um stórauknar framkvæmdir. F-listinn ætlar að afla meira en eytt er," segir Pálmi.

HREYFI|GREINING
Fagleg heilsurækt
Frábær aðstaða
Frábær lífsstíls námskeið
Frábær staðsetning
Árangur, ánægja og línurnar í lag
Líkamsrækt og sjúkraþjálfun
Hreyfigreining Höfðabakka býður frábæra aðstöðu til líkamsræktar og sjúkraþjálfunar. Öll þjálfun er unnin af fagfólki. Góð aðstaða í heilsurækt og fagmenntaðir einkaþjálfarar.
Opnir tímar hjá Gigju Þórðar, kl. 6:30, mán., mið. og fös.
Fyrsti tíminn hefst. 24. maí.
Tilboð Sumarkort
kr. 9.900
til 01. júní 2006

HREYFI|GREINING HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

VÍSIR VEF TV
NFS Í BEINNI Á VISIR.IS
35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.
Auglýsingasími 550 5000.
NFS

Fyrirtæki til fyrirmyndar

Merki um góðan vinnustað.

Tæplega 11.000 starfsmenn tóku þátt í könnuninni um Fyrirtæki ársins. Alls hlutu 40 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki 2006.** Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn! Finndu þinn vinnustað og niðurstöðurnar í heild á WWW.VR.IS

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

1. Daníel Ólafsson
2. Hönnun
3. Applicon
4. Fjarhitun
5. Hugur
6. Össur
7. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen
8. Línuhönnun
9. Bifreiðar og landbúnaðarvélar
10. Securitas
11. Halldór Jónsson
12. PricewaterhouseCoopers
13. Deloitte
14. Maritech
15. Fosshótel
16. P. Samúelsson (Toyota)
17. Háskólinn í Reykjavík
18. Vistor
19. Nordex (verslunin Next)
20. ISS Ísland

Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

1. Sensa
2. Heilsa
3. Hagvangur
4. Himnesk hollusta
5. Birtingahúsið
6. Globus
7. Sameinaði lífeyrissjóðurinn
8. Rolf Johansen & Co
9. JKE Design
10. Sumarferðir
11. Árdegi (Noa Noa)
12. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
13. Föt og skór
14. Íslenska umboðssalan
15. Batteríið, arkitektar
16. Hvíta húsið
17. Teymi
18. Ferðaþjónusta bænda
19. Mekka Wines & Spirits
20. Innn

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 5.575 **-0,48%** **Fjöldi viðskipta:** 328 **Velta:** 24.849 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Kögun	0,67%	Tryggingam.	2,26%
FL Group	0,55%	Atorka	1,93%
Dagsbrún	0,18%	Straum.-Bur.	1,19%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 66,90 -0,15% ... Alfesca 3,61 -1,10%... Atorka 5,60 -1,93% ... Bakkavör 49,00 -1,01% ... Dagsbrún 5,51 +0,18% ... FL Group 18,30 +0,55% ... Flaga 3,92 -1,01% ... Glitnir 16,90 +0,00% ... KB banki 758,00 -0,53% ... Kögun 75,00 +0,67% ... Landsbankinn 21,90 +0,00% ... Marel 70,10 +0,14% ... Mosaic Fashions 16,80 -1,18% ... Straumur-Burðarás 16,60 -1,19% ... Össur 105,50 -0,94%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Milljarðar gufuðu upp

Hlutabréf á erlendum mörkuðum hafa fallið hratt í verði á undanförnum dögum og gríðarleg verðmæti gufað upp á augabragði. Á fimmtudaginn lækkaði norska hlutabréfavísitalan um hvorki meira né minna en fimm prósent og er talið að markaðsvirði félaga í Kauphöllinni í Osló hafi lækkað samtals um eitt þúsund milljarða, sem nemur landsframleiðslu Íslands. Sveiflurnar á norska hlutabréfamarkaðnum eru mun meiri en annars staðar á Norðurlöndum, að Íslandi kannski undanskildu, sem stafar annars vegar af miklum skammtímahækkunum og því að markaðurinn er háður olíuverði, sem hefur verið að gefa eftir. Sérfræðingar álíta að leiðréttingin á norrænum hlutabréfamörkuðum sé ef til vill ekki yfirstaðin en til lengri tíma eru klárlega kauptækifæri í hlutabréfum.

Spectator í viðskiptin

Mikil eftirspurn er eftir viðskiptafréttum og svara fjölmiðlar henni með aukinni umfjöllun. Nú hefur hið hárbeitta breska vikurit Spectator sótt inn á ný mið og hafið viðskiptaumfjöllun til viðbótar við aðra umræðu. Browne lávarður, stjórnarformaður BP og einn virtasti kaupsýslumaður Bretlands, er fyrsti viðmælandi „nýja" Spectator en á ellefu ára valdatíð hans hefur markaðsvirði BP nærri sjöfaldast. Lávarðurinn leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og eðlilegt samspil þeirra og samfélagsins og segir að með réttum ákvörðunum megi ávallt tryggja hag hluthafanna. Hann bætir við: „Stundum verður maður að gera það sem skilar sér ekki endilega til baka á næsta fjórðungi. Við erum í viðskiptum til að leysa verkefni yfir lengra tímabil."

MARKAÐSPUNKTAR...

Hagnaður Icelandic Group á fyrsta ársfjórðungi 2006, fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA), nam 894 milljónum króna, sem jafngildir 10,4 milljónum evra.

Tap Spalar ehf. eftir skatta fyrir tímabilið 1. október 2005 til 31. mars 2006 nam 81 milljón króna en tap á tímabilinu 1. október 2004 til 31. mars 2005 nam 188 milljónum króna.

Færeyska olíufélagið Atlantic Petroleum tapaði 2,3 milljónum danskra króna, 28 milljónum íslenskra króna, á fyrsta fjórðungi ársins 2006. Í fyrra nam tap sama tímabils 46,6 milljónum danskra króna.

Slóvenar í evruna

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hafnaði á þriðjudag aðild Litháa að myntbandalagi Evrópu. Á hinn bóginn samþykkti stjórnin umsókn stjórnvalda í Slóveníu að myntbandalaginu og eru líkur á að Slóvenar verði fyrstir til að taka upp evruna sem gjaldmiðil á eftir þeim tólf löndum sem hófu notkun hennar árið 2002.

Eina ástæðan fyrir því að umsókn Litháa var hafnað er há verðbólga, sem var yfir verðbólgumarkmiðum ESB á síðasta ári. Búist er við að hún muni aukast eftir því sem líður á árið, að sögn Joaquins Almunias, sem fer með efnahags- og peningamál í framkvæmdastjórn ESB.

Verðbólga í Litháen mældist 2,7 prósent á síðasta ári, sem er 0,1 prósenti yfir verðbólgumarkmiði ESB.

Slóvenía er á góðri leið með að ganga í myntbandalag ESB en fjármálaráðherrar sambandsins eiga þó enn eftir að samþykkja umsóknina. Almunia sagði Slóvena verða að hefja undirbúningsvinnu áður en til upptöku evrunnar kemur til að tryggja að breytingin gangi skammlaust fyrir sig. Meðal annars verði þeir að koma í veg fyrir óeðlilegar verðhækkanir í landinu, að hans sögn. **- jab**

VÖRUR Á EVRUSVÆÐINU Framkvæmdastjórn ESB samþykkti umsókn Slóvena að myntbandalagi Evrópu.

FL Group vill kaupa stærri hlut í Glitni banka

Skráning Icelandair Group gæti dregist fram á haust vegna markaðsaðstæðna. Stefnt er að því að tvö- til þrefalda Refresco á næstu átján mánuðum.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir núverandi markaðsaðstæður geta klárlega haft áhrif á áætlanir félagsins um að skrásetja hlutabréf Icelandair Group í Kauphöll Íslands og til greina komi að fresta skráningu fram til hausts vegna þess óróa sem hafi gætt á íslenskum fjármálamarkaði á vordögum. Ákvörðun liggi fljótlega fyrir, en reiknað var með því að Icelandair yrði skráð í júní. „Við ráðum ekkert ferðinni. Annað hvort er glugginn opinn eða lokaður."

Skotið hefur verið á að markaðsvirði Icelandair geti legið einhvers staðar á bilinu 25-30 milljarðar króna, sem er langt undir bókfærðu virði.

Hlutabréfaeign FL Group var 120 milljarðar króna hinn 17. maí. Langstærsti hlutinn, um 49 milljarðar, liggur í tæplega tuttugu prósenta hlut í Glitni banka. Hannes segir að það sé ekkert launungarmál að FL Group ætli sér stærri hluti í Glitni, en félagið hefur verið ötult að kaupa bréf í bankanum að undanförnu. Á öðrum ársfjórðungi hefur FL Group fest kaup á 3,7 prósenta hlut í Glitni og er nærststærsti eigandinn á eftir Milestone.

Á dögunum gekk FL Group frá kaupum á tæplega helmingshlut í hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco, sem er næststærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu, fyrir fimm milljarða króna. Hannes er vongóður um að nýjum eigendum takist að tvö- til þrefalda Refresco á næstu 12-18 mánuðum og munu fréttir koma frá félaginu á þessu ári.

Hagnaður FL Group á fyrsta ársfjórðungi, sem nam rúmum 5,8 milljörðum króna, var borinn uppi af fjárfestingartekjum. Afkoma norræna lággjaldaflugfélagsins Sterling var neikvæð um 1.841 milljón en tap Icelandair Group var öllu minna. Hafa ber í huga að rekstur Sterling er bæði sveiflukenndari og árstíðabundnari en Icelandair. Þriðji ársfjórðungur er lykilmánuður í rekstri lággjaldaflugfélagsins og gefur bókanastaða fyrir sumarið og hækkandi miðaverð tilefni til bjartsýni, þrátt fyrir að hátt olíuverð, skopmyndamálið og fuglaflensa setji strik í reikninginn. **eggert@frettabladid.is**

STJÓRNENDUR FL GROUP VILJA AUKA VIÐ FIMMTUNGSHLUT SINN Í GLITNI Hannes Smárason segir að á næstu vikum komi í ljós hvenær Icelandair Group verði skráð á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svartsýnir á dalinn

Mikill meirihluti 204 sjóðsstjóra alþjóðlegra verðbréfasjóða spáir áframhaldandi falli Bandaríkjadals í mánaðarlegri könnun sem Merrill Lynch gerði.

Þrátt fyrir að dalurinn hafi veikst nokkuð undanförnu spá tveir þriðju hlutar aðspurðra að hann veikist mest af stærstu gjaldmiðlum heims á næstu tólf mánuðum og hefur þetta hlutfall ekki verið hærra í fimm ár. Aðeins tíu prósent aðspurðra telja að dalurinn muni styrkjast mest.

Heildareignir þessara 204 sjóða nema 42.000 milljörðum króna og er ljóst að margir þessara sjóðsstjóra ætla að draga úr ásókn sinni í eignir í dölum. **- eþa**

Húsnæði hækkar enn

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,1 prósent á milli mars og apríl. Verð á fjölbýli hækkaði um 0,7 prósent en verð á sérbýli hækkaði um 2,5 prósent á milli mánaða.

Greiningardeild Glitnis banka segir að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað geysilega frá því bankarnir hófu innreið sína á íbúðalánamarkað, um 54 prósent frá því í ágúst 2004. Þó hafi dregið úr verðhækkunum íbúða á síðustu mánuðum þótt enn sé veruleg hækkun á markaðinum.

Verð á fjölbýli hefur hækkað um 16 prósent en sérbýli um 22 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum, að sögn bankans, sem telur ólíklegt að framhald verði á þessari þróun. Ástæðan er m.a. sú að fram undan er mikið framboð íbúða enda hefur byggingarstarfsemi verið verulega arðsöm á síðustu misserum.

Þá býst bankinn við að draga muni úr eftirspurn íbúða vegna hærri vaxta á íbúðalánum og minna aðgengi að fjármagni en áður.

Þá er búist við að kaupmáttur almennings skerðist þessa dagana vegna vaxandi verðbólgu og er búist við að það muni halda áfram á næstu mánuðum. **- jab**

STEFNA VINSTRI GRÆNNA
SAMFÉLAG Í REYKJAVÍK

- Fjölbreytt mannlíf getur af sér kraftmikið samfélag
- Reykjavík taki frumkvæði í málefnum innflytjenda
- Innflytjendur fái notið menntunar sinnar, þekkingar og reynslu
- Íslenskukennsla án endurgjalds standi innflytjendum til boða
- Fólk í húsnæðiserfiðleikum eigi kost á öruggu húsnæði
- Hjúkrunarrýmum fjölgað til að mæta brýnni þörf
- Opinberar upplýsingar verði aðgengilegar blindum og sjónskertum
- Viðburðir á vegum borgarinnar verði túlkaðir á táknmál
- Vel skipulagðar forvarnir – Góð lýðheilsa
- Borgin taki frumkvæði í að leysa vanda geðsjúkra barna og ungmenna
- Virkjum reynsluna – Öldungaráð í hverju hverfi
- Samstarf ríkis og sveitarfélaga verði leyst úr viðjum flokkspólitískra hagsmuna – Við eigum það skilið.

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Vígsla á miðbæjartorgi

Torgið tengir saman austur- og vesturbæ Kópavogs yfir Kópavogsgjána

í dag

Dagskrá:

13:30 **Skólahljómsveit Kópavogs** - Stjórnandi Össur Geirsson
Setning og torgið opnað - Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri
Kársneskórinn syngur - stjórnandi Þórunn Björnsdóttir
Úrslit í nafnasamkeppni á torginu - Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi
Herra Sigurbjörn Einarsson biskup blessar torgið
Strengjasveit Tónlistarskóla Kópavogs - stjórnandi Unnur Pálsdóttur
Töframaðurinn Ingó sýnir listir sínar

14:30 **Tónleikar ungra tónlistarmanna frá Kópavogi**
The Weebls frá félagsmiðstöðinni Þebu
Magnum frá félagsmiðstöðinni Ekkó
Nemej hópurinn frá félagsmiðstöðinni Jemen

Leiktæki á staðnum



Boðið verður upp á candyfloss og gos

MIXA • fít • 60271

Arkitektastofa Benjamíns Magnússonar ehf.
Hamraborg 10, 200 Kópavogur - Sími 564 2404 - Netf.: benjamin@benjamin.is

BJÖSSI ehf JARÐVINNSLUFYRIRTÆKI

Landsbankinn

RÍS ehf

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

FRÁBÆR

á öllu fyrir pallinn í BYKO

Vnr.41616003
Garðborð
Sexhyrnt garðborð,
1500x30 mm, Iron Wood viður.
23.900

Vnr.41616019
Snúningsdiskur
Snúningsdiskur úr tré,
760 mm, Iron Wood viður.
5.990

7.990

Vnr.41616001
Garðborð
Átthyrnt garðborð,
1770x30 mm, Iron Wood viður.
28.900

Vnr.41616010
Garðstóll
Garðstóll með
stillanlegu baki,
Iron Wood viður.

Vnr.50632104
Gashitari
MR. HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hæð 76 cm, hattur 48 cm. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki.
9.999

Vnr.50632103
Gasgrill
ELEGANT UNION gasgrill, 3 brennarar, pottjárn í steikargrind. Grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir og efri grind.

27.900

Vnr.50706891
Gashitari
Gashitari, 13 kw, hæð 240 cm, hattur 80 cm, grænn. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki.
18.900

Vnr.0291412
Girðingaeiningar
SALVIA ESPALE
1800x1800 mm.
9.390

Gashyllki
Nú er hægt að fá gashylki og áfyllingu í öllum verslunum BYKO á góðu verði.

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Nú getur þú valið á milli tveggja hylkjastærða.

AGA

RT VERÐ

690 kr/lm

Vnr.0039490
Pallaefni
MASSARANDUBA,
25x145 mm.

Vnr.0039480
Bangkirai
Bangkirai, 25x145 mm.
Rásað á báðum hliðum.
590 kr/lm
~~749~~

Vnr.0039479
Bangkirai
Bangkirai, 19x90 mm.
Rásað á einni hlið.
270 kr/lm
~~345~~

Fura
Fura alheflað A-gagnvarið.

Vnr.0058272	27x45 cm	75
Vnr.0058254	22x95 cm	103
Vnr.0058273	27x70 cm	120
Vnr.0058504	45x95 cm	185
Vnr.0058506	45x145 cm	275
Vnr.0059954	95x95 cm	365

GLEÐILEGT SUMAR

25% afsláttur

af allri viðarvörn og útimálningu

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Ríkisstjórnin þarf að senda út skilaboð til að slá á væntingar og einkaneyslu:

Ríkisstjórn á að styðja Seðlabanka

Stýrivextir Seðlabankans eru komnir í 12,25 prósent og eiga að öllum líkindum eftir að fara hærra. Hækkun stýrivaxta er viðbragð við efnahagsástandi í landinu og því sem fram undan er.

Seðlabankinn hefur skýrar forsendur fyrir ákvörðunum sínum, sem eru að koma verðbólgunni niður. Þar liggja hagsmunir almennings, sem er með stærstan hluta skulda sinna í verðtryggðum lánum. Af tvennu illu er betra að vera rekinn til þess að borga upp yfirdráttinn sinn með háum skammtímavöxtum en að verðtryggðar húsnæðisskuldir komist í stjarnfræðilegar hæðir sem afleiðing óðaverðbólgu.

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar munu eiga erfitt með að halda aftur af kröfunum ef heldur fram sem horfir. Það skapar hættu á kunnuglegum spíral víxlhækkana verðlags og launa. Óðaverðbólgu.

Við ákvörðun sína á stýrivöxtum beitir Seðlabankinn greiningu út frá helstu tölulegu upplýsingum og viðurkenndum kenningum hagfræðinnar. Að sönnu er ekkert af þessu fullkomið, en annað er ekki að hafa. Eftir því sem stýrivextir hafa farið hærra hafa úrtölumenn hækkana vaxtanna hrópað hærra á torgum. Þar er fullyrt að stýrivextirnir virki ekki vegna víðtækrar verðtryggingar. Hagsmunaaðilar telja einnig að of langt sé gengið. Spjótum er því beint að Seðlabankanum og hann gagnrýndur fyrir vaxtaákvarðanir.

Þarna er bakarinn hengdur í stað smiðsins. Það sem er verra er að smiðurinn hefur á köflum hrópað með. Það er gagnrýnivert að forsætisráðherra skuli hvað eftir annað gefa út yfirlýsingar um að nóg sé komið af vaxtahækkunum. Slíkt er einungis til þess fallið að væntingar á markaði vinni gegn markmiðum Seðlabankans. Niðurstaðan af slíku getur aldrei orðið önnur en sú að Seðlabankinn þurfi að herða tök sín frekar en ella.

Réttmætasta gagnrýnin á vaxtastigið í landinu hefur komið frá Alþýðusambandinu. Sú gagnrýni beinist í rétta átt. Þar er bent á þá einföldu staðreynd að stjórn ríkisfjármála hefur ekki unnið með vaxtastefnu Seðlabankans.

Verkalýðshreyfingin hefur sýnt ábyrgð í samningum til að vinna að stöðugleika í samfélaginu. Kæruleysi stjórnvalda hefur hins vegar verið meira en réttlætanlegt er. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar munu eiga erfitt með að halda aftur af kröfunum ef heldur fram sem horfir. Það skapar hættu á kunnuglegum spíral víxlhækkana verðlags og launa. Óðaverðbólgu. Mikilvægt er því að ríkisstjórnin sendi skýr skilaboð um að fastar verði tekið á. Stilla þarf í hóf framtíðarvæntingum í hagkerfinu. Skuldsetning vegna óraunsærrar bjartsýni getur valdið miklu tjóni. Stjórnvöld bera ábyrgð á svigrúmi til einkaneyslu og væntingum sem heimili og fyrirtæki byggja ákvarðanir sínar á. Forysta ríkisstjórnarinnar á að róa með Seðlabankanum og hætta að tala gegn honum. Verði hér hörð lending er það ekki vegna Seðlabankans heldur þrátt fyrir hann.

Kraftur og hugmyndir
Tryggjum Karli og Bryndísi sæti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar

FRÁ DEGI TIL DAGS

Afmæli fyrir kosningar?

Þeir eru sérlega heppnir sem eiga afmæli rétt fyrir kosningar, sérstaklega ef þeir hafa hégómagirnd sem svala má með litlum gjöfum sem eru merktar þeim. Sá sem þetta skrifar er nefnilega svo heppinn að eiga afmæli fyrripart maí og því bankaði framsóknarmaður í framboði upp á með lítinn vasa með nafni afmælisbarnsins. Framsóknarmaðurinn var þó ekki alveg viss hvort faðir afmælisbarnsins, sem var þarna viðstaddur, fengi líka einn svona glaðning en hann á afmæli skömmu eftir kosningar.

Þetta eru skemmtilegar uppákomur enda ekki oft sem fólki eru færðar sérhannaðar gjafir. En mikið væri illa fyrir þeim manni komið sem léti þessar gjafir breyta afstöðu sinni til flokkanna.

Halli, Siggi, Doddi og kellingar að hita kaffi

Sex húnvetnskar konur sem útskrifuðust úr leikskóladeild Háskólans á Akureyri brugðust hart við þegar Húnahornið fjallaði um Húnvetninga sem væru að ljúka námi í Háskólanum á Akureyri eftir fjarnám við skólann. Nefndir voru á nafn þrír karlmenn sem útskrifast í viðskiptafræði en svo sagði „Einnig útskrifast sex aðilar úr Leikskóladeildinni..."En það voru konurnar sex og voru þær ekki nefndar á nafn. Þær gagnrýndu ritstjórann fyrir vinnubrögðin og sögðu „Í besta falli er hér um vanhugsaðan aulahátt að ræða. Í versta falli er hér í hnotskurn ótrúlega forpokað viðhorf til kvenna."

Og þessu karlaviðhorfi lýstu þær svo „Það voru sem sagt við karlarnir, Halli, Siggi og Doddi sem gerðum þetta og svo voru nokkrar kellingar sem hituðu kaffi."

Rétt er að taka það fram að konurnar sex heita Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir, Guðlaug Grétarsdóttir, Guðrún Lára Magnúsdóttir, Harpa Hermannsdóttir, Sigríður Helga Sigurðardóttir og Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir.

Vonandi ekki öll nótt úti enn

Við Íslendingar höfum mörg hver skemmt okkur konunglega yfir framferði Silvíu Nætur. Grikkir tóku því þó illa þegar hún gerði þeim grikk og svo virðist sem gjörvöll Evrópa hafi ekki húmor fyrir þessu Eurovision-gríni. Vonandi verður þetta ekki til þess að Íslendingar reyni að vera með uppskafning þegar kemur að næstu keppni þó fíflalætin hafi fallið í grýttan jarðveg. Þetta var skemmtilegt prakkarastrik og flestir skemmtu sér vel. Er ekki vel þess virði að upplifa slíkt endrum og eins?

jse@frettabladid.is

Uppskeruhátíð lýðræðisins

Í DAG
LÝÐRÆÐIÐ

SVERRIR JAKOBSSON

Til dæmis er til hópur fólks sem finnst allra best að einungis bjóði fram tvær risavaxnar blokkir og svo vinnur annað hvort önnur eða hin. Þannig kosningakerfi er hentugt fyrir fáfrótt fólk sem höndlar ekki of margar staðreyndir eða of flókinn veruleika.

Það hefur varla farið framhjá neinum að nú styttist í sveitarstjórnarkosningar. Eins og aðrir áhugamenn um lýðræðið hef ég afar gaman að kosningum. Sem barn vakti ég iðulega fram á nótt til þess að fylgjast með því hvort meirihlutinn á Neskaupstað myndi halda eða hver yrði 11. landskjörinn í þetta sinn. Spennan yfir kosningunum átti svo til að umhverfast í vonbrigði þegar í ljós kom að þingmenn og sveitarstjórnarmenn eru ekki endilega allir hlutverki sínu vaxnir. En þannig virkar lýðræðið; þingið á að vera þverskurður af þjóðinni og einhverjir þurfa þá væntanlega að vera fulltrúar labbakútanna.

Mér til mikillar ánægju fékk ég að vera viðstaddur talningu í seinustu alþingiskosningum, í kjördæmi sem kallast Reykjavík suður. Það er fátt skemmtilegra en að fylgjast með þessari örlagastundu stjórnmálanna þegar áróðrinum linnir og raddir fólksins fá að hljóma þessa einu nótt. Þarna voru samankomnir margreyndir refir til að takast á um hvaða atkvæði teldust ógild og hvort framkvæmd utankjörstaðakosningar hefði farið fram samkvæmt settum reglum. Álitamálin voru óteljandi en samstaðan um að tryggja lýðræðislega framkvæmd því ánægjulegri. Þarna var góðkunningi minn sem nú er fallinn frá, Haraldur Blöndal lögfræðingur, fremstur í flokki kjörstjórnarmanna og var gaman að upplifa hvernig áhuginn á lýðræðinu og þessari framkvæmd sameinaði okkur, sem vorum svo ósammála um margt.

Á síðari árum hefur nokkuð borið á viðleitni til að gera kosningar leiðinlegri og kosningavökurnar óspennandi. Til dæmis er til hópur fólks sem finnst allra best að einungis bjóði fram tvær risavaxnar blokkir og svo vinnur annað hvort önnur eða hin. Þannig er þetta í Ameríku og þar eru ríkin ofan í kaupið „örugg" fyrir aðra hvora blokkina þannig að í raun og veru þarf aðeins að fylgjast með örfáum ríkjum til að vita hver verður forseti.

Þannig kosningakerfi er hentugt fyrir fáfrótt fólk sem höndlar ekki of margar staðreyndir eða of flókinn veruleika. Lífið er miklu þægilegra þegar allir eru annað hvort svartir eða hvítir, rauðir eða bláir, halda með Val eða Fram. Engar flækjur; engir spekingar með reiknistokk; annað hvort vann maður eða tapaði. Þetta er allt svo einfalt.

Þorri stjórnmálaskýrenda sem hafa fjallað um sveitarstjórnarkosningarnar sem nú eru í vændum virðist skipa sér í flokk einfeldninganna. Þeim finnst framboðin alltof mörg, skilja ekki muninn á þeim, óttast flókin kosningaúrslit og tilhugsunina um að kannski verði ekki einhver einn sem vinnur eða einn sem tapar. Flestir þeirra eru raunar á launum við að fylgjast með svona hlutum, en kannski er það bara mannlegt að vilja helst vera í vinnu sem hver sem er gæti sinnt með bundið fyrir augun.

Stjórnmálaskýrendur í fýlu eru samt tiltölulega léttvæg ógn fyrir lýðræðið en hitt er verra þegar einfeldningar komast í áhrifastöður og reyna að hanna kosningakerfi sem endurspeglar svarthvítan veruleika. Þetta var t.d. reynt í Stúdentaráði fyrir áratug eða svo. Þá ákvað einhver spekingurinn að um aldur og ævi skyldu einungis vera tvær fylkingar í ráðinu. Til þess að tryggja að alltaf myndi einhver vinna og annar tapa var það furðulega fyrirkomulag tekið upp að kosningaúrslit skyldu einnig stjórna kosningaúrslitum ársins áður. Þ.e. ef úrslitin urðu á tiltekinn hátt 1997 þá skyldi taka upp úrslitin frá 1996 og endurraða sætum í samræmi við nýju úrslitin. Ekki skil ég hvers vegna stúdentar sætta sig enn í dag við svona lögleysu, en í ljósi yfirlýsts tilgangs hins nýja kerfis er frekar spaugilegt að hugsa til þess að kerfið kom ekki í veg fyrir að þriðja framboðið til Stúdentaráðs kæmi fram, fengi kosinn mann (og auðvitað annan frá árinu áður) og við tók „pattstaða" í Stúdentaráði. Það er nefnilega ekki alltaf nóg að hafa góðan vilja til að gera lífið einfalt fyrir okkur hin. Stundum er nefnilega nærtækasta lausnin sú einfaldasta, að hver sem vill fái að bjóða fram og fái fulltrúa í samræmi við stuðning meðal þjóðarinnar; enginn reyni að skipta sér af eða hanna kerfi sem gerir eitthvað annað en að tryggja þetta; og fjölmiðlar mættu meira að segja sleppa því að vera í fýlu yfir þessu og hætta því að flokka framboð í „stór" og „lítil" eftir því hver þeirra eru þeim þóknanleg. En þá þarf kannski í leiðinni að horfast í augu við veruleika sem er aðeins flóknari og ekki jafn tvískiptur. Það höndla víst ekki allir það.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT

TEMPUR® TILBOÐSDAGAR Í MAÍ

HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.

HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.

STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Frestun Aðalfundar

Aðalfundi Framsóknarfélags í Reykjavíkurkjördæmi-norður, sem halda átti sunnudaginn 21.maí 2006 hefur verið frestað.

Nýr fundur verður auglýstur síðar.

Félagsmenn eru hvattir til að leggja sitt að mörkum í kosningabaráttuna, þessa síðustu daga fram að kosningum.

Stjórn FRN

Grafarvogsbúar eiga sig sjálfir

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

DOFRI HERMANNSSON

Þegar menn í pólitískum stöðum efna til borgarafundar viku fyrir kosningar vekur það spurningar. Eigum við að trúa því að formaðurinn sé hlutlaus?

Það fór um mig kunnuglegur hrollur á fundi hverfafélags Grafarvogs þegar varaformaður félagsins hóf árás á borgarstjórn. Á honum var að skilja að það væri einungis fyrir einhverja guðlega forsjón að Grafarvogurinn væri ekki kominn í eyði.

Þetta væri gott og blessað ef ástandið væri ekki eins gott og raun ber vitni og manninum hefði bara runnið blóðið til skyldunnar. Hann er hins vegar kjörinn varaformaður allra í Grafarvogi, líka þeirra sem ekki bera merki fálkans. Ótalmargir Grafarvogsbúar eru mjög ánægðir með þau fjölmörgu framfaraverkefni sem ráðist hefur verið í undanfarin ár. Því er smekklaust af varaformanninum að níða niður fólk til þess að reyna að hefja borgarstjóraefni sitt aðeins upp.

Liður í baráttunni

Þetta er ekki einsdæmi frekar en formennska borgarfulltrúa og þingmanns Sjálfstæðisflokksins í íþróttafélagi hverfisins. Í dag er fyrsti heimaleikur 1. deildar liðs Fjölnis. Því hafa sjálfstæðismenn efnt til fundar um íþróttamál í Grafarvogi til að messa um nirfilshátt borgarstjórnar gagnvart íþróttum í Grafarvogi. Líklega verður ekki fjallað um forgangsröðun peninga frá borginni og tæpast á dagskránni að ræða eflingu íþróttastarfs stúlkna með hluta þeirra 350 milljóna sem borgin setur í uppbyggingu Fjölnis.

Hverjum er verið að þjóna?

Þegar menn í pólitískum stöðum efna til borgarafundar viku fyrir kosningar þá vekur það spurningar. Eigum við að trúa því að formaðurinn sé hlutlaus? Að tímasetningin sé tilviljun? Er formennska stjórnmálamannsins einungis brennandi áhugi á uppbyggingu íþróttastarfs? Ósannindum má skipta í þrennt; hálfsannleik, haugalygi og statistik. Ég bíð spenntur eftir erindi Sjálfstæðisformanns Fjölnis.

Hrollurinn

Hrollurinn var kunnuglegur. Hann þekki ég frá síðustu þrennum kosningum og frá forsetakosningunum 1996. Þetta er hrollurinn sem ég fæ þegar D-mennirnir fara af stað með óhróður um fólk af því þeir eru að tapa einhverju sem þeir telja sína eign. Grafarvogsbúar eru hins vegar ekki eign D-listans og þeim er frjálst að kjósa alvöru félagshyggjufólk.

Höfundur er Grafarvogsbúi frá 1984 og skipar 7. sæti á lista Samfylkingarinnar í komandi borgarstjórnarkosningum.

Er Laugavegurinn of sólríkur?

UMRÆÐAN
LAUGAVEGUR

EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR
DAGSKRÁRGERÐARKONA

Því miður eru hugmyndir þeirra sem eiga lóðirnar við Laugaveg í fjölmörgum tilfellum algerlega lausar við næmi fyrir þeirri byggð sem þarna er fyrir.

Það er hljótt um Laugaveginn nú rétt fyrir kosningar. Þó hefur verið heimiluð á honum einhver sú áhættumesta andlitslyfting sem hugsast má. Ekki er víst að aðgerðin heppnist og ef svo fer að of mikið er skafið, skrapað og burtu numið, skorið sundur og djarflega skeytt saman, má telja að ásýnd Laugavegarins verði hörmuleg á að líta og að á honum hafi verið unnin óafturkræf spjöll.

Þegar ákveðið var að heimila niðurrif fjölmargra húsa við Laugaveginn var settur á fót rýnihópur um útlit nýbygginganna. Hópnum er ætlað að fylgjast með því að það sem byggt verður við götuna sé betra en það sem fyrir er. Í hópnum eiga sæti nokkrir embættismenn, arkitektar og svo fulltrúi frá kaupmönnum og undirrituð er í hópnum sem fulltrúi íbúa. Hópurinn fær til umsagnar teikningar og líkön af því sem eigendur lóða við Laugaveginn hafa hugsað sér að byggja, eftir að búið verður að rífa það sem fyrir er.

Bókanir rýnihópsins fara svo fyrir skipulagsráð borgarinnar, þar sem stjórnmálamennirnir hafa endanlegt úrslitavald um hvort bygging rís eða ekki. Það er til í dæminu að stjórnmálamennirnir taki ekki tillit til álits rýnihópsins og byggingar sem ekki er sátt um - fái samt sem áður grænt ljós.

Því miður eru hugmyndir þeirra sem eiga lóðirnar við Laugaveg í fjölmörgum tilfellum algerlega lausar við næmi fyrir þeirri byggð sem þarna er fyrir. Byggingar framtíðarinnar eru oft og tíðum gríðarleg ferlíki sem taka yfir fjölmargar lóðir frá Laugavegi og niður að Hverfisgötu. Teikningarnar af þessum stórbyggingum fara oft út fyrir gildandi deiliskipulag. Niðurstaðan af slíkri ýtni er oft sú að gefinn er eftir einn metri hér og hálfur metri þar og þá fást á endanum samþykktar teikningar sem gjörnýta lóðina.

Þetta getur verið bagalegt þar sem gömlu húsin sem fá að standa áfram njóta sín ekki sem skyldi með slíkum risabyggingum. Auk þess myndast af þessum stórhýsum meiri skuggar en af þeirri byggð sem fyrir er. Ég veit ekki um neinn sem telur of mikla sól vera við Laugaveginn.

Það er því ekki endilega fagurfræði sem ræður mestu í þessari nýsköpun, ekki heldur virðing fyrir gömlu byggðinni í kring, heldur er það einhverskonar vilji til gjörnýtingar á verðmætu landi í verðmætum miðbæ.

Það eru í raun hin jákvæðu skilaboð sem lesa má út úr hugmyndum lóðaeigenda, hvað þeir hafa mikla trú á framtíð Laugavegarins, ella myndu þeir ekki byggja svo stórt.

Neikvæða hliðin er aftur á móti sú að teikningarnar af framtíðarbyggðinni bera smekklausri græðginni oft dapurlegt vitni.

Því er ástæða til að hvetja vegfarendur um Laugaveginn til að kynna sér fyrirætlanir lóðaeigenda og láta í sér heyra þegar ástæða er til.

Það er bara til einn Laugavegur, hann er sameign okkar sem byggjum þetta land og við viljum að hann beri sögu okkar og menningu fagurt og fjölbreytilegt vitni.

Höfundur er íbúi í miðborg Reykjavíkur og situr í rýnihópi um útlit nýbygginga við Laugaveginn.

Ölvunarakstur er glæpur

UMRÆÐAN
ÖLVUNARAKSTUR

JÓN GNARR
LEIKARI

Ölvunarakstur er, að mínum dómi, einhver alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja.

Eftir að ég fékk bílpróf keyrði ég stundum undir áhrifum áfengis. Ég byrjaði smátt. Yfirleitt taldi ég mig vera „á mörkunum“ en stundum var ég hreinlega fullur. Mér fannst ég alltaf hafa ágæta stjórn og leyfði mér alltaf meiri og meiri ölvun. Og einn daginn var ég stoppaður af lögreglunni, blindfullur á Eiríksgötunni. Ég missti prófið.

Ég iðraðist. Mikið rosalega sá ég eftir þessu. En það var ekki nóg. Mamma og pabbi voru brjáluð út í mig. Það þýddi ekkert að segja að ég „iðraðist gjörða minna“ eða „harmaði þennan atburð“. Þau hefðu heldur ekki sætt sig við að ég hefði afsakað verknaðinn sem „dómgreindarleysi“. Ég sat inni í herberginu mínu í heila viku og það var ekki yrt á mig, ekki einu sinni við matarborðið. Og ég hafði gott af því. Og enginn vogaði sér að reyna að verja mig á nokkurn hátt, hvað þá að freista þess að slá mig til riddara fyrir að viðurkenna verknaðinn. Ég lærði mína lexíu af þessu og hef aldrei keyrt drukkinn eftir þetta. Og ef ég sé einhvern keyra fullan hringi ég á lögguna.

Ölvunarakstur er ekki eitthvað sem getur „komið fyrir alla“. Þegar menn verða uppvísir að því að keyra fullir verður þeim oft tíðrætt um að „hafa lent í“ einhverju. Það „lendir“ enginn í því að keyra undir áhrifum. Ekki frekar en menn „lenda í því að nauðga“ þegar þeir eru fullir. Það er meðvituð ákvörðun. Það er afstaða og ábyrgðarleysi. Það er glæpur. Kannski felst „óheppnin“ í því að menn „lenda í því“ að vera teknir. En ég var heppinn að vera stoppaður áður en ég „lenti í því“ að slasa mig eða keyra á einhvern. Ég þakka Guði fyrir það. Það var ekki mér að þakka. Ég var hálfviti og vissi ekki betur.

Á síðasta ári ollu 35 ölvaðir ökumenn meiðslum og dauða í umferðinni. Og lögreglan áætlar að hún handsami ekki nema aðeins 1 til 10 prósent þeirra sem keyra fullir. Margir Íslendingar stunda það að keyra fullir. Fæstir eru teknir í fyrsta skipti. Menn byrja smátt en áfengismagnið í blóðinu hækkar eftir því sem menn keyra oftar.

Ölvunarakstur er, að mínum dómi, einhver alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja. Sá sem gerir það sýnir vítavert ábyrgðarleysi og stofnar heilsu og lífi annarra í mikla hættu. Fjöldi fólks hefur slasast og dáið vegna drukkinna ökumanna. Að keyra bíl svo sauðdrukkinn að maður keyri á staur er eins og að hlaupa um með haglabyssu og skjóta út í loftið af henni. Fólk þarf að skilja alvöru málsins. Það gerir engum gott að fá bara klapp á bakið og fyrirgefningu án nokkurrar alvöru iðrunar, eins og um smávægilega yfirsjón og dómgreindarleysi hafi verið að ræða. Þeir sem gera það hafa bara sömu afstöðu og sá sem keyrir fullur. Þeir skilja hreinlega ekki alvöru málsins. Kannski vegna þess að þeir stunda það sjálfir. Ölvunarakstur er glæpur.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

LEGACY

SUBARU

240.000 kr. kaupauki

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is

Nú fylgir 240.000 kr. fjallahjóla kaupauki með hverjum seldum Legacy.
Veglegur kaupauki að andvirði 240.000 kr. sem samanstendur af 2 vönduðum Mongoose fjallahjólum, Thule hjólafestingu á kúlu fyrir 3 hjól, dráttarbeisli og vönduðum heilsársdekkjum. Hjólaðu í málið og skelltu þér á þetta frábæra tilboð. Takmarkað magn í boði.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.390.000** Sjálfskiptur Sedan **2.590.000** Beinskiptur Wagon **2.590.000** Sjálfskiptur Wagon **2.740.000**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461 2960	Selfoss 482 3100	Njarðvík 421 8808	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfjörður 474 1453

SYMMETRICAL AWD

Kitchen Aid hrærivél, matreiðslubók og svunta
Byggt og búið
frá 38.855 kr.

Pied A Terre taska
Shoe Studio
19.900 kr.

Eva Solo karafla með lekavörn
Byggt og búið
3.999 kr.

Eva Trio sósuhitari
Byggt og búið
6.999 kr.

Handklæðabúnt, 6 stk.
Next
2.990 kr.

Og ég skal hreyfa jörðina
Eymundsson
5.990 kr.

Karen Millen belti
Karen Millen
8.990 kr.

Taska á hjólum
Penninn
7.990 kr.

Púði með mynstri
Next
1.990 kr.

Könnur með mynstri
Next
290 kr. stk.

Kaffikerfi Saeco Vienna DeLuxe
Byggt og búið
frá 41.905 kr.

Búddastytta
Next
3.190 kr.

Gasgrill Broil King Regal 20XL
Byggt og búið
54.989 kr.

Gjafadagar í Kringlunni

Á gjafadögum finnur þú frábærar hugmyndir að góðum gjöfum, auk þess sem **gjafakort Kringlunnar** er gjöf sem hittir alltaf í mark.

Opið 10–18 í dag

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00

Fríon/SÍA F1017358

Stálarmbönd
Meba
3.800-9.900 kr.

Stóra orðabókin um íslenska málnotkun
Eymundsson
14.480 kr.

Listgler
Duka
9.900 kr.

Hálsmen
Meba
3.500-4.800 kr.

Þegar orð fá vængi
Eymundsson
3.190 kr.

Taska
Friis & Company
6.990 kr.

Vísindabókin
Penninn
2.990 kr.

Taska
Friis & Company
3.990 kr.

Gasgrill Elegant Union
Byggt og búið
22.900 kr.

Borðklukkur
Meba
2.300 kr.

Stytta úr tré
Next
2.390 kr.

Skór
Friis & Company
5.990 kr.

Góðar gjafir fyrir stóra daga

Þú gætir unnið flug fyrir tvo til San Fransisco!

Allir sem kaupa gjöf meðan á gjafadögum stendur gætu unnið flug fyrir tvo til ævintýraborgarinnar San Fransisco með Icelandair.

Taktu þátt í leiknum við lukkukassann á 1. hæð.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

Um Evrórisjón-kvíða

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um B. Clinton sem nýjan vinnufélaga, sagt frá pólitískri litgreiningu, stungið upp á Agli Skallagrímssyni til formennsku í Rithöfundasambandinu, rætt um Playboy-kanínur og vöruverð á Íslandi, Árborg og Tuborg, rauða strigaskó - og Evrórisjón-kvíða.



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

■ FÖSTUDAGUR, 12. MAÍ

Bill og ég - hjá Baugi

Ég sé að við Bill erum orðnir vinnufélagar en **B. Clinton** er farinn að starfa hjá Baugi við fyrirlestrahald á fræðasetrinu Tívolí í Kaupmannahöfn. Þótt hormónastarfsemin í Clinton hafi kannski verið með fjörugasta móti þá er það þó skömminni skárra að daðra við stelpurnar í Hvíta húsinu heldur en vera í slagtogi með þeim ólánsmönnum, **Rumsfeld og Cheney**.

Hvað sem því líður þá býð ég Bill velkominn í starfsmannahópinn og hlakka til að sjá eftir hann bakþanka á næstunni.

Það merka blað **Dagens Nyheter** býður manni ókeypis próf til að finna út hvar maður stendur í pólitík. Samkvæmt spurningalistanum leiðir þessi pólitíska litgreining í ljós að ég er:

66% framsóknarmaður (Miðjuflokkurinn)
62% græningi (Umhverfisflokkur)
56% mjúkur íhaldsmaður (Þjóðarflokkur)
54% harður íhaldsmaður (Hófsemdarflokkur)
48% kristilegur lýðræðissinni (K-demókrat)
42% krati (Sósjaldemókrat)
Og 40% vinstri maður (Vinstriflokkur)

Samtals gera þetta um 360% - hvað sem það nú þýðir.

■ LAUGARDAGUR, 13. MAÍ

Þúsaldarskáld í Borgarnesi

Fórum í helgarbíltúr og mættum á opnun **Landnámssetursins í Borgarnesi**. Þar var múgur og margmenni og beið eftir því að fá að skyggnast inn í veröld landnámsfólks yfirleitt og Egils Skallagrímssonar sérstaklega.

Miðað við þá gífurlegu hrifningu sem tignarfólk þarna lét í ljósi á hinu drykkfellda þúsaldarskáldi fór ég að velta því fyrir mér hvernig Agli mundi vegna í dag ef hann hefði endurfæðst og væri formaður Rithöfundasambandsins og byggi í Borgarnesi.

Ég sé hann í anda standa á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis og bjóða vegfarendum að kaupa Höfuðlausn.

Það var gaman að skoða söfnin sem bera hugkvæmni og listrænu innsæi þeirra Kjartans og Sirríar fagurt vitni.

■ SUNNUDAGUR, 14. MAÍ

Kambsránið að fullu greitt

Þetta hefur verið þjóðleg helgi.

Síðan ég kvaddi Egil Skallagrímsson hef ég verið niðursokkinn í að **lesa ævisögu Hannesar Hafstein**. Frábær bók. Sem betur fer hitti ég höfundinn, **Guðjón Friðriksson** í kvöld í Háskólabíói og gat tekið í höndina á honum og þakkað honum fyrir þetta afreksverk.

Guðjón er snillingur og ekki einhamur. Með þeim fjársjóðum sem hann hefur grafið upp og fært þjóðinni er hann fyrir löngu búinn að borga með vöxtum og vaxtavöxtum þessa skildinga sem forfaðir hans álpaðist til að stinga inn á sig hérna um árið. En sá var einn af hinum ólukkulegu þátttakendum í Kambsráninu og lenti á Brimarhólmi fyrir vikið.

Það var sú sérkennilega persóna Þuríður formaður sem upplýsti Kambsránið. Hún er guðmóðir íslenskra leynilögreglumanna, nokkurs konar **Sherlock Holmes** löngu áður en sá góði maður leit dagsins ljós.

Guðjón var eins og ég að fara að sjá myndina „**A Prairie Home Companion**“ eftir **Robert Altman**. Það var ósköp notaleg mynd. Þarna var **Garrison Keillor** aðalleikari mættur. Hann var á jakkafötum og rauðum strigaskóm, listamannslegur á ameríska vísu. Mér finnst Sjón **flottari**.

■ MÁNUDAGUR, 15. MAÍ

Íslensk fyndni

Íslensk fyndni er stundum dáldið meinleg - súr eins og sítrónusneið í asna.

Nú er búið að skipta um nafn á bæjarfélaginu **Árborg** og í munni almenningings heitir það **Tuborg**.

Allt vegna þess að bæjarstjórakandídat úr Árborg var úti að aka um helgina og búinn að fá sér svo rækilega neðan í því að hann ók á staur - hefur ef til vill haldið að hann væri að keyra í gegnum hliðið heima hjá sér.

Það er ömurlegt þegar menn og konur drekka frá sér gullin tækifæri. Samt gerist það á hverjum degi. En það er þó lán í óláni þegar menn sjá villu síns vegar og vilja takast á við áfengisvandamálið. Þetta er ungur maður og þetta verður honum vonandi til gæfu.

Ía og Þórir, vinir okkar sem búa í Tékklandi eru í heimsókn.

Fórum með þau í bíltúr. Sólveig dró upp kælt kampavín á Eyrarbakka og svo snæddum við humar á Stokkseyri.

Þau eru gestrisnasta fólk sem ég þekki og erlendis gera þau Íslandi meira gagn ókeypis en sjö sendiherrar á fullum launum.

■ ÞRIÐJUDAGUR, 16. MAÍ

Yfirburðir hryggdýra?

Kosturinn við að vera hryggdýr er hvað maður er ofarlega í fæðukeðjunni. Gallinn er hins vegar sá að ég er oft að drepast í bakinu. **Ánamaðkar** eru að minnsta kosti lausir við gigtina.

Lá mestan part í rúminu en staulaðist samt á **Borgarbókasafnið** að ná mér í eitthvað að lesa. Ræddi um tilganginn í lífinu við Báru eftir að hún hafði stimplað inn bækurnar. Stórkostleg hlunnindi að hafa þetta safn þarna. Og Báru.

Ég var að hugsa um að ef allir vildu öðrum jafnvel og þeir vilja sjálfum sér væri veröldin betri staður og missti af útvarpsþættinum með hinum rauðskædda Garrison Keillor í Þjóðleikhúsinu. En ég get hvort sem er ekki hlustað á útvarp. Nema ég sé staddur í bíl og eigi mér ekki undankomu auðið.

■ MIÐVIKUDAGUR, 17. MAÍ

„Baulaðu nú Bónus minn...“

„Vöruverð í matvöruverslunum í Reykjavík er umtalsvert hærra en í höfuðborgum hinna Norðurlandanna, en svipað og í Ósló. Vörukarfa með algengum undirstöðumatvörum er tæplega helmingi dýrari í Reykjavík en í Stokkhólmi.“

Ég vona að **Bónus-feðgar** frétti af þessu og taki til sinna ráða. Ferskar kjúklingabringur sem kosta rúmlega 2.000 krónur kílóið í Reykjavík kosta tæplega 900 krónur í Helsinki. Ungnautahakk á 1.423 krónur kílóið í Reykjavík kostar 432 kr. í Stokkhólmi. Lítið gagn í því fyrir okkur Bónusfólkið. Ekki getum við verslað í Stokkhólmi og Helsinki. Samt reiði ég mig á Bónus eins og drengurinn í ævintýrinu setti traust sitt á Búkollu. „Baulaðu nú Bónus minn hvar sem þú ert!“

Það vildi ég óska að einhver vænn milljarðamæringur fengi þá flugu í höfuðið að meira væri spennandi að keyra niður vöruverð á Íslandi en taka þátt í kappakstri við Hugh Hefner og Playboy-kanínurnar. Glætan.

Horfði á **Arsenal og Barcelona** með Öldu Lóu vinkonu minni. Ég horfi ekki nóg á sjónvarp.

Ég hélt með Barcelóna. **Ronaldinho** er eins og ljóð á takkaskóm.

■ FIMMTUDAGUR, 18. MAÍ

Eurovision-kvíði

Ég hef eiginlega ekkert getað unnið í dag út af Eurovision-kvíða.

Skyldi **Silvía Nótt** standa við hótanir sínar um að kúka á sviðið?

Það er ekki alltaf auðvelt að vera Íslendingur.

Forkeppnin er hafin. Mér sýnast Carola hin sænska, Lordiskrímslin frá Finnlandi og söngvaseiðurinn frá Írlandi vera örugg áfram. Litli sæti Rússinn er sömuleiðis líklegur og jafnvel stígvélaða stúlkan frá Úkraínu.

Silvía Nótt stóð sig með prýði og aðhafðist ekkert hneykslanlegt á sviðinu og ekki heldur aðstoðarmenn hennar sem voru þó sagðir slæmir í maga.

Eurovision-kvíðinn vissi ekki á gott. Annað árið í röð eru Íslendingar of aftarlega á merinni til að komast í aðalkeppnina.

Góða nótt, Silvía.

Guggu ráð:

Nú er rétti tíminn fyrir

Casoron

Heldur trjábeðum og gangstigum lausum við illgresi

GARÐHEIMAR

ALLT Í GARÐINN
60 ÁRA REYNSLA

Stekkjarbakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is

HUGTÖK

SUMAR tilboð!

HAFÐU ÞAÐ FLOTTASTA Í STURTUNNI!

STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

- beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum

VELDU ÞITT GLER EFTIR MÁLI



GLER ENDAVEGGIR
80 sm, 90 sm, 100 sm

GLER HURÐIR
60, 70, 75, 80, 90, 100, 110, 120, 130 og 140 sm

90x90
10mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum
49.900 kr. stgr.

80x80 og 90x90
6mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum
38.900 kr. stgr.

80x120
6mm öryggisgler
52.900 kr. stgr.

TILBÚNIR STURTUKLEFAR MEÐ KRÓMFESTINGUM

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

UMMÆLI VIKUNNAR

„Framsóknarmenn munu ekki sitja undir því að standa einir í vörn fyrir verk ríkisstjórnarinnar meðan samstarfsflokkurinn hleypur í stjórnarandstöðu í umdeildum málum í miðri kosningabaráttu.“

Björn Ingi Hrafnsson, efsti maður á lista Framsóknarflokksins i Reykjavík, tjáir sig um slakt gengi Framsóknarflokksins á vefsíðu sinni í gær.

stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Góð í spillingu
Lyf eru margfalt dýrari hér á landi en frá sama framleiðanda í nálægum löndum. Matvöruverð er með því hæsta sem gerist í Evrópu. Matarkarfan er nærri helmingi dýrari í Reykjavík en í Stokkhólmi. Vextir eru miklu hærri hér á landi en víðast hvar í veröldinni og eru yfirdráttarvextir nú 21,5 prósent. Óstöðugleiki íslensku krónunnar er meiri en annarra gjaldmiðla í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Verðbólgan er þrefalt meiri en sársaukamörk Seðlabankans leyfa. Bensínverðið er sökum skorts á samkeppni hærra en það þyrfti að vera.

Í ljósi þessa ber að fagna því að spilling er með allra minnsta móti hér á landi samkvæmt mælingum alþjóðlegrar gegnsæisstofnunar.

Valdamikill foringi
Í málgagni Samfylkingarinnar í Kópavogi er rætt við Ásdísi Ólafsdóttur, varafulltrúa Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn. Enginn skyldi ætla að í viðtalinu ríki velvildin ein í garð Gunnars Birgissonar og félaga hans í meirihlutanum. Ásdís sagði sig nefnilega úr Sjálfstæðisflokknum nýlega og frá nefndarstörfum á vegum flokksins. „Ég hætti af því að ég er ósátt við það sem ég vil kalla einræði og ofríki oddvita Sjálfstæðisflokksins. Þegar einn maður ræður öllu fer ekkert málefnalegt starf eða umræða fram í flokknum og enginn þorir að standa á sinni skoðun. Ég kann ekki að vinna þannig,“ segir Ásdís.

Enginn skyldi heldur ætla að Ásdís hafi gengið Samfylkingunni á hönd: „Mér finnst það í minnihlutanum ekki hafa verið nærri nógu gagnrýnin á hversu fyrirtæki Gunnars Birgissonar hafa setið að verkefnum hjá Kópavogsbæ í gegn um tíðina.“

Leiðréttingar
Niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins í gær á fylgi flokkanna í Reykjavík er allrar athygli verð, ekki síst fyrir það að tæp 68 prósent tóku afstöðu í könnuninni sem er hærra hlutfall en sést hefur lengi í könnunum blaðsins.

Því lakara er fyrir Framsóknarflokkinn að ná ekki inn manni. Um leið eru það tíðindi þegar Frjálslyndi flokkurinn fær tvöfalt meira fylgi en Framsóknarflokkurinn í höfuðborginni. - En hvað kýs sá hluti sem enn hefur ekki gert upp hug sinn? Reynslan kennir að á Sjálfstæðisflokkinn hallar í þeim hópi. Til gamans má gefa sér að Framsókn og frjálslyndir eigi hvor um sig tíu prósenta fylgi meðal óákveðinna. Með sæmilega trúverðugum leiðréttingum verður þá niðurstaðan sú að Sjálfstæðisflokkurinn fengi 43 prósent (7), Framsóknarflokkurinn tæp 6 prósent (1), Frjálslyndir 8,5 prósent (1), Samfylkingin tæp 32 prósent (5) og VG 11 (1) prósent fylgisins. Býsna snúin staða fyrir suma ef þetta gengur eftir.

VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

Félagsleg ábyrgð

Al Lord, forstjóri Sallie Mae námsmannalánasjóðsins í Bandaríkjunum, lætur leggja fyrir sig einkagolfvöll og íhugar kaup á atvinnumannaliði í hafnabolta. Hann er reyndar hættur.

Síðan tengsl Sallie Mae við hið opinera voru rofin fyrir níu árum og sjóðurinn hóf markaðsvædda lánastarfsemi hafa hlutabréfin í félaginu hækkað um 2.000 prósent. Tímaritið Fortune telur lánastofnunina með ábatasömustu fyrirtækjum í veröldinni. Enda getur félagið ekki tapað. Lög kveða á um ríkisábyrgðir á lánum til námsmanna. Komist námsmenn í vanskil greiða þeir innheimtuþjónustu Sallie Mae refsivexti, álag og innheimtuþóknun. Lögin vernda Sallie Mae einnig gegn gjaldþrotum námsmanna og krafist er ábyrgðarmanna á lánum. Innheimtuaðgerðir eru óvægnar og langvinnar.

Í bandaríska fréttaþættinum 60 mínútum fyrr í mánuðinum voru rakin dæmi um það hvernig þriggja milljóna króna vanskilaskuld námsmanns varð að sjö milljóna króna skuld. Rakið var hvernig 4,2 milljónir urðu að 18 milljóna króna skuld hjá ungri konu sem veikst hafði á námstímanum.

Sallie Mae hefur greitt þingnefndum og þingmönnum 200 milljónir króna á undnförnum fjórum árum í tilraunum til að viðhalda ríkisábyrgðum og forréttindum sem hvorki bankar né greiðslukortafyrirtæki í Bandaríkjunum njóta. Sallie Mae getur í krafti laga fengið örorkubætur skertar á móti gjaldföllnum námslánum. Sallie Mae greiðir bandarískum háskólum þóknun fyrir lánaumsýslu og greiðslumiðlun á námslánum vegna skólagjalda. Á móti reka háskólarnir áróður fyrir námslánum frá Sallie Mae.

Sallie Mae var hálfopinber sjóður. Rannsóknir sýna að opinber námslán kosta bandaríska námsmenn og skattborgara allt að fimm sinnum minna en lánin frá Sallie Mae. „Þetta er markaður þar sem lánveitandinn nýtur opinberrar verndar. Námsmenn eru reiddir fram á veisluborð Sallie Mae eins og kalkúnar á þakkargjörðardegi,“ segir Elizabeth Warren, prófessor í gjaldþrotalögum við Harvard-háskóla, við Leslie Stahl í 60 mínútum.

Eiginfjárstaða íslensku bankanna er svo sterk að mati Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra að hún getur staðið af sér verulegt efnahagssáfall þar sem saman færu alvarlegir skellir. Á ársfundi Landssambands lífeyrissjóða lofaði hann óvenjugóða arðsemi bankanna en suma þeirra einkavæddi Davíð fyrir nokkrum árum.

Eiginfjárstaða Sallie Mae er einnig mjög góð og getur staðið af sér alvarlega skelli.

Á Alþingi láta stjórnvöld setja lög sem milda skattlagningu á banka og fyrirtæki, sem nutu ríflegs gengishagnaðar með falli krónunnar.

Bandaríkjaþing setur lög sem um ríkisábyrgð sem veitir Sallie Mae tryggar endurgreiðslur námslána.

Einhvers staðar eru valdsmenn sem huga að eiginfjárstöðu heimila, aldraða og námsmanna þegar saman fara alvarlegir skellir.

Þolinmæði og nýsköpun

Gert er ráð fyrir því að 745 milljóna króna tap Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins á síðasta ári snúist í um 100 milljóna króna hagnað á þessu ári.

Á ársfundi sjóðsins, sem haldinn var í gær, kom fram að sjóðurinn afskrifaði í fyrra tæpar 700 milljónir króna, en einnig voru lagðar til hliðar á afskriftareikmning 674 milljónir króna. Tapið er einkum til komið vegna fyrirtækjanna Icelandic Genomics Corporation, sem var móðurfélag Urðar, Verðandi, Skuldar, Geca hf. og Sæbýlis.

Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs, sagði í ræðu á ársfundinum í gær að reynslan sýndi að það tæki minnst 10 til 15 ár fyrir nýsköpunarfyrirtæki að ná verulegu flugi og nefndi hann flaggskipin Marel, Össur, Actavis og Bakkavör í því sambandi.

Sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin gefið Nýsköpunarsjóði fyrirheit um 2,5 milljarða króna af söluandvirði Símans til að auka eigið fé sjóðsins. Milljarður af því fé var afhentur sjóðnum í janúar síðastliðnum. „Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja einn milljarð til sjóðsins mun hleypa nýju lífi í starfsemi hans og gera honum mögulegt að hefja einhverjar nýfjárfestingar eftir nærri þriggja ára hlé,“ sagði Jón Steindór.

JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

Nýr sjóður á næsta ári
Kapp er lagt á að nýr sjóður, með þrjá milljarða til ráðstöfunar, hefji starfsemi í byrjun árs 2007. „Honum verður ætlað að fást við fjárfestingar sem standa nokkru aftar í fjárfestingarferlinu en þær sem Nýsköpunarsjóður fæst einkum við. Vonir standa til þess að unnt verði að ná nokkuð víðtækri samstöðu um þátttöku banka og lífeyrissjóða að hinum nýja sjóði,“ sagði Jón Steindór enn fremur.

Frumvarp viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð liggur fyrir Alþingi. Frumvarpið gerir ráð að sjóðurinn veiti ekki styrki en taki þátt í fjárfestingum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Þetta verði gert meðal annars með þátttöku Nýsköpunarsjóðs í samlagssjóðum með öðrum fjárfestum á einkamarkaði.

„Aðrir eru gerðir meðvirkir þannig að þeir tapa líka ef illa fer. Ríkið leggur til hluta af áhættufé en hugsunin er að aðrir aðilar verði drifkrafturinn og komi með fjármagn á móti,“ segir Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sem hefur frumvarpið til meðferðar.

Vilja meira einkafjármagn
„Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, telur skynsamlegt og eðlilegra að samþætta Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og og Byggðastofnun annars vegar og Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins hins vegar. „Byggðastofnun rímar ekki saman við Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins,“ segir Kristinn og leggst þannig gegn frumvarpi iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

KRISTINN H. GUNNARSSON

PÉTUR BLÖNDAL

Svipaðar hugmyndir ganga út á það að Nýsköpunarsjóður verði eins konar sjóðasjóður, sem leggi til fé í fjárfestingarsjóði á móti bönkum, sjóðum eða fyrirtækjum á einkamarkaði sem hætta vilja fé til nýsköpunar. Þeim sem hagsmuna hafi að gæta á einkamarkaði verði þá falið að annast umsýslu með áhættufjárfestingum sjóðsins með arðsemi að leiðarljósi.

Gunnar Örn Gunnarsson sagði upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs í vetur. Eftir því sem næst verður komist réði ágreiningur um stefnu og fyrirkomulag miklu um brotthvarf hans. Ekki hefur enn verið ráðið í stöðu framkvæmdastjóra sjóðsins á ný.

johannh@frettabladid.is

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
PHILIPS
OFFICIAL PARTNER
KLÁR Í SLAGINN FYRIR HM
PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
32 TOMMUR
PIXEL PLUS
VAXTALAUST TILBOÐ
19.995
Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI
HD ready
TILBOÐ 199.995
Fullt verð kr. 229.995
Philips 32PF7320
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/ 6 breiðtjaldsstillingum, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.
Íslenskur leiðarvísir fylgir öllum tækjunum
PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
26 TOMMUR
HD ready
TILBOÐ
109.995
FULLT VERÐ 149.995
PHILIPS
FLATUR PLASMA
42 TOMMUR
TILBOÐ
199.995
FULLT VERÐ 249.995
PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
37 TOMMUR
HD ready
TILBOÐ
249.995
FULLT VERÐ 299.995
PHILIPS
FLATUR PLASMA
50 TOMMUR
HD ready
TILBOÐ
399.995
FULLT VERÐ 499.995
PIXEL PLUS
© 1974 FIFA TM
2006 FIFA WORLD CUP
PARTY EDITION FJARSTÝRING
FYLGIR ÖLLUM TÆKJUNUM
Heimilistæki
www.ht.is
SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK · SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI · SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

ENNEMM / SIA / NM21794

TAKMARKAÐ MAGN!

500.000 KR. VE

NISSAN BERST Á MO

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú boðið enn betra verð á Nissan Pathfinder og Nissan X-Trail í takmörkuðu magni. Gerðu samanburð! Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í dag á jeppum í sama stærðarflokki.

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur
Verð aðeins 4.390.000 kr.

Verð áður ~~4.890.000~~ kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376

TAKMARKAÐ MAGN!

ERÐLÆKKUN!

ÓTI VERÐBÓLGUNNI

BORGAÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX!

Nissan X-Trail Elegance
Verð aðeins 2.990.000 kr.

Verð áður ~~3.490.000~~ kr.

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960	

GILDA RADNER (1946-1989), LÉST ÞENNAN DAG.

„Ég byggi tískusmekk minn helst á því sem ekki klæjar undan.“

Krabbamein í eggjastokkum dró gamanleikkonuna Gildu Radner til dauða en hún vakti fjölmarga til umhugsunar um sjúkdóminn.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 20. MAÍ 1873

Einkaleyfi fæst á buxum Levi Strauss

Á þessum degi árið 1873 tryggði kaupmaðurinn Levi Strauss sér og klæðskeranum Jacob Davis einkaréttinn á strigabuxum sem festar voru saman með koparnælum. Striganum í buxunum var síðar skipt út fyrir svokallað gallaefni og eru gallabuxurnar frá vörumerkinu Levi Strauss þekktar um heim allan.

Strauss fæddist í Bæjaralandi árið 1829 en fluttist til Bandaríkjanna árið 1847. Hann starfaði sem kaupmaður og fór til San Fransiskó árið 1853 til að freista gæfunnar. Verslunin gekk hins vegar illa og eftir óheppileg viðskipti sat Strauss uppi með mikið magn af strigaefni. Honum datt það snjallræði í hug að sauma buxur úr efninu sem slógu í gegn hjá námuverkamönnum vegna þess að þær þóttu sérlega endingargóðar.

Árið 1972 sendi klæðskerinn Jacob Davis bréf til Strauss og benti honum á að það mætti styrkja viðkvæmustu álagspunktana með koparfestingum. Davis og Strauss ákváðu að leggja saman krafta sína, fengu einkaleyfi á hugmyndinni og hófu fjöldaframleiðslu á strigabuxum með koparfestingum. Síðar skiptu þeir um efni, hættu við strigann og fóru að nota blátt gallaefni og gallabuxurnar, eins og við þekkjum þær í dag, litu dagsins ljós.

MERKISATBURÐIR

1506 Kristófer Kólumbus landkönnuður deyr, 55 ára að aldri.

1818 Siglufjörður fær löggildingu sem verslunarstaður. Bærinn fær kaupstaðarréttindi einni öld síðar.

1944 Þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstofnun hefst og stendur í fjóra daga. Kjörsókn var 98,4 prósent.

1969 Bardaga um Ap Bia-fjall í Víetnam, sem síðar var nefnt Hamborgarahóll, lýkur. Fjöldi manna féll í orrustunni.

1986 Sex af forráðamönnum Hafskips hf. eru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald meðan rekstur fyrirtækisins er rannsakaður.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

ANDLÁT

Guðrún Fr. Holt, elliheimilinu Grund, áður til heimilis í Suðurgötu 6, Reykjavík, lést föstudaginn 12. maí. Bálför hefur farið fram.

Gunnhildur Snorradóttir, Völvufelli 46, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 16. maí.

Hafdís Steingrímsdóttir, Hraunholti 5, Akureyri, lést á heimili sínu aðfaranótt fimmtudagsins 18. maí. Útför fer fram í kyrrþey.

Þuríður Jónsdóttir, Tunghaga, lést á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum miðvikudaginn 17. maí.

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Guðbjargar Huldar Magnúsdóttur

frá Dölum, Fáskrúðsfirði, síðar Bakka í Kelduhverfi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík.

Björg Gunnlaugsdóttir
Magnús Gunnlaugsson
Aðalbjörg Gunnlaugsdóttir
Hulda Gunnlaugsdóttir
Hildur Gunnlaugsdóttir
Valdís Gunnlaugsdóttir
og fjölskyldur.

Sverrir Ólafsson
Erla Óskarsdóttir
Ríkey Einarsdóttir
Stefán Óskarsson
Gunnar Einarsson
Páll Steinþórsson
Vignir Sveinsson

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Heiðdís Eysteinsdóttir

sem lést á dvalarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ mánudaginn 15. maí verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 13.30.

Steinunn Klara Guðjónsdóttir Páll Jóhannesson
Sigríður Dykesteen og fjölskylda
Heiðar Ingi Svansson
Birna Klara Björnsdóttir
Heiðdís Björnsdóttir
og barnabarnabörn.

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
Þorgrímur Jónsson
Þorvaldur Gísli Kristinsson

Ástkær systir, mágkona og frænka,

Jóhanna Kristjánsdóttir

áður Stigahlíð 32, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 15. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 22, maí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á líknarstofnanir.

Valgerður Þ. Kristjánsdóttir
Gunnar J. Kristjánsson
Erla Kristjánsdóttir
Sigrún Kristjánsdóttir
og fjölskyldur.

VÖRÐUR TRAUSTASON FORSTÖÐUMAÐUR FÍLADELFÍU Alltaf er mikið um að vera í Hvítasunnuhreyfingunni Fíladelfíu og segir Vörður að þörf sé á stærra húsi fyrir söfnuðinn og eiginlega fleiri dögum í vikuna líka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HVÍTASUNNUKIRKJAN FÍLADELFÍA: SJÖTÍU ÁRA

Hátíðarsamkoma og karnivalstemning á afmælinu

Hvítasunnuhreyfingin fagnar margföldu afmælisári um þessar mundir. 85 ár eru liðin síðan samfellt starf hvítasunnufólks hófst hér á landi og Hvítasunnukirkjan Fíladelfía í Reykjavík heldur um helgina upp á sjötíu ára afmæli sitt.

„Hvítasunnuhreyfingin hefur breiðst mjög fljótt út um heiminn frá því að hún hófst í Los Angeles árið 1906. Nú tilheyra yfir sex hundruð milljónir manna hreyfingunni en til samanburðar telur lúterska kirkjan 61 milljón,“ segir Vörður Traustason, forstöðumaður Fíladelfíu. Rétt rúmlega tvö þúsund félagar eru í kirkjunni hér á landi og á Vörður því von á miklum fjölda fólks á afmælishátíðina.

Dagskráin hófst á fimmtudaginn með sjónvarpsupptökum en í dag verður fjölskyldan í fyrirrúmi og allir finna eitthvað við sitt hæfi. „Frá eitt til fimm verður karnivalstemning á planinu fyrir utan kirkjuna með hoppkastala, trampólínum og veitingasölu. Við notum líka alla kirkjuna þar sem hljómsveitir flytja tónlist bæði inni og úti. Einnig verður sögusýning þar sem saga hreyfingarinnar verður rakin í myndum og máli,“ segir Vörður.

Starf kirkjunnar eins og hún er í dag verður til sýnis og er óhætt að fullyrða að nóg sé um að vera í Fíladelfíu utan hefðbundins kirkjustarfs. „Í söfnuðinum er heilmikil utanfélagssamvera. Til dæmis erum við með gönguklúbb sem kallar sig 7TS sem fer á sjö tinda á hverju sumri, jeppaklúbbinn Extreme og nýstofnaðan mótorhjólaklúbb og ætla félagar klúbbanna að vera með jeppana sína og mótorhjólin til sýnis á hátíðinni. Það er mjög mikilvægt að njóta samverunnar utan kirkju og geta stundað heilbrigt líferni í náttúrunni um leið og við erum að gleðjast í guði,“ bætir hann við. Innan kirkjunnar er líka gríðarlega mikið starf og segir Vörður að alltaf sé mikið í gangi þegar vetrarstarfið stendur sem hæst. „Við þurfum stærra húsnæði og helst fleiri daga í vikuna því á hverju kvöldi er eitthvað að gerast í kirkjunni.“

Á morgun halda hátíðahöldin áfram, fyrst með hefðbundinni sunnudagssamkomu klukkan ellefu þar sem góður gestur kemur í heimsókn. „Richard Dunn, svæðisstjóri Assembles of God í Norður-Evrópu, ætlar að predika og að samkomunni lokinni verður viðstöddum boðið til grillveislu. Klukkan hálf fimm er hátíðarsamkoma þar sem von er á ýmsum framámönnum og ætlar Egil Svartdal, forstöðumaður Fíladelfíu í Ósló, að predika.“ Allir aldurshópar ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og Vörður ítrekar að öllum sé hjartanlega velkomið að taka þátt í hátíðardagskránni.

JARÐARFARIR

11.00 **Árni Hálfdán Brandsson**, Neshaga 9, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

11.00 **Jón Hermann Pálsson** frá Hjallanesi, Landsveit, verður jarðsunginn frá Skarðskirkju á Landi.

13.00 **Rakel Guðrún Aldís Benjamínsdóttir** bóndi, Læk, Holtum, verður jarðsungin frá Hagakirkju í Holtum.

14.00 **Björnfríður Ólafía Magnúsdóttir** áður bóndi og húsfreyja, Ketilseyri, Dýrafirði, verður jarðsungin frá Þingeyrarkirkju.

15.00 **Guðmundur Daðason** fyrrverandi bóndi á Ósi á Skógarströnd verður jarðsunginn frá Narfeyrarkirkju.

Málefnaþing Rauða krossins

Á morgun stendur Rauði krossinn fyrir málefnaþingi þar sem fjallað verður um einstaklinga sem fastir eru í vítahring fátæktar, einangrunar og mismununar. Þingið verður sett af Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, klukkan 10 í þingsal eitt á Hótel Loftleiðum.

Á þinginu verður fjallað um niðurstöður skýrslu sem unnin var fyrir Rauða krossinn undir yfirskriftinni Hvar þrengir að? Markmið skýrslunnar er að finna hópana sem búa við verstu kjörin í samfélaginu til að geta skilgreint hvar þörfin fyrir aðstoð er mest og er þetta í þriðja sinn sem slík skýrsla hefur verið unnin.

Upplýsingar um dagskrá þingsins er að finna á heimasíðu Rauða krossins. Aðgangur er öllum opinn án endurgjalds og er tekið á móti skráningum í síma 570-4000 og með tölvupósti.

SANDREIÐ Þessir tveir knapar viðruðu hesta sína á ströndinni í Baltimore. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Júróvisionpartýið heldur áfram

MEDION®

40" LCD SJÓNVARP 30140
- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768
- 1000:1 í Skerpu
- 2 Sjónvarpsmóttakarar
- Birta 500cd/m2
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

19.999**

Á MÁNUÐI Í 14 MÁNUÐI VAXTALAUST

279.986 Staðgreitt

VISA

Júróvisíon kaupaukar

Mynd í mynd
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað. Sjónvarpið er útbúið 2 móttökurum.

Skýrari mynd
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 768 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða mun skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

HD ready
Styður næstu kynslóð af Blueray og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd en þekkist í dag

TEVION

MD31132
TEVION 32" LCD SJÓNVARP HD
- 1366x768 pixla upplausn
- HD Ready
- Tveir sjónvarpsmóttakarar (double tuner)
- Response time 8ms (gray to gray)
- Contrast 1000:1
- Brightness: 550cd/m2 (typ.)
- Viewing angle: 170° H/V (typ.)
- MultiPIP - 1 live + 11 freeze
- Innbyggðir hátalarar 2x10RMS Wött

Júróvisíon kaupaukar

9.999**

Á MÁNUÐI Í 14 MÁNUÐI VAXTALAUST

119.986 Staðgreitt

MasterCard VISA

BT

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

Grillum alla helgina!

FYLLT LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
3.498 kr./kg

Úr Kjötborði Nóatúns

Allir sem versla í Nóatúni fá miða á Eurovision ball Nóatúns

sem haldið er á BROADWAY

Milljónamæringarnir spila á ballinu!

Laugardaginn **20. maí**

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAGRILLSTEIK
MEÐ TÓMAT OG BASIL
2.998 kr./kg

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBALÆRI KRYDDAÐ
HÁLFÚRBEINAÐ ÚR KJÖTBORÐI
1.598 kr./kg

Úr Kjötborði Nóatúns

GRÍSARIFJUR
ÚR KJÖTBORÐI
498 kr./kg

MAÍSKÓLFAR Á GRILLPINNA
169 kr./stk.

DUCHESS KARTÖFLUR
998 kr./kg

GRILLBAKKI GRÆNMETI
ÞURRKRYDDAÐ, MARENERAÐ Í BBQ
499 kr./stk.

Hvúmm

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár

Úr fiskborði Nóatúns

SKÖTUSELSFIÐRILDI
Í TÓMATKRYDDLEGI
1.998 kr. kg

Úr fiskborði Nóatúns

TÚNFISKSTEIK
Í TERYAKI & CHILI
2.798 kr. kg

Úr kjötborði Nóatúns



NAUTAFILLET
Í RAUÐVÍNSPIPAR-
MARINERINGU
3.298 kr. kg

FISKISPJÓT – KEILA
Í MIÐJARÐARHAFSLEGI
398 kr. stk.

GRILLSPJÓT – LAMBAINNRALÆRI
Í TOSCANA MARINERINGU
698 kr. stk.

GRILLSPJÓT – NAUTAFILLET
MEÐ SVEPPUM OG GRÆNMETI
698 kr. stk.

Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN

PAPAYA/SÓLALDIN
199 kr. kg.



RAUÐ VÍNBER
249 kr. kg.

CHERRY TÓMATAR
129 kr. pk. 250 g

PAPRIKA RAMIRO
499 kr. kg.

SELLERÝSTÖNGLAR
129 kr. pk. 200 g

= 5 á dag

...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

ARNA DÖGG EINARSDÓTTIR Flutti fimm ára gömul til Svíþjóðar og bjó þar næstu 20 árin. Hún hefur þó alltaf litið á sig sem Íslending og vissi alltaf að hér myndi hún búa.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Það er allt með ró og spekt á heimili Örnu Daggar Einarsdóttur læknis og Dags B. Eggertssonar borgarstjóraefnis í Þingholtunum og ekki virðist fyrir stressinu að fara þótt ekki sé nema vika til kosninga.

„Álagið er svo sannarlega mikið, bæði á Dag og fjölskylduna," áréttar Arna þó áður en blaðamaður fer að gera sér hugmyndir um annað. „Við förum eldsnemma á fætur og Dagur sést ekki fyrr en seint á kvöldin. Í prófkjörinu tók ég og stórfjölskyldan beinan þátt í baráttunni en núna reyni ég fyrst og fremst að veita honum andlegan stuðning og sjá um heimilið þannig hann þurfi ekki að hafa áhyggjur af því. Þetta er gríðarlegt álag sem er lagt á einn mann og ég reyni losa hann sem mest undan skyldum heimilisins, sem við sinnum venjulega til jafns, og draga úr samviskubitinu sem fylgir að vera lítið með fjölskyldunni. En við erum svo heppin að foreldrar mínir ætla að koma frá Svíþjóð og hjálpa okkur með börnin á meðan á þessu stendur, þannig að ég get vonandi bætt smá krafti við hjá honum, því þótt þetta sé erfitt er þetta líka mjög skemmtilegt."

Ræturnar á Íslandi

Arna og Dagur eiga saman tvö börn, Ragnheiði Huldu, tveggja ára og Steinar Gauta sem er að verða átta mánaða, en í júní byrjar Arna aftur að vinna eftir fæðingarorlof.

Hún ólst upp í Svíþjóð; flutti fimm ára gömul út með fjölskyldu sinni og bjó þar næstu 20 árin. „Svíþjóð hefur því alltaf verið mitt annað heimili, en ég alltaf litið á mig sem Íslending og vissi að hér myndi ég búa í framtíðinni. Núna líður mér líka eins og ég hafi fundið ræturnar aftur." Arna er læknisdóttir en ung að árum ákvað hún að feta ekki í fótspor föður síns, þótt raunin hafi orðið önnur. „Ég reyndi svo að komast í arkitektúr, en þegar það tókst ekki ákvað ég að kýla á læknanámið og sé ekki eftir því í dag."

Leidd saman af grænu hári

Hún er ekki aðeins læknir og læknisdóttir heldur líka læknisfrú og þótt hún og Dagur lærðu í sitthvoru landinu, leiddi námið þau óbeint saman. „Ég lærði í Svíþjóð en systir mín á Íslandi. Hún var á sama ári og Dagur og þau voru góðir vinir. Sumarið 1998 var ég í sumarvinnu hjá Íslenskri erfðagreiningu og Hulda systir var alltaf að segja mér að ég yrði að hitta þennan Dag vin sinn. Svo ákvað hún loksins að bjóða honum í mat og kynna okkur. Daginn sem við ætluðum að hittast fór Hulda í klippingu og litun en svo illa vildi til að litunin mistókst svo hræðilega að hárið á henni varð hálfgrænt. Hún var fram á kvöld að reyna að bjarga því sem bjargað varð. Það fór því svo að við Dagur hittumst bara tvö yfir kvöldverði og áttum saman indæla kvöldstund. Eftir það varð ekki aftur snúið."

„Það fór því svo að við Dagur hittumst bara tvö yfir kvöldverði og áttum saman indæla kvöldstund. Eftir það varð ekki aftur snúið."

Fyrsta árið voru Arna og Dagur í fjarsambandi, þar sem þau bjuggu hvort í sínu landinu. „Við ferðuðumst mikið á milli og þetta var mikið púsluspil. Í þrjú eða fjögur ár bjuggum við ýmist á Íslandi eða í Svíþjóð. Hann kom aðeins út í nám og ég tók fimmta árið mitt í læknisfræði hérna, en jólin 2003 var ég alkomin heim."

Alltof mikið af bílum

Arna kveðst vera pólitískt þenkjandi og eðli málsins samkvæmt ber stjórnmál oft á góma á heimilinu. „Við ræðum mikið málin og þótt við höfum svipaða lífssýn erum við ekki endilega alltaf sammála. Uppeldið í sænska velferðarkerfinu hefur ábyggilega haft nokkur áhrif á stjórnmálaskoðanir mínar."

Reykjavík er frábær borg að mati Örnu, en það fer í taugarnar á henni hversu mikil bílaborg hún er með tilheyrandi stressi. „Það er sjálfsagt Svíinn í mér. Þar var ég vön að hjóla eða ganga allra minna ferða. Mér finnst það skelfileg tilhugsun að Reykjavík sé smám saman að verða eins og amerísk bílaborg og ég held að það sé eitt brýnasta verkefni borgaryfirvalda að taka á því."

Frábær menningarborg

Ekki gefst mikill tími til tómstunda með tvö ung börn á heimilinu en Arna og Dagur eru að hennar sögn miklir listunnendur og reyna að njóta menningarlífsins í borginni eins og þau geta. „Við förum að vísu sjaldnar eftir að börnin komu en reynum að komast þegar við getum. Ég hef mikinn áhuga á tónlist finnst gaman að fara á tónleika og ekki síður á myndlistarsýningar. Í því tilliti er frábært að vera í Reykjavík því menningarlífið er mjög fjölbreytt."

Það dregur nær kosningum en Arna þorir ekki að spá fyrir um úrslitin og segist ekki sjá borgarstjórastólinn í hillingum, enda snúist kosningarnar síst um titlatog. „Ég held hins vegar að enginn sé betur fær til að gegna því embætti en Dagur. Hann yrði framúrskarandi í því, eins og öllu sem hann tekur sér fyrir hendur, enda stjórnmálamaður af nýrri kynslóð og þá á ég ekki við aldur heldur vinnubrögð. Þannig borgarstjóra þarf Reykjavík."

bergsteinn@frettabladid.is

Konurnar í lífi borgarstjóraefnanna

Nær öruggt má telja að annaðhvort Sjálfstæðisflokkur eða Samfylkingin muni leiða meirihluta borgarstjórnar eftir komandi kosningar. Borgarstjóraefnin **Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson** og **Dag B. Eggertsson** þekkja flestir en minna er vitað um konurnar í lífi þeirra. Fréttablaðið tók hús á **Guðrúnu Kristjánsdóttur** og **Örnu Dögg Einarsdóttur.**

Úr stofuglugganum á heimili Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og Guðrúnar Kristjánsdóttur í Breiðholtinu er frábært útsýni yfir Reykjavíkurborg. Fyrir mann sem hyggst stjórna borginni er þetta útsýni ekki amalegt, borgarlandslagið í allri sinni litadýrð breiðir sig út fyrir framan húsið, sama í hvaða átt er litið. „Við Villi göngum stundum hér um dalinn," segir Guðrún og bendir yfir Elliðaárdalinn sem er rétt við útidyrnar.

Kynntust sem skiptinemar

Guðrún og Vilhjálmur hafa verið par í fimm ár og heimili þeirra er afar hlýlegt. Gylltur og jarðlitir skipa þar stóran sess, alveg eins og í fatavali húsfreyjunnar. „Já, ég er mikið fyrir jarðliti," játar Guðrún og strýkur yfir drappað pilsið um leið og hún rifjar upp söguna af því hvernig þau Vilhjálmur kynntust. „Við kynntumst fyrst í gegnum skiptinemasamtök AFS þegar ég var sextán ára og hann átján ára. Hann hafði farið út til Bandaríkjanna sem skiptinemi og var svo kominn í stjórn félagsins þegar ég sótti um að fara út sem skiptinemi." Á þessum tíma voru þau þó bara kunningjar og leiðir lágu sitt í hvora áttina. Guðrún giftist handboltamanninum Ágústi Svavarssyni og bjó með honum bæði í Svíþjóð og Þýskalandi. Saman eiga þau tvö börn og fimm barnabörn. Vilhjálmur giftist líka og á hann þrjú börn og þrjú barnabörn með Önnu Johnsen. „Fyrir fimm árum hittumst við Villi svo á Laugaveginum, bæði á miklum hlaupum. Við ákváðum að taka kaffibolla saman svona upp á gamlan kunningsskap. Síðan leiddi eitt af öðru," segir Guðrún brosandi og það er greinilegt að henni finnst ekki leiðinlegt að segja frá þessu. „Okkur líður afskaplega vel saman. Við berum mikla virðingu hvort fyrir öðru og erum ástfangin upp fyrir haus."

Guðrún, sem á fjögur systkini, er fædd á Hellissandi en uppalin í Reykjavík. Faðir hennar var lengi skólastjóri í Langholtsskóla og því sótti systkinahópurinn sína menntun þangað. Úr Langholtsskóla lá leiðin í Kvennaskóla Reykjavíkur og þaðan í Kennaraskólann en Guðrún lauk prófi þaðan árið 1971. Í dag starfar Guðrún á bókasafni Rimaskóla en þar hefur hún verið í ellefu ár. En er hún sjálf mjög pólitísk?

„Mitt lífsmottó er að njóta lífsins, gera eitthvað skemmtilegt og lifa samkvæmt sannfæringu minni."

„Pabbi var mikill sjálfstæðismaður og ég hef lengi verið flokksbundin Sjálfstæðisflokkunum þó að ég hafi ekki verið virk þar. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fréttum og fólki og hef haft mjög gaman af taka þátt í stjórnmálastarfinu með Villa og mæta á fundi með honum nú í aðdraganda kosninganna." Hún segir að þau Vilhjálm greini ekki á um margt þegar pólitíkin er annars vegar, það sé miklu frekar að þau bæti hvort annað upp í ýmsum málum, t.d. skólamálum sem Guðrún er vel að sér í.

Sóðaskapur og Sundabraut

Þegar Guðrún er spurð hvað henni finnist að mætti betur fara í borginni þá stendur ekki á svari og hún er fljót að komast á flug. „Sóðaskapur er orðinn mjög áberandi hér í Reykjavík og það þarf að taka á þeim málum. Ég er einnig fylgjandi betri umferðarmenningu og vil að Sundabrautinni komi sem allra fyrst. Síðan finnst mér að lóðaframboð verði að vera meira hér í borginni." Aðeins seinni til svars er Guðrún þegar hún er beðin um að lýsa sjálfri sér. „Ég tel mig vera mjög skapgóða og þægilega í umgengni. Ég er fljót að gleyma leiðindum, er mikil félagsvera og hef yfirhöfuð gaman af lífinu." Hún bætir við að hún sé líka mikil fjölskyldumanneskja og hafi unun af því að grípa í handavinnu. Sameiginlegt áhugamál turtildúfnanna er golf en í sumar hyggja þau á einhverjar ferðir á völlinn og jafnvel ferð til Spánar eða Portúgals.

„Mitt lífsmottó er að njóta lífsins, gera eitthvað skemmtilegt og lifa samkvæmt sannfæringu minni." Hvað kosningarnar varðar segir hún að þær leggist vel í sig. „Ég styð Villa heils hugar því hann stendur við það sem hann segir, enda er hann bæði traustur og heiðarlegur," segir Guðrún og bætir við að það séu líka færri sem viti að hann er auk þess fullur af húmor og alveg bráðskemmtilegur. „Ef hann nær kjöri þá hlakka ég til að takast á við það hlutverk sem fylgir því. Ég hef afskaplega gaman af því að kynnast nýju fólki, þó ég geti reyndar verið alveg hroðalega gleymin á nöfn."

snaefridur@frettabladid.is

BETRI HELMINGUR VILHJÁLMS Guðrún Kristjánsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafa verið saman í fimm ár. Guðrún hefur tekið fullan þátt í stjórnmálastarfinu með Vilhjálmi en í frítímanum spila þau gjarnan golf saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALLT HITT

[FERÐIR BÍLAR]

www.utivera.is er vefur sem aldrei verður mælt nógu mikið með. Á vefunum má ógrynni af upplýsingum sem tengjast útiveru. Þar má einnig finna stórsniðuga búnaðarprófun. Meðal þess sem er prófað eru mæld og borin saman gæði hitabrúsa, loftdælna, bakpoka og ýmislegt annað.

BMW Z4 Coupé verður sýndur hjá B&L á mánudagskvöldið kemur og verður um heimsfrumsýningu að ræða. Þetta er í fyrsta skipti sem viðburður af þessari stærðargráðu er haldinn hér á Íslandi og verður engu til sparað. Viðburðurinn fer fram í salarkynnum BMW umboðsins á Íslandi, B&L að Grjóthálsi 1. Frétt fengin af www.fib.is.

Hrafnabjörg er næsti áfangastaður Útivistar. Ferðin er farin á morgun og lagt verður af stað frá BSÍ klukkan hálf ellefu. Hrafnabjörg er fjall sem er 763 metrar á hæð við austanvert Þingvallavatn. Vegalengd er um 15 kílómetrar og göngutíminn um fimm til sex klukkustundir.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 20. maí, 140. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.57	13.24	22.54
Akureyri	3.20	13.09	23.01

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Jón Páll Leifsson lúsast áfram á skjaldbökumerktum Mini Rover í umferðinni. Roverinn tekur hann fram yfir alla aðra bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vill ekkert annað en skjaldbökubílinn

Höfuðborgarbúar hafa án efa orðið varir við lítinn Mini Rover sem sniglast eftir götum bæjarins. Þar er á ferð Jón Páll Leifsson, rekstrarstjóri Elísabetar trygginga, á forstjórabílnum.

„Venjulega eru forstjórar á bílum sem kosta tvær milljónir plús en ég keyri um á bíl sem kostar 300 þúsund mínus," segir Jón Páll Leifsson en hann ekur um á forstjórabíl Elísabetar sem býður bílatryggingar og lán. Billinn endurspeglar hugmyndafræði Elísabetar, hann er án yfirbyggingar líkt og Elísabet sem er eingöngu á netinu. „Billinn er líka ódýr, bæði að kaupa hann og í rekstri, hentar betur einstaklingum en stórum fjölskyldum, svipað og tryggingarnar hjá Elísabetu."

Bílinn keypti Jón Páll í Þýskalandi fyrir 240 þúsund krónur en þar í landi er mikið úrval af bílategundinni. Jón Páll segir það hins vegar hafa tekið tíma að finna rétta bílinn. „Þegar ég kom til landsins með bílinn sá minn yfirmaður hjá TM tryggingum hann og heillaðist. Yfirmaðurinn minn keyrir 2006 árgerð af BMW og hann heimtaði að við skiptum á bílum yfir helgina. Ég gat engu ráðið enda er hann bossinn þannig ég „neyddist" til að vera á Bimmanum yfir helgina," segir Jón Páll og hlær. „Af öllum bílum sem ég hef keyrt finnst mér skemmtilegast að keyra Mini Roverinn. Hann er kannski meira fyrir augað en líkamann en það er ákveðið sport að keyra blæjubíl. Ég keyri samt ekkert hratt enda er Elísabet skjaldbaka," segir Jón Páll sem lúsast áfram í umferðinni og vekur kátínu annarra ökumanna fyrir vikið. „Síðan er ekkert mál að leggja þessu kríli. Best væri fyrir vinnufélaga að eiga tvo, þá væri hægt að deila einu stæði."

johannas@frettabladid.is

Jónsmessunæturganga á Fimmvörðuháls

ÚTIVIST
Leggjum land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

www.rs.is

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmíbát? Komdu og virtu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum að Ánanaustum 1. **Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 8–18.**

VÉLASALAN SKIPAL radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 000 OG 580 5300

Frumherji hf. í Njarðvík heldur sinn árlega mótorhjóladag í dag. Eigendur geta þá komið með hjólin sín og fengið skoðun á afsláttarkjörum.

Gabriel höggdeyfar, **AISIN** kúplingssett, **TRISCAN** spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bildshöfða 14 • 110 Reykjavík

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð
SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu varahluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com ...í einum grænum
G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

WWW.ABVARAHLUTIR.IS
EIGUM ÁVALLT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR BÍLA
BODDYHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - SÚTHLÍFIR - VATNSKASSAR OG FLEIRA
ERUM YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
Bildshöfða 18 - Sími: 567 6020 - ab@abvarahlutir.is - www.abvarahlutir.is Opið virka daga 8-18

MICHELIN
dekkar allt
Söluaðilar
HjólVest Ægisíðu 102 552 3470
Gúmmívinnustofan Réttarhálsi 2 587 5588 www.gvs.is
Hjólbarðahöllin Fellsmúla 24 530 5700 www.hollin.is
Hjólkó Smiðjuvegi 26, Hjólbarðaviðgerðin Akranesi, Gúmmívinnustofan Skipholti.
2364 / TAKTIK

Vistakstur minnkar eldsneytisnotkun og slit á bíl

Vannýtt auðlind sem hvaða ökumaður sem er getur sótt í.

Ef hægt væri að lækka eldsneytisverð um 10 prósent á einu bretti með því að fórna tveimur klukkutímum af tíma þínum, myndirðu gera það?

Vistaksturskennsla tekur tvo klukkutíma eða minna og algengur árangur er 10-15 prósenta minni eldsneytisnotkun og alveg up í 25 prósent í einstaka tilfellum. Það jafngilti því að bensínlítrinn kostaði um 95 krónur. Þrátt fyrir þetta segir Pétur Friðrik Þórðarson ökukennari að sárafáir einstaklingar sæki í kennsluna.

„Við höfum kennt mörgum í gegnum samninga við fyrirtæki. Einstaklingar sækja hins vegar ekki í námið. Það er ríkt í okkur að líta svo á að við kunnum að keyra bílana okkar og þurfum ekki kennslu. Við erum heldur ekki mjög sparsöm og viljum einfaldlega ekki temja okkur þær aðferðir sem þarf til að spara bensín. Það er helst að fyrirtæki með stóran bílaflota kaupi svona nám fyrir sína ökumenn," segir Pétur.

Umræða um vistakstur er þó alltaf að aukast og telur Pétur að sóknarfærin liggi í nýjum ökumönnum, „Kennaraháskólinn er að útskrifa stóran hóp af ökukennurum núna sem munu allir læra að kenna vistakstur. Ég á von á því að þetta fari beint inn í kennsluna hjá ungum ökumönnum. Það er hins vegar öllu erfiðara að kenna gömlu hundunum að sitja."

Vistakstur er upprunninn í Finnlandi og gengur út á lítillega breytta akstushegðun. Með henni sparast eldsneyti, slit á bílum og meira að segja tími. „Bremsubúnaður og hjólbarðar endast betur og ef allir tækju upp vistakstur myndi aftanákeyrslum fækka mikið," segir Pétur. „Kennslan kostar um 10-13 þúsund krónur en það borgar sig margfalt til baka á fyrsta árinu. Hún fer þannig fram að viðkomandi keyrir ákveðna vegalengd með sínu aksturslagi. Eftir það lesum við af fullkomnum mælitækjum hvað bíllinn eyddi miklu, ferðin tók langan tíma og þar fram eftir götunum. Síðan förum við sömu vegalengd með vistaksturslagi og lesum aftur af mælunum. Svo er það undir nemandanum komið að viðhalda þessu aksturslagi," segir Pétur að lokum.

Lista yfir ökukennara sem kenna vistakstur má finna á vefslóðinni www.aka.is.

Pétur Friðrik Þórðarson ökukennari segir fáa Íslendinga sækja í vistakstur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

einareli@frettabladid.is

Snjóhjól verða kynnt í fyrsta sinn á Íslandi um helgina.

Snjóhjól á Snæfellsjökli

Á morgun, sunnudaginn 21. maí, kynnir Bovin Ísland ehf. nýjung í ferðamáta á snjó. Um er að ræða svokallað snjóhjól.

Tækið er blanda af mótorhjóli og snjósleða. Um kanadíska uppfinningu er að ræða sem framleiðendur kjósa að kalla Snowhawk. „Þetta er stórskemmtilegt tæki með mikla hreyfigetu og kraft," segir Adam Bjarki Ægisson innflutningsaðili. „Það er auðvelt að stýra tækinu og ég fór upp á topp á Snæfellsjökli án nokkurra vandræða."

Kynningin fer fram á Snæfellsjökli við Arnarstapa 21. maí kl 13.00. Boðið verður upp á léttar veitingar en í aðalhlutverki verður að sjálfsögðu snjóhjólið sjálft. Við fyrstu sýn virðist hjólið mjög óstöðugt en um leið og sest er á það og lagt af stað kemur annað í ljós. Það tekur yfirleitt um fimm tíma að ná fullkominni stjórn á hjólinu en þeir sem eru með bakgrunn á mótórhjóli geta á einni klukkustund náð miklu öryggi.

Þess má geta að hjólið er 115 hestöfl og aðeins 170 kíló. Stefnt er að því að halda keppni í snjókrossi í sér snjóhjólaflokki.

Snjóhjólin hafa verið reynd við íslenskar aðstæður með góðum árangri.

Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Myndavélar gegn tefloni!

Teflon er nafn á efni sem er gríðarlega sleipt og gríðarlega slitþolið. Það er því bráðsniðugt að vera til dæmis með teflonhúðaða steikarpönnu, að ekki sé minnst á núningsfleti í bílvélum.

Teflonhúðaðir heilar eru hins vegar bara til trafala. Ég hef í seinni tíð þróað með mér kenningu um að ég hafi í barnæsku orðið fyrir óhappi sem varð til þess að óhóflegt magn af tefloni hefur hellst inn um vit mín. Auðvitað man ég ekkert eftir þessu meinta óhappi, enda með teflonheila. Né heldur hversu oft ég hef komist að þessari niðurstöðu, og gleymt henni aftur.

En, semsagt, já – ég glími við frekar lélegt minni. Það háir mér svosem ekki þannig að ég rati ekki heim til mín eða þess háttar, en að muna hvar ég lagði bílnum fyrir kortéri síðan – ekki séns.

Erfiðast hefur þetta verið þegar ég hef staðið í viðgerðum á bílaflotanum. Ég hef til dæmis skipt um bremsuklossa oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Samt fæ ég alltaf kaldan svita þegar ég er búinn að rífa bremsubúnað í sundur og man ekki lengur hvernig hann leit út þegar ég byrjaði. Þetta er nefnilega ekki eitt af því sem ég „bara veit“.

Stundum hefur mér tekist að bera hlutina við og láta þá passa – stundum hefur þetta kostað símtöl á borð við „sko, þarna stöngin sem fer undir stöngina með gorminum sem er á milli stanganna...“ og þess háttar. Sumt bara vill ekki síast inn og rennur jafnóðum af teflonheilanum.

Þar til allt í einu að mér datt snjallræði í hug – og ég er manna fyrstur til að viðurkenna það þegar ég fæ góða hugmynd. Þegar kom að einhverri viðgerðinni (sem ég man auðvitað ekki hver var) greip ég með mér stafræna myndavél og fótógraferaði hið bilaða í bak og fyrir á meðan ég tók það í sundur. Svo prentaði ég nokkrar myndir út og notaði fyrir leiðarvísi þegar ég byrjaði að raða saman aftur.

Og mikið var ég ánægður með mig og heilann minn, teflonhúðaðan eða ekki. Loksins búinn að finna lausn á einu af stóru vandamálum lífsins. Það er að segja þangað til ég lagði myndavélina frá mér... og man ekki alveg hvar.

L-200 pallbíllinn hefur verið endurhannaður frá grunni og í dag gefst Íslendingum kostur á að sjá árangurinn.

Nýr L-200

Hekla frumsýnir í dag stærri, liprari og íburðarmeiri pallbíl.

Nýi Mitsubishi L-200 pallbíllinn er um margt ólíkur eldri árgerðum, enda hannaður upp á nýtt frá grunni. Meðal nýjunga er hljóðlát 2,5 lítra, 136 hestafla CommonRail díselvél og nýr fjöðrunarbúnaður. Auk þess er í bílnum Super Select 4WD-drifkerfi, sem hefur áður fengist í Mitsubishi Pajero. Loks er innra rými mun rúmbetra og íburðarmeira en í eldri gerðinni.

Nýja hönnunin á L-200 bílnum gerir hann mjög lipran í akstri og státar hann af minnsta beygjuradíus í sínum stærðarflokki. Hægt er að velja um 5 gíra handskiptan gírkassa eða 4 þrepa sjálfskiptingu og kostar bíllinn frá 2.960.000 krónum. L-200 er fáanlegur í tveimur útfærslum, Invite og Instyle, og er sú síðarnefnda meðal annars búin leðurinnréttingu, dökkum hliðarrúðum og stöðugleikastýringu.

Nýi L-200 bíllinn verður frumsýndur í húsakynnum Heklu, Laugavegi 174, frá klukkan 10-16 í dag.

umferðaröryggi }

Rúmlega 200 hestafla Subaru. Eigendur þeirra fá ársaðild að Kvartmíluklúbbnum fyrir tilstuðlan Ingvars Helgasonar.

Stuðla að öryggi

INGVAR HELGASON OG KVARTMÍLUKLÚBBURINN LEGGJA SITT AF MÖRKUM TIL UMFERÐARÖRYGGIS.

Ingvar Helgason, umboðsaðili Subaru á Íslandi, og Kvartmíluklúbburinn hafa ákveðið að sameinast um að leggja sitt af mörkum til að stuðla að auknu umferðaröryggi á vegum landsins. Í gegnum tíðina hefur Subaru boðið upp á kraftmikla útfærslu af Impreza, svokallaða „Turbo" bíla, en þeir skila vel yfir 200 hestöflum og má finna í rallíkeppnum víða um heim.
„Í stað þess að ökumenn freistist til að aka um götur borgarinnar á ólöglegum hraða ákváðum við í samráði við Kvartmíluklúbbinn að gefa eigendum þessara bíla ársaðild í Kvartmíluklúbbinn, en alls eru þetta um 200 bílar. Ég er sannfærður um að þetta eigi eftir að reynast vel og einnig erum við að skipuleggja ákveðinn viðburð með þessum hóp sem kynntur verður síðar," segir Rúnar H. Bridde, markaðs- og sölustjóri Subaru.

Fornbílar til leigu í Bretlandi

Sérstæð bílaleiga í Bretlandi býður viðskiptavinum sínum bíla sem flesta fornbílaáhugamenn hefur dreymt um að keyra.

Í gegnum tíðina hafa Bretar verið iðnir við að framleiða sportbíla. Litla bíla með röskum vélum sem gaman hefur verið að keyra. Ef þú ert á leið til Bretlands er gráupplagt að leigja sportbíl úr fornbílasafni þeirra Elaine og Tony Merrygold og þeysa á honum um enskar sveitir og strandbæi. Helst með James Bond-þemað í bakgrunni.

Elaine og Tony reka bílaleiguna The Open Road og hafa til leigu átta klassíska breska sportbíla, árgerðir 1961 til 1974, og nú síðast bættist einn amerískur Ford Mustand í safnið, árgerð 1966. Þau hjónin eru bæði miklir áhugamenn um fornbíla og leggja mikið á sig til að þóknast viðskiptavinum sínum. Á hverju ári eru minnst eftirsóttu bílarnir seldir og skoðanakönnun meðal viðskiptavina ræður því hvaða bílar eru keyptir í staðinn. Þannig að ef draumabíllinn er ekki á skrá núna geturðu bara lagt inn pöntun og vonandi verður hann keyptur á næstu árum.

Meðal bíla á Open Road bílaleigunni er þessi Austin Healey 3000, árgerð 1963.

MG MGB Roadster, árgerð 1969. Þessir bílar eru mjög vinsælir meðal áhugamanna í Bretlandi.

Miðað við venjulega bílaleigubíla eru Open Road bílarnir frekar dýrir, eða frá 17.000 krónum á dag, en hversu oft fær maður tækifæri til að keyra 1963 árgerðina af Austin Healy 3000 án þess að borga offjár fyrir bílinn sjálfan og eyða svo hálfri ævinni í bílskúrnum með honum?

Heimasíða bílaleigunnar er www.theopenroad.co.uk.

Triumph TR6, árgerð 1974. Ekki amalegur kostur fyrir sunnudagsbíltúrinn.

Rolls-Royce frumsýndur

Sá fyrsti sem fluttur er til landsins í 25 ár.

Nú um helgina frumsýnir B&L ekki minni bíl en Rolls-Royce Phantom. Þetta er í fyrsta sinn sem bifreið frá Rolls-Royce er frumsýnd hér á landi og í fyrsta sinn í 25 ár sem úrvalsbifreið af þessari gerð kemur til landsins.

Bifreiðin er af gerðinni Phantom EWB (extended wheelbase) og er hún 250 mm lengri en upprunlega gerðin. Phantom er búinn öllum hugsanlegum þægindum, auk mikils rýmis og sérhannaðrar aðstöðu fyrir farþega og bílstjóra.

Billinn sem frumsýndur er núna um helgina er af lengri gerðinni, Phantom EWB.

Rolls-Royce hefur alla tíð verið á sérstalli og búið til sín eigin viðmið þegar kemur að gæðum og þægindum.

Þá er bifreiðin með eina fullkomnustu V12 vél sinnar tegundar, en í fullum afköstum skilar þessi nýja 6,7 lítra vél 453 hestöflum.

Gríðarlegur kraftur hennar sést ef til vill best á því að á 100 km hraða er 75 prósent af vélaraflinu enn til ráðstöfunar. Enn fremur vekur athygli að af 720 Nm togi vélarinnar myndast 78 prósent þess, eða 560 Nm, við einungis 1000 snúninga. Það gefur einstaklega þýða og áreynslulausa hröðun.

Frumsýningin á Rolls-Royce Phantom verður í Ásmundarsafni við Sigtún í Reykjavík og verður opið frá klukkan 12 til 16 báða daganna.

Frá undirritun samningsins.

Vel á vegi stödd

SKELJUNGUR OG UMFERÐARSTOFA BEITA SÉR FYRIR SPARNAÐI OG FÆKKUN SLYSA.

Skeljungur hf. og Umferðarstofa hafa undirritað samstarfssamning vegna verkefnisins Vel á vegi stödd í vinnunni. Verkefnið miðar að bættum aksturshátturm bílstjóra hjá fyrirtækjum sem eru með marga bíla í rekstri og í daglegri umferð. Markmiðið er sparnaður í rekstri og jafnframt fækkun óhappa og slysa. Umferðarstofa fær reglulega sendar lykiltölur í rekstri þeirra fyrirtækja sem þátt taka þannig að hægt sé að fylgjast með árangri verkefnisins. Það voru Már Sigurðsson, yfirmaður rekstrarsviðs Skeljungs, og Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu, sem undirrituðu samninginn.

471-2660 471-2660

TOYOTA
EGILSTAÐIR

Toyota Landcruiser 90VX.
Skr. 12/1999. Ek 150.000 km.
Verð: 2.300.000 kr. ENGIN SKIPTI

Toyota landcruiser 120GX.
Skr. 10/2003. Ek. 51.000 km.
Verð: 4.200.000 kr. ENGIN SKIPTI

Toyota Landcruiser 90VX.
Skr. 01/1999. Ek. 213.000 km.
Verð: 1.950.000 kr. ENGIN SKIPTI

Toyota Yaris 1,3 SOL.
Skr. 07/2003. Ek. 68.000 km.
Verð 1.120.000 - ENGIN SKIPTI

Toyota Corolla, 1,4 Sedan.
skr. 06/2004. Ek. 42.000 km.
Verð: 1.340.000 - ENGIN SKIPTI

Toyota Egilstaðir
Miðás 2- 700 Egilstaðir
Opið virka daga 9-18,
laugardaga 12-16

Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk

Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)

Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900

ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Flugmódelkynning í dag

ÞYTUR MEÐ BYRJENDAKYNNINGU VIÐ HVALEYRARVATN Í DAG.

Flugmódelklúbburinn Þytur stendur fyrir byrjendakynningu fyrir áhugasama í dag. Kynningin fer fram við flugvöll og félagsaðstöðu klúbbsins á Hamranesi við Hvaleyrarvatn.
Tilgangur kynningarinnar er að veita byrjendum í módelflugi, sem og öðrum áhugasömum, tækifæri til að kynnast starfsemi klúbbsins og fræðast um módelflug. Óráðlegt og erfitt er að byrja að fljúga módelum án aðstoðar eða tilsagnar og því er kynningin upplagt tækifæri til að taka fyrstu skrefin. Kynningin hefst klukkan níu og stendur til hádegis, eða lengur ef vel viðrar.

Flugmódel eru vinsæl hérlendis og hafa verið í yfir hálfa öld.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta
HONDA Þjónusta
NISSAN Þjónusta

KT jeppa & útivistarverslun
S:466-2111
SMM pallhúsin eru viðurkennd af framleiðendum Toyota, Isuzu og GM
Gæða pallhús
Hilux 2006
Isuzu D-Max
Mitsubishi L200
Nissan Navara
Mazda / Ford
www.kliptrom.is

Sumarið er tíminn til að láta snoða sig. Tíska eða ekki tíska, það er svo miklu þægilegra þegar hitinn kemst upp undir suðumark.

Litrík sumartíska

Tískan í sumar er mjög litrík og öllu má blanda saman.

Nú þegar sumarið nálgast er kominn tími til að fara úr vetrarfötunum og smeygja sér í eitthvað sumarlegra. Sumartískan er fjölbreytt og litrík og alls kyns munstur eru málið. Allt er leyfilegt og öllu má blanda saman.

H&M græðir minna

REKSTUR VERSLUNARKEÐJUNNAR HENNES OG MAURITZ HEFUR EKKI GENGIÐ EINS VEL OG MARGIR HÖFÐU VÆNST.

H&M er stærsta tískuverslunarkeðja Evrópu, en hún fór nýlega fram úr spænsku verslunarkeðjunni Zöru, en H&M rekur 1239 verslanir í tuttugu og tveimur löndum. Hin sænska H&M hefur hins vegar skilað minni hagnaði en til var ætlast á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.
Ástæður fyrir slæmu gengi segja forsvarsmenn fyrirtækisins mega rekja til slæms veðurs það sem af er ári. Ekki var þó um tap að ræða heldur varð gróðinn minni en ráð hafði verið fyrir gert. Engin vandræði steðja þó að H&M, en nýlega gerði samsteypan risasamning við tískuhönnuðina Victor & Rolf.
Frá sýningu hollensku hönnuðanna Victors & Rolfs sem fram fór í febrúar.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sumarlegt útlit frá Estée Lauder

SNYRTIVÖRURNAR FRÁ ESTÉE LAUDER GEFA FALLEGT OG FRÍSKLEGT ÚTLIT SEM Á VEL VIÐ Í SUMAR.

Amber Bronze Sun Goddess Compact er nýtt sólarpúður sem gefur húðinni fallegan lit og ljóma og Illusionist Intense Maximum Curling Mascara er nýr maskari sem sveigir augnhárin óaðfinnanlega um leið og hann þykkir og lengir þau. Með sólarpúðrinu og maskaranum má ná fram sumarlegu útliti á augabragði sem getur alltaf komið sér vel þegar mikið er að gera.


Heildsöludreifing www.Hafnarsport.is
Útsölustaðir: Femin.is, Snyrtist. Okkar Keflavík.
Snyrtist. Abaco Akureyri, Bætt Útlit, Snyrtist. Jara Akureyri,

EKTA GÚMMÍ-SKÓR
VARIST EFTIRLÍKINGAR

xena
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Símakostnaður á ferðalögum vill rjúka upp úr öllu valdi.
Gott er að kaupa erlend símakort svo hafa megi hemil á kostnaðinum.

Indíánar og kúrekar

31. ágúst - 14. september

Á sléttunum miklu í Ameríku

Leiðin liggur um fimm fylki „villta vestursins" þar sem náttúran er stórbrotin og enn er hægt að finna indiána og kúreka. Farið um slétturnar miklu, Lakota indíánar heimsóttir, gist í ekta kúrekabæ, farið um Black Hills þar sem margar orustur milli hvítra og indíána voru háðar og minjar um söguna eru víða til staðar. Hægt að ganga á Bear Butte hið helga fjall Lakota og Cheyenne indíána. Náttúruperlur eins og Badlands og Devil's Tower heimsóttar. Farið að Little Big Horn þar sem hin fræga orrusta sem felldi Custer var háð. Ferðast með Missouri fljóti sem var aðalleið landkönnuðanna Lewis og Clark. Stórkostleg Pow-Wow (danshátíð indíána) í Bismarck. Á þessu svæði var hin þekkta kvikmynd Dansað við úlfa kvikmynduð. Einn dagur í lokin í Minneapolis/St. Paul.

Fararstjóri: Guðrún Bergmann

Verð: 175.500 kr.

Sjá - Ragnheiður Ingunn Ágústdóttir

Nánari upplýsingar í síma 570 2790 eða á www.baendaferdir.is

KYNNTU ÞÉR SÉRFERÐIR FERÐAÞJÓNUSTU BÆNDA

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Ítalía er perla fyrir ferðamenn. Hér er strandlengjan við Sorrento.

Ítalía hefur allt að bjóða

Ferðaskrifstofan Heimsferðir flýgur vikulega í sumar til tveggja ítalskra borga, Bologna og Trieste. Þaðan liggja leiðir til allra átta.

„Land veit ég langt og mjótt" er upphaf þekkts dægurlags og er þar vísað til Ítalíu. Þar má finna fjölbreytt landslag, fallegar strendur, margbrotna sögu og gróskuríka menningu, spennandi fornminjar, listir, söfn og tónleika á heimsmælikvarða. Einnig rómantíska miðaldabæi og nýtískulegar borgir, hönnun og tísku, fótbolta og fleira sport og ekki má gleyma einni helstu ástríðu Ítala, matargerðinni.

Ferðaskrifstofan Heimsferðir hefur sérhæft sig í ferðum til Ítalíu undanfarin ár. Í sumar er hún með vikulegar ferðir til Bologna og Trieste. Þaðan liggja leiðir hvort sem er til strandanna Rimini eða Lignano, til Gardavatns eða Alpanna í norðri og á ítölsku rivíeruna í vestri. Þá er hægt að fara á flakk um frjósöm og fögur héruð eða til menningarborga eins og Flórens, Feneyja og Rómar svo eitthvað sé nefnt.

Auk hefðbundinna sólarferða bjóða Heimsferðir upp á nokkrar sérferðir og gönguferðir í sumar um hin ýmsu héruð Ítalíu. „Perlur Ítalíu" er spennandi fjórtán daga ferð um suðurhluta landsins undir leiðsögn eins fremsta Ítalíusérfræðings Íslands, Ólafs Gíslasonar listfræðings.

Flogið verður til Bologna þann 9. ágúst og heim frá sama stað 22. ágúst. Eftir eina nótt í Bologna verður ekið suður til hins fallega bæjar Sorrento sem kúrir innan um vínekrur og ávaxtatré í hlíðunum ofan við safírbláan Napolíflóann. Þaðan er stórkostlegt útsýni til Capri og annarra eyja og til fjallsins Vesúvíusar. Í þessu umhverfi er dvalið í fimm daga og farið í kynnisferðir um nágrennið, m.a. til Napolí, Pompei, um Amalfi-ströndina og siglt út í eyjar. Eftir dvölina í Sorrento er siglt yfir til Sikileyjar, sem er stærsta og fjölmennasta eyja Miðjarðarhafsins og hefur að geyma náttúrufegurð, fornminjar, listir og sögu auk matarmenningar og mannlífs.

Nánari upplýsingar um þessa ferð og aðrar Ítalíuferðir er að fá hjá söluaðilum Heimsferða í síma 595 1000 eða á www.heimsferdir.is

Fljótandi ferðaþjónusta

60 feta skúta, sem nýta á fyrir alls kyns ferðaþjónustu, kom til Ísafjarðar í síðustu viku. Skútan bíður nú eftir að sigla af stað með ævintýraþyrsta ferðamenn.

Skútunni er ætlað að sigla með ferðalanga um Vestfirði og austurströnd Grænlands. Fyrirtækið Bora Adventures sér um skipulagningu ferðanna. Boðið verður upp á allt frá þriggja daga ferð til lengri ferða sem vara í allt að þrjár vikur.

Enn er verið að útfæra starfsemina en til að byrja með verður farið í nokkrar reynsluferðir. Vonast er til að geta boðið upp á náttúruskoðun, skíðaferðir á vorin, ævintýraferðir þar sem blandað er saman kajaksiglingum í Jökulfjörðum og við Hornstrandir ásamt því að reynt verður að bjóða upp á snorkköfun á Reykjanesi. Á haustin er gert ráð fyrir að færa skútuna í Breiðafjörðinn og bjóða upp á styttri siglingar allt að Látrabjargi.

Skútan siglir inn í höfn Ísafjarðabæjar.
MYND HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Um er að ræða nýja tegund ferðaþjónustu á Íslandi og ljóst að aðstandendur hafa ógrynni möguleika fyrir starfsemi sína. Ísafjörður hentar vel sem dvalarstaður skútunnar enda eru mörg falleg svæði í nágrenninu og stutt að sigla til Grænlands.

Frétt fengin af www.bb.is.

HÓTEL SÓLEY

Þann 1. júní verður nýtt 25 herbergja hótel opnað á Dalvík.

- Hótel Sóley -

Rými fyrir 50 manns í 2ja manna herbergjum, með baðherbergi og sturtu - fallegt útsýni til sjávar og sveita. Dalvík sem er í um 30 mínútna akstusfjarlægð frá Akureyri, er m.a. þekkt er fyrir Fiskidaginn mikla. Kjörinn staður til að stunda hvers kyns útvist, svo sem; hvalaskoðun, gönguferðir, hjólreiðaferðir, kajaksiglingar á Svarfaðardalsá, golf, fiskveiðar, hestamennsku o.fl. Sundlaug og heilsurækt er við hliðina á hótelinu.

Kynningarverð í júní
Nánari upplýsingar í síma:4663395
með tölvupósti á info@hotel-soley.com
eða á heimasíðu www.hotel-soley.com

Láttu sjá þig fyrir norðan!
Verið velkomin til Dalvíkurbyggðar!

ÚTHLÍÐ
FERÐAÞJÓNUSTA

- Sundlaug
- Veitingastaður
- Golfvöllur
- Hestaleiga
- Orlofshús
- Tjaldstæði

Úthlíð Biskupstungum - www.uthlid.is - 699 5500

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Myndlistamaður óskar eftir vinnustofu, má vera hrátt, skilvísum greiðslum heitið. Uppl í s. 820 3560.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Bílskúr

Bílskúr í Hlíðunum á svæði 105, rúmlega 31 fm. S. 899 8826.

Til leigu 23 fm bílskúr í 201 kóp., 25 þús. per/mán. Uppl. í síma 660 7675.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Til leigu stórgl. hús 25 mín suður af Alicante frá 17.8-13.9. Eitt með öllu. S. 822 1920 opet@opet.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Sumarstörf
Við óskum eftir þroskuðum einstaklingum til úthringistarfa í þjónustuverum okkar í sumar. Starfssvæði: Reykjavík, Akureyri, Blönduósi, Keflavík Vinnutími 17:00 - 22:00 mán - fös 12:00 - 16:00 lau
Umsóknum skal skila á netfangið bm@bm.is sem fyrst merkt starfsstöð sem óskað er eftir. BM ráðgjöf eh.

Ræsting / Morgunvinna
Vantar fólk í afleysingar í s sumar þarf að geta hafið störf fljótt, vinnutími 8-12, unnið á vöktum.
Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

SÝNINGAR

Handverksýning
Félag eldri borgara í Hafnarfirði hekdur sýna árlegu handverkssýningu í Hraunseli, Flatahrauni 3. Dagana 20.,21. og 22. Maí.
Frá kl 13 - 17
Komið, sannfærist!

TIL SÖLU

Kringlukráin.
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í dag - kvöld og helgarvinnu. Æskilegt að viðkomadni hafi reynslu.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

Rennismiðir óskast í framtíðarstörf
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinsprróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað.
Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang- velvik@velvik.is

Helgarvinna
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Ellisif í síma 553 5280.

Kokkarnir veisluþjónusta.
Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur mannesku í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

Stýrimann og háseta
vantar á línubát sem rær með beitningavél.
Upplýsingar í síma 852 2389 & 892 1757.

Hressir strafsmenn á góðum aldri
óskast til útiverka í sumar, góð laun og áframhaldandi vinna fyrir rétta menn. Kostur að hafa vinnuvélaréttindi eða meiraprófsréttindi.
Upplýsingar í síma. 894 7010.

Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára.
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Hægt er að leggja inn umsóknir á nings.is & Upplýsingar í síma 822 8840
Upplýsingar í síma 822 8840

HÁRSNYRTIR
Hársnyrtistofan Dalbraut óskar eftir hársnyrti til starfa. Góð laun í boði.
Hársnyrtistofan Dalbraut 1 Sími 699 7537

Viltu koma í Pizza Hut liðið?
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is eða hafa samband við veitingastjóra á Pizza Hut Smáralind

Gluggasmiðjan ehf.
Gluggasmiðjan, Viðarhöfða 3, óskar eftir að ráða iðnaðarmenn og laghenta menn í ál- og tré-deild fyrirtækisins. Upplýsingar gefa Pétur Þórarinsson og Gunnar Guðjónsson á staðnum eða í síma 577-5050
Upplýsingar gefa Pétur Þórarinsson og Gunnar Guðjónsson á staðnum eða í síma 577 5050.

Starfsfólk óskast. Eldri en fertugir sérstaklega velkomnir. Upplýsingar á staðnum. Litli Ljóti Andarunginn, Lækjargötu 6b .

Starfsmaður í Malarnámu óskum eftir starfsmanni í malarnámu, vanur vinnuvélum og viðgerðum. JVJ ehf. Sími 565 1595 & 892 5388.

Viðgerðarmaður
Óskum eftir viðgerðarmanni eða manni vönum almennum viðgerðum hjá vel stæðu verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 860 2971.

Sumarvinnna
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Aðstoðarmaður óskast í Björnsbakarí vesturbæ. Vinnutími er frá kl 05-13 daglega og unnið er þriðju hverja helgi frá kl 04-12. Upplýsingar í síma: 663-2268 Eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Gestamóttaka
Hótel í RVK óskar eftir starfsm. í gestam. í sumar á dagvaktir og næturv. Sendið upplýsingar til info@atlantis.is

Málari óskast
Óska eftir málara eða manni mjög vönum málningarvinnu. Uppl. í s. 860-4996

Vantar starfskraft í dagvinnu og helgarvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 551 7474 & 864 7318.

Vantar duglega starfskrafta í söluturn/vídeóleigu í fullt starf. Mikil vinna en gott frí á milli. Einnig í boði kvöld og helgarvinna. Uppl. Sólveig s. 899 4461

Veitingahús
Starfskraftur óskast í ca. 80% vinnu. 15 dagar frá 7-14 og 5 dagar frá 12-19. Hentar vel manneskju á miðjum aldri. Upplýsingar í síma 843 9950 eða 898 2975.

Europris, sumarstörf í boði, umsóknareyðublöð í öllum verslunum, sími: 533 3366 Europris

Söluturn í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfskrafti. Í boði eru bæði dagvaktir kvöldvaktir. Góð laun í boði, uppl. í s. 897 6966.

Stafsfólk í Garðvinnu
Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

Flotun ehf
óskar eftir duglegum starfsmanni, meirapróf æskilegt. Uppl. í s. 660 6461.

Getum bætt við okkur hársnyrtinema. Hafið samband, Klipphúsið Bíldshöfða 18 s. 567 2044.

Hársnyrtistofan Corner óskar eftir 1.árs nema sem fyrst. Uppl. á staðnum eða í síma 897 4878 & 698 1086 & 544 4900.

Kaffihús
Strarfskraftur óskast til framtíðarstarfa í bakarí og kaffihús. Uppl. gefur Stefán í síma 551 3524 & 897 0350 Sandholt, Laugavegi.

Jarðkraftur ehf.
Óskar eftir að ráða vörubílstjóra til starfa sem allra fyrst. Uppl. í s. 892 7673 Karel. 868 4043 Þórarinn.

Atvinna atvinna
Vantar deildarstjóra í Rúmfatalagerinn Holtagörðum. Einnig sölumann í húsgögn og sumarstarfsfólk á kassa. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast í skemmtilega en erfiða útivinnu í sumar. Bílpróf og sveigjanlegur vinnutími skilyrði. Uppl. í s. 898 9993.

Hár,hár
Nemi óskast. Hárstofan Noon, Hólmaseli 2, Sími 567 2077.

Hressan og ábyggilegan hjólagröfumann/konu vantar til starfa sem fyrst. s. 840-4090

Vantar rafvirkja
Vantar rafvirkja í vinnu. Upplýsingar í síma 840 4931

Flottar stelpur & hraustir strákar óskast í ævntýralega sumarvinnu. S. 894 4141 & 692 2178.

Viðskiptatækifæri

Lítil sæt blóma og gjafavöruverslun í þéttum byggðarkjarna til sölu af sérstökum ástæðum, auðveld kaup. Uppl. í s. 588 4020, Sól.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall við yndislegar konur! Hver verður vinkona þín? S. 908-6000 (símat) og 535-9999 (kort).

Kona, 44, ljósh, bláeyg, í samb, v/kynn. karlm. m/tilbr. í huga. RTS, 905-2000 (símat) og 535-9920 (kort) auglnr. 8179.

til leigu í 101. Falleg 3 herb íbúð með nýlegri eldhúsinnréttingu ískápur og upppvottavél úr burstuðu stáli.100% reglusemi áskilin.Leiga 95 þús kr á mán með hita.Uppl s.8966544

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

LAXAKVÍSL - ENDARAÐHÚS

Frábærlega staðsett 237,7 fm eign á tveimur hæðum með bílskúr. Opið svæði sunnan við húsið. Stórar bjartar stofur með arni, útgengi út í fallegan gróinn garð. Fimm góð herbergi, bað, gestasalerni. Rúmgott og vel viðhaldið hús, sem kemur verulega á óvart og vert er að skoða.
Verð 51,5 millj.

BARÐAVOGUR - EINBÝLI

Frum

Vorum að fá í einkasölu tveggja íbúða einbýli. Kjallari, hæð og ris ásamt sérbyggðum bílskúr. Sér íbúð í kjallara. Mikið endurnýjuð eign. Allar lagnir nýlegar sem og gólfefni. Frábær staðsetning á skjólsælum stað.
TIL AFHENDINGAR STAX.

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913
Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

ATVINNA

ATVINNUTÆKIFÆRI
Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

TIL SÖLU

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti
Eggert Sk. Jóhannesson. Jóhannes Eggertsson. Ólafur Thoroddsen hdl.
Löggilt fasteigna, fyrirtækja og skipasala. Síðumúli 33. Sími: 5 888 111

Línubeitningavélaskip til sölu

Stærð: Brl: 236. Bt: 321. Ml: 37,95. Sl: 34,56. B: 7,3
D: 5,84. Aðalvél: Callesen 1.000 hö, 736 kW árg. 1978.
Skipið smíðað í Þýskalandi.

Mustard beitningavél. Tilboð óskast.

Sími 5-888-111. Fax 5 888 114.

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti
Skipamiðlunin ehf, Bátar & Kvóti.
Sími: 5 888 111. www.skipasala.com
Síðumúla 33. 108 Reykjavík.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

SUMARBÚSTAÐIR

DAGVERÐARNES Glæsilegt sumarhús, frábærlega staðsett á einum besta stað við Skorradalsvatn. Stærð 66 fm. Eignarland, vandaðar innréttingar. Stór verönd og heitur pottur. Glæsilegt útsýni. **Verð 26,0 millj.**

HÆÐARENDI Vel staðsettur alls 46,3 fm. á einstökum stað í Grímsnesi. 1,5 ha. eignarland. Heitur pottur og leikkofi. Mikill trjágróður, veiðiréttur, góð staðsetning. **Verð 14,8 millj.**

FRUM

FJÁRHÚSTUNGA - Borgarfjarðarsveit. Um er að ræða nýtt hús á smíðastígi og selst húsið í núverandi ástandi. Húsið stendur á steyptri botnplötu og er það að mestu fullbúið að utan. **Verð 8,2 millj.**

SUMARBÚSTAÐIR - ÚTHLÍÐ Tvö glæsileg ca 85,0 fm. heilsárshús, steypt botnplata með hitalögn í gólfi. Húsunu er skilað fullbúnum að utan, meðfylgjandi er allt efni til frágangs að innan. Frábært skjólgott svæði gróið með kjarri. Frábært útsýn yfir Heklu. **Verð 14.4 millj.**

LÆKJARHÁLS / BORGARFIRÐI Húsið stendur í kjarrivöxtnu landi við Laufás. Nýr og góður bústaður tilbúinn að utan og fokheldur að innan. Grunnf. 63,4 fm. og manng. svefnloft um 30,0 fm. Efni fylgir, þ.e. einangrun og panill. **Til afhendingar strax. Verð 10,3 millj.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913
Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

FUNDIR

HjartaHeill Höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur

Hjartaheill, hjartasamtökin á höfuðborgarsvæðinu minnir félagsmenn sína á aðalfund félagsins sem haldinn verður að Hótel Sögu „Ársölum á morgun laugardaginn 20. maí n.k. kl. 14:00.
Venjuleg aðalfundastörf
Fræðsluerindi: Janus Guðlaugsson, íþróttafræðingur, fjallar um rannsóknir á líkams- og heilsurækt eldir aldurshópa.
Stjórnin.

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

OPIÐ HÚS LAUGARDAG kl. 12-15
BÁSBRYGGJA 7 110 Reykjavík.

Frum

Glæsileg 105,3 fm 4ra herb. íbúð á 2 hæð í fallegu húsi á þessum vinsæla stað. Eignin skiptist í: Hol með skápum. Mjög falleg og björt stofa og borðstofa með útgangi út á stórar suður svalir. Fallegt eldhús með viðarinnréttingu, parket á gólfi. Innaf eldhúsi er þvottahús. 2 góð herbergi með skápum. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, innrétting við vask, flísar hólf í gólf. Rúmgott hjónaherbergi með skápum, innaf herbergi sturtuklefi og nett innrétting. Á jarðhæð er sérgeymsla. Sam.hjóla og vagnageymsla. (4091)

Ólafur Helgi tekur vel á móti ykkur í dag milli kl: 11-14.
(Merkt Kristín og Örvar á bjöllu)

Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.

FOLD FASTEIGNASALA
Viðar Böðvarsson
viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

Sýningarhelgi – Sumarhús í Skorradal
Sölusýning á milli kl 14-16 laugardag og sunnudag

Frum

Nýbyggður glæsilegur 74 fm sumarbústaður með svefnlofti á útsýnisstað í Indriðastaðalandi í Skorradal, nánar tiltekið að Skálalækjarási 16. Bústaðurinn stendur einn og sér með frábæru útsýni til vatnsins og náttúrunnar í kring. Stór ca 100 fm verönd umhverfis bústað. Glæsilegur og vandaður bústaður, frábærlega vel staðsettur. **V 19.9 millj.**

Hafið samband við Bjarna Elvar í síma 691-0980 til að fá nánari leiðarlýsingu.

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali

Hagasmára 1
Smáralind
Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300

Lautarsmári 3
Falleg íbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi á einum vinsælasta stað höfuðborgarsvæðinsins.

Frum

Glæsileg íbúð á 6. og efstu hæð í lyftuhúsi, snyrtileg og vel umgengin 3ja herbergja 80,1 fm, með mikilli lofthæð á frábærum stað með fallegu útsýni í Smáranum þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu ásamt skólum, leikskóla og íþróttaraðstöðu. Sjón er sögu ríkari. Verð 21,9 m.
Pantið tíma til skoðunnar í síma 693-4868
Ólafur Haukur Haraldsson sölumaður

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

www.byggd.is

TRAUST FASTEIGNASALA!
SÍMI: 464 9955

Strandgata 7
Kaffi Akureyri

Rekstur veitingarstaðarins Kaffi Akureyri og fasteignin Strandgata 7 er til sölu.
Um er að ræða blómlegan rekstur vel staðsettan í miðbæ Akureyrar. Húsnæðið er samtals um 400 fm. og er neðri hæð eignarinnar um 250 fm. að stærð. Efri hæð eignarinnar er í útleigu. Húsnæðið var endurbyggt að miklu leyti fyrir nokkrum árum síðan og er allt viðhald eins og best verður kosið.

Allar frekari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson í síma 897 7832 eða á skrifstofu Fasteignasölunnar BYGGÐAR.

SÍMI: 464 9955 ▪ FAX: 464 9901 ▪ STRANDGATA 29 ▪ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL 9 - 12 & 13 - 17

Suðurlandsbraut 50
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 513 4300
husid@husid.is
Salómon Jónsson - lögg. fast.sali
Ingvaldur Ingvaldsson - framkv.stjóri
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður
Kristinn Erlendsson - sölumaður
Steinunn Á. Frímannsd. - sölumaður

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Heilshugar um þinn hag

Smáralind
Við hlið Debenhams
Sími 564 6655
husid@husid.is
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður
Hilmar Þ. Hafsteinsson - sölumaður
Ólafur H. Haraldsson - sölumaður

SUMARHÚS

Húsafell

Ný sumarhús við Kiðarásskóg í landi Húsafells. Húsin eru 64fm að grunnfleti með 20-30fm svefnlofti og 20fm palli. Húsin skilast full-búin að utan sem innan með tengingum fyrir heitan pott. Lóðirnar eru u.þ.b. 5000fm í skógi vöxnu landi. Golfvöllur, sundlaug og þjónustumiðstöð í næsta nágrenni.
Ásett verð pr. bústað kr. 16,8 millj.

Kóngsvegur

Gott og vel um gengið 44,5 fm sumarhús á góðum, skógi vöxnum stað við Kóngsveg í Norðurkotslandi í Grímsnesi, 2 km austan við Þrastarlund. Húsið skiptist í stofu og eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Spónaparket á gólfum. Góður sólpallur er við húsið. Megnið af innbúi flygir. Hitaveita og kalt vatn, rafmagn. Húsið er upphitað allan ársins hring. Bústaðurinn er staðsettur ca 65 km frá Reykjavík og það tekur u.þ.b. 45 mín. að keyra.

Bjarkarborgir

Bjarkarborgir 30 við Bjarkarbraut í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða stórglæsilegt sumarhús ásamt gestahúsi á 5200 fm eignalóð á skipulögðu sumarhúsasvæði úr jörðinni Minni Borg í Grímsnesi. Vel er frá húsunum gengið og ekkert mál að vera þar á öllum árstímum, stærra húsið er 40.1 fm og gestahúsið er 14.2 fm Milliloft og í stærra húsinu er gott svefnloft. **Verð 16,8 millj.**

Þúfa í Kjós

Fallegur sumarbústaður í landi Þúfu í Kjós, Um er að ræða fallegt um 49,2 fm sumarhús á steyptum súlum, húsið er á einni hæð með góðu svefnlofti ásamt óskráðri um 11 fm geymslu við húsið og annari óskráðri geymslu á grillverönd nokkuð frá bústaðnum. **Verð 12.9 millj.**

Sturlureykir

Sumarbústaður í landi Sturlu Reykja, Borgarfirði (54,4 m).Sumarbústaður með 2 herbergjum, baðherbergi með sturtu, forstofa, eldhúsi og stofu, svefnloft (spónarparket). Geymsla undir stofu. Rafmagn. Flísar á gólfi. Hiti í gólfi. Kynt með hitaveitu. Panilklæddur. Stór verönd með heitum pott. Selst með öllu innbúi. Hlutdeild í landi (15/partur), húsi (11 herbergi) og fjósi á jörðinni. Staðsettur í fallegu umhverfi stutt frá Reykholi í Borgarfirði. **Verð 15,5 millj.**

Kjóabraut

Nýr Ca. 70 fm sumarbústaður með verönd á góðri lóð rétt við golf-völlinn á Flúðum. Bústaðurinn er glæsilegur og vandaður í alla staði. Rafmagn, heitt og kalt vatn. 3 svefnherbergi. Einnig er hægt að fá bústaðinn með heitum **Verð 15.9 millj.**

Frum

OPIÐ: Mánud. til föstud. kl. 9:00-18:00 **www.husid.is**

Lóa
Sölufulltrúi
698 8733
loa@remax.is

RE/MAX

Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali

Heilsárs - sumarhús við Sogið í Grímsnesi

Aðeins 45. mín. akstur frá Reykjavík

Sölusýning laugardag og sunnudag frá kl. 15 - 17

Sölumaður á staðnum

Húsin skilast fullfrágengin að utan sem innan með innréttingum, tækjum og gólfefnum.
Skilalýsing á staðnum.

Leiðarlýsing: Ekið er framhjá Þrastalundi, beygt til vinstri í átt til Þingvalla. Eknir eru ca. 4 km að skilti til vinstri handar merkt Ásborgir og beygt til vinstri. Húsin eru merkt Sogsbakki 3 og 5.

ÞJÓNUSTUSÍMI: 698-8733

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX BÚI
Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík
Sími: 520 9400 - t-póstur: bui@bui.is
www.bui.is

RE/MAX Búi



NOKKRAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ 83 LÓÐIR ERU SELDAR:

- HEIMILI, SKEMMA OG HESTHÚS Á EINUM STAÐ
- BYGGINGAR ALLT AÐ 1500 FM OG FRELSI Í HÖNNUN
- 16 KM REIÐSTÍGAR TENGDIR FJÖLBREYTTUM REIÐLEIÐUM ÁRBORGAR
- RÍS Á 600 HA LANDS MEÐ EINSTÖKUM LANDGÆÐUM
- ÁRBORG SÉR UM REKSTUR TJARNABYGGÐAR
- HITAVEITA OG SKÓLAAKSTUR
- AUÐVELT AÐ SÆKJA VINNU TIL REYKJAVÍKUR

Nánari upplýsingar á www.tjarnabyggd.is eða í síma 898-0343

UPPÁHALDSSTAÐURINN

Bjó í Kaupmannahöfn í þrjú ár

Yesmine Olson dansari og söngkona segir að Ísland sé uppáhaldsstaðurinn hennar. „Annars væri ég náttúrulega ekki hér," segir hún.

Af öðrum stöðum er Kaupmannahöfn hins vegar í mestu uppáhaldi. „Ég bjó í Kaupmannahöfn í þrjú ár og finnst hún alveg æðisleg. Ég hef ferðast mikið og ég er líka hrifin af New York en Kaupmannahöfn er mikið minni og það heillar mig. Í Kaupmannahöfn er hægt að taka því rólega og hjóla út um allt en það er náttúrulega allt öðruvísi að hafa búið í borg en að ferðast bara til hennar."

YESMINE OLSON ER HRIFIN AF LITLUM BORGUM. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

TOPP FIMM: EVRÓVISJÓN

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, var haldin í fyrsta skipti árið 1955. Fimmtíu árum síðar, árið 2005, var Evrópubúum gefinn kostur á því að velja bestu Eurovision-lög allra tíma. Keppni um bestu lögin var haldin í Danmörku en viðburðinum var sjónvarpað beint. Eftirfarandi lög voru valin þau bestu frá upphafi.

1. Waterloo með Abba Sænska poppsveitin vann keppnina árið 1974 með frægasta Eurovision-lagi frá upphafi. Sígilt lag sem flestir hafa dansað við.

2. Nel blu pinto de blu með Domenicu Modugno Ítalir lentu árið 1958 í þriðja sæti með þessu lagi sem þekktara er undir heitinu Volare.

3. Hold me now með Johny Logan. Árið 1987 vann Írinn Johnny Logan söngvakeppnina í annað sinn með þessu lagi. Hann hafði einnig unnið sjö árum fyrr með laginu What's another year.

4. My number one með Elenu Paparizou. Grikkir unnu í fyrsta sinn í fyrra með þessu lagi sem var því glænýtt þegar keppnin um besta Eurovision-lagið fór fram. Það skýrir líklega sæti þess í keppninni um bestu lögin, því lagið mun seint teljast til bestu Eurovision-laganna.

5. Save your kisses for me með Brotherhood of Man. Breskt stuðlag frá árinu 1975 sem varð mjög vinsælt í kjölfar keppninnar.

VISSIR ÞÚ...

...að körfubolti er upprunninn í Sprinfield Massachusetts?

...að sá sem setti reglurnar í leiknum var hinn kanadíski Dr. James Naismith?

...að þetta var árið 1891?

...að reglurnar voru aðeins 13?

...að þær standa enn með viðbætum og breytingum?

...að leikurinn breiddist út innan YMCA háskóla?

...að um aldamótin 1900 breiddist körfubolti út innan háskólasamfélagsins í Norður-Ameríku?

...að um 1910 voru meiðsli svo algeng í körfubolta, sem og öðrum háskólaíþróttagreinum, að Roosvelt Bandríkjaforseti predikaði fyrir stofnun háskólaíþróttasambands?

...að þá var Intercollegiate Athletic Association (IAA) stofnað?

...að árið 1936 var Alþjóða körfuknattleikssambandið stofnað?

...að stofnendur þess voru Argentína, Tékkóslóvakía, Grikkland, Ítalía, Litháen, Portúgal, Rúmenía og Sviss?

...að körfubolti varð fullgild ólympíugrein í Berlín árið 1936?

..að Bandaríkin sigruðu í körfubolta á þeim leikum?

...að fyrsti opinberi NBA-körfuboltaleikurinn fór fram 1. nóvember 1946 í Toronto?

...að þá tóku Huskies á móti New York Knickerbockers í Maple Leaf Gardens?

...að áhorfendur voru 7.090?

...að 1967 var stofnuð önnur deild, ABA, til höfuðs NBA?

...að árið 1976 sameinuðust deildirnar?

...að körfubolti er önnur tveggja boltaíþrótta sem á uppruna sinn að rekja til Norður-Ameríku?

...að hin er netbolti (sem fáir þekkja)?

...að eitt sigursælasta lið sögunnar í körfubolta er lítið sem ekkert þekkt í ag?

...að það var New York Renaissance?

...að það var fyrsta liðið skipað eingöngu lituðum leikmönnum?

...að eitt tímabilið unnu þeir 112 leiki og töpuðu aðeins 7?

...að heildarárangur þeirra er 2.588 sigrar og 529 ósigrar?

ENDALAUS AFMÆLISTILBOÐ

BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA

VIÐ ERUM EINS ÁRS OG Í SANNKÖLLUÐU HÁTÍÐARSKAPI!

Frábær tilboð á bílum

Gjafabréf út að borða fyrir tvo á Óperu!

Kók og Prins fyrir alla

SMART COUPE DIESEL
Árgerð 2003 Ekinn 75 þús.km.
Verð kr. 1.590.000.
ST.GR.TILBOÐ 1.190.000 kr.

VW GOLF GTI TURBO
„SPOILERKIT"
Árgerð 2000. Ekinn 78 þús. km.
Mikið breyttur bíll í toppstandi.
Verð kr. 1.590.000.

AUDI A 6 QUATTRO
Árg. 1999. Ekinn aðeins 74 þús. km.
Einn með öllu - innfluttur af Heklu.
Verð kr. 2.250.000.
Staðgreiðslutilboð 1.790.000 kr.

VW GOLF GTI 2.0
Árgerð 2005. Ekinn 10 þúsund km.
Litað gler, topplúga og margt fleira.
Verð kr. 2.850.000.

HYUNDAI SANTA FE
Árgerð 2005. Ekinn 10 þús. km.
Álfelgur, dráttarkúla, spoilerkit og margt fleira. Sumar- og vetrardekk (ný)
Verð kr. 3.100.000.

50% AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJALDI
SJÓVÁ

Í tilefni **eins árs afmælis** Bílahornsins bílasölu verður glatt á hjalla hjá okkur í vikunni. Allir sem kaupa bíl fá í kaupbæti **gjafabréf út að borða fyrir 2 á Óperu** í Lækjargötu. Allir fá **Kók og Prins** og **Sjóvá gefur 50% afslátt** af lántökugjöldum. Alltaf heitt á könnunni. Síðast en ekki síst eru **frábær tilboð á bílum.**

ALLTAF HEITT Á KÖNNUNNI!

BÍLAHORNIÐ
Funahöfða 5 - Sími 567 2400

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Er túmorsjúkdómurinn í Mýrinni eftir Arnald Indriðason til í alvörunni?

Túmorsjúkdómur er ekki nafn á sjúkdómi en læknirinn í Mýrinni eftir Arnald Indriðason notar þetta orð – og höfundur leggur honum í munn hálfgerða læknalatínu – yfir sjúkdóm sem einkennist af æxlisvexti, en „tumor“ á latínu merkir æxli. Á sömu blaðsíðu er líka getið um „kaffiblettti“ og það gefur vísbendingu um að hér sé á ferðinni sjúkdómurinn neurofibromatosis, eins og síðar kemur í ljós í bókinni. Höfundurinn hefur greinilega kynnt sér efnið vel og fer rétt með, þó má skilja á umfjöllun á bls. 248 að sjúkdómurinn komi frekar fram í konum en körlum, en sú er ekki raunin.

Frumufjölgun

Neurofibromatosis 1 (einnig er til neurofibromatosis 2, sem er annar sjúkdómur) er einnig nefndur von Recklinghausen-sjúkdómur eftir manninum sem fyrstur lýsti honum. Orsökin er stökkbreyting í NF1-geninu sem skráir fyrir prótíninu neurofibramin. Þar sem neurofibramin temprar virkni innanfrumuboðferla sem hvetja til frumuskiptinga veldur vanstarf þess frumufjölgun.

Æxli og kaffiblettir

Sjúkdómurinn erfist ríkjandi, það er einkenni koma fram í öllum sem bera stökkbreytt eintak frá öðru foreldri þótt eintak gensins frá hinu foreldrinu sé eðlilegt. Einkennin geta þó verið mjög mismikil og nokkuð breytileg milli einstaklinga. Helstu einkenni eru hinir svokölluðu „kaffiblettir“, café-au-lait-blettir, ljósbrúnir (eins og mjólkurkaffi) blettir fáeinir cm á stærð sem birtast yfirleitt á barnsaldri, og síðan fjöldi æxla sem myndast í taugaslíðrum húðtauga. Þessi æxli eru góðkynja en eru oft útlitslýti. Í hluta sjúklinganna koma fram æxli út frá sjóntaug. Fremur sjaldgæft er að æxlin verði illkynja. Í æxlunum hefur það gerst, að heilbrigða eintakið af geninu hefur tapast og þannig er því yfirleitt háttað þegar um er að ræða arfgenga tilhneigingu til æxlisvaxtar.

Helga Ögmundsdóttir, prófessor í læknisfræði við HÍ

Hvers vegna fær maður niðurgang af sveskjum?

Sveskjur eru þurrkaðar plómur sem eru ávextir plöntunnar Prunus domestica L. Sveskjur koma aðallega frá Bandaríkjunum, nánar tiltekið Kaliforníu, og Frakklandi. Um hægðalosandi áhrif af sveskjum hefur lengi verið vitað og er neysla þeirra talin meðal þeirra úrræða sem hægt er að grípa til við harðlífi. Ekki er fullkomlega ljóst hvernig þessi áhrif til hægðalosunar eru til komin, en talið er að hátt sorbitólinnihald í sveskjum (15 g í 100 g) geti skýrt þessi áhrif að hluta að minnsta kosti.

Sykuralkóhól geta haft hægðalosandi áhrif

Sorbitól er eitt sykuralkóhólanna sem flest eiga það sammerkt að gefa sætt bragð en frásogast ekki að fullu úr fæðu og geta haft hægðalosandi áhrif. Töluvert mikla neyslu af sveskjum ætti að þurfa til að framkalla niðurgang. Til dæmis hafa Bandarísku næringarráðgjafasamtökin bent á að neysla sorbitóls geti leitt til niðurgangs fari hún yfir 50 g/dag. Það samsvarar vel yfir 300 g af sveskjum á dag eða tæplega því magni sem er að finna í dæmigerðum sveskjupakka. Hafa ber þó í huga að þessi mörk eru vafalaust nokkuð breytileg eftir einstaklingum og að aðrir þættir í sveskjum geta lagt lóð á vogarskálarnar til hægðalosunar. Er þá fyrst og fremst litið til fenólsambandanna klórógensýru og neóklórógensýru. Þessi efnasambönd virðast einnig taka þátt í að hægja á upptöku glúkósa úr fæðu og þar með blóðsykursvari, ásamt reyndar sorbitóli og trefjum sem er að finna í sveskjum.

Björn Sigurður Gunnarsson, matvæla- og næringarfræðingur

Kannt þú að beygja Silvíu Nótt?

Hvernig á að beygja sérnafnið Nótt?

Samheitið nótt beygist ævinlega:

Nf.et.	**nótt**	**Nf.ft.**	**nætur**
Þf.	**nótt**	**Þf.**	**nætur**
Þgf.	**nótt**	**Þgf.**	**nóttum**
Ef.	**nætur**	**Ef.**	**nótta**

Þegar orðið er notað sem sérnafn er bæði notað eignarfallið Nætur og Nóttar. Bændur og hestamenn víða um land hafa sagt mér að svartar ær og merar fái gjarnan heitið Nótt og þá sé nánast alltaf notað eignarfallið Nóttar. Sama virðist gilda um kvenmannsnafnið Nótt, það fylgir oftar ánum og merunum en hinni upphaflegu eignarfallsmynd. Þó eru margir sem kjósa fremur að nota eignarfallið Nætur og virðist flest benda til að þessar tvímyndir muni lifa áfram hlið við hlið.

Mismunandi beyging eiginnafna og samnafna

Eiginnöfn fara oft aðra leið í beygingu en samnöfnin. Sem dæmi mætti nefna björg sem í þolfalli og þágufalli er björg þegar um samheiti er að ræða en Björgu þegar talað er um konu. Tvímyndir eru einnig vel þekktar, eins og Þorkatli/Þorkeli í þágufalli og Höskulds/Höskuldar í eignarfalli.

Guðrún Kvaran, prófessor, forstöðumaður Orðabókar Háskólans

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað merkir orðið Glitnir og hvaðan er það upprunnið, hvenær komu handritin aftur til Íslands og var það sjálfsagt mál að fá þau hingað, hvaða klaustur voru á Íslandi á miðöldum, finnast gull, silfur og kopar í einhverju magni hér á landi, hvaða lög gilda um meiðyrði á Íslandi og hvernig er mönnum refsað fyrir þau, getur þú sagt mér allt um trúðfiska og hvenær er dagur tónlistardýrlingsins heilagrar Sesselju? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

20%-80%
afsláttur

LAGERSALA ESSO

- Komdu og gerðu frábær kaup -

Við höfum tekið til á lagernum okkar að ESSO Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg og við bjóðum þér að njóta góðs af. Mikið úrval af skemmtilegum vörum sem henta í garðinn, útivistina, útileguna, sumarbústaðinn osfrv.

Allir velkomnir!

- Grill og grillahöld
- Heimabíó
- Útvörp
- Lautarkörfur og pokar
- Heilsukoddar
- Stafrænar myndavélar
- Golfvörur
- Kæliskápar 12V
- Handryksugur
- Handfrjáls GSM búnaður - bluetooth
- Geisladiskar
- Bakpokar

...og margt fleira



Nýtt greiðslukortatímabil

VISA LÉTTGREIÐSLUR

Opnunartími:

Laugardaginn 20. maí kl. 11.00-17.00 - Sunnudaginn 21. maí kl. 12.00-17.00

Esso

vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Álfar, gulrætur og Kisi Cannes

Kvikmyndahátíðin í Cannes er sú stærsta sinnar tegundar og vekur ætíð heimsathygli. Íslendingum fer að sjálfsögðu fjölgandi á staðnum með hverju árinu enda margt spennandi í gangi í íslenska bíóbransanum. ***Þórarinn Þórarinsson*** hitti nokkra landa sína í Cannes sem koma úr ýmsum áttum.

JÚLÍUS OG INGVAR Hafa í nógu að snúast í Cannes þetta árið enda gefst þeim gott tækifæri til þess að kynna sig og fyrirtæki sitt auk þess sem þeir ætla sér að reyna að fá erlenda kvikmyndaframleiðendur til þess að taka þátt í næstu verkefnum sínum. MYNDIR/ÞÞ

Kvikmyndaframleiðendurnir og félagarnir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp hjá Kisi Production eru vel heima í Cannes en hafa óvenju mörg járn í eldinum í ár. Ingvar tekur þátt í Producers on the Move kynningarverkefninu og mun sitja fjölda funda tengdum því. Það það ekki að hafa mörg orð um það hversu áhugavert og spennandi það er fyrir íslenskan kvikmyndaframleiðanda að fá að taka þátt í verkefninu sem European Film Promotions stendur fyrir. Ingvar var valinn í Producers on the Move ásamt tuttugu og tveimur öðrum evrópskum kvikmyndafranleiðendum, sem þykja sérstaklega efnilegir en þetta fólk fær sérstakt tækifæri til þess að kynna sig fyrir fjölmiðlum og fólki úr kvikmyndabransanum meðan á hátíðinni stendur.

Ingvar var þrátt fyrir þetta pollrólegur þegar Fréttablaðið hitti hann að máli á veitingastað í Cannes. „Við höfum verið hérna meira og minna síðustu tíu árin," segir Ingvar en viðurkennir um leið að það sé óvenjumikið að gerast hjá þeim félögum þetta árið. Þeir félagar eru meðal annars komnir til Cannes til þess að selja norsku myndina The Bothersome Man sem þeir tóku þátt í að framleiða. Það ætti ekki að spilla fyrir þeirri vinnu að myndin hefur verið valin til sýninga á Critics Week hér í Cannes. „Myndin er ekki í sjálfri keppninni þannig að við erum ekki komnir hingað til þess að sækja Gullpálmann," segir Ingvar sem mun þó engu að síður njóta þess að myndin fái ákveðna athygli út á þetta.

Þátttakan í Producers on the Move hefur óhjákvæmilega í för með sér að Ingvar mun hafa meira en nóg að gera á fundum og kynningum. „Ég stend vaktina á meðan," segir Júlíus og bætir því við að hann muni þó stundum fá að koma með félaga sínum á samkomur vegna kynningarverkefnisins. Þar fyrir utan eru Ingvar og Júlíus að selja Strákana okkar í Cannes og ætla að reyna að finna fjárfesta til þess að taka þátt í fjármögnun hryllingsmyndarinnar Reykjavik Whale Watching Massacre sem áætlað er að kvikmynda á næsta ári. „Við ætlum að reyna að klára fjármögnun myndarinnar hér og svo erum við að kynna Astrópíu," segir Ingvar en tökur á þeirri mynd hefjast heima á Íslandi í júlí.

Kisarnir tveir ætla að fljúga heim á þriðjudaginn og munu því hafa nóg fyrir stafni um helgina en þegar Ingvar er spurður að því hvort hann finni fyrir því að hátíðin í Cannes sé rólegri í ár en oft áður glottir hann við tönn og blæs á slíkan barlóm. „Þetta er bara rétt að byrja."

Bjargvætturin í Cannes

Kvikmyndagerðarkonan Erla Skúladóttir er komin til Cannes í fyrsta skipti en stuttmynd hennar, Bjargvættur, var sýnd á fimmtudaginn. „Myndin var lokaverkefni mitt í mastersnámi mínu í kvikmyndagerð í Bandaríkjunum og hefur farið vítt og breitt um heiminn og hefur unnið til 24 verðlauna á hátíðum," segir Erla sem hefur fulla ástæðu til þess að bera höfuðið hátt þar sem sýning myndarinnar í Cannes er enn ein rósin í hnappagat hennar. „Kodak valdi myndina úr hundruðum annarra stuttmynda til þess að vera ein af sex stuttmyndum sem fyrirtækið sýnir hérna í ár en Kodak heldur þessar stuttmyndasýningar í Cannes á hverju ári." Yfirskrift Kodaksýninganna er „Emerging Filmmakers" og eins og nafnið bendir til þá eru komast einungis að myndir leikstjóra sem þykja líklegir til þess að ná langt. „Það er algert skilyrði að myndirnar hafi unnið til verðlauna annars staðar og þeir sem hafa ekki náð þeim árangri þurfa ekki að reyna að sækja um að komast að."

> *„Elijah hvísladi það að kærustunni sinni þegar Auddi heyrði ekki til að honum hefði fundist viðtalið skrítið."*

Erla tók Bjargvættina upp á Íslandi með íslenskum leikurum árið 2002 og frumsýndi hana á Íslandi árið 2003. „Ég sýndi hana vinum og vandamönnum í Háskólabíói en fór svo með hana á kvikmyndahátíð í Boston og hún var svo tilnefnd til Edduverðlaunanna í fyrra bæði sem besta stuttmyndin og fyrir bestu leikstjórn."

Erla segist kunna ákaflega vel við sig i Cannes enda varla annað hægt en að heillast af stærð og umfangi hátíðarinnar. „Mér líst mjög vel á þetta allt saman. Þetta er stærsta hátíðin sem ég hef komið á hingað til og það er margt að sjá. Maður þarf eiginlega að læra á þessa hátíð enda ekki hægt að komast yfir allt. Þetta er hörkuvinna en það spillir ekki fyrir að vera innan um pálmatré í sólskini. Andrúmsloftið er þrúgað af spennu en það sem gerir þetta svo skemmtilegt er að hér eru allir í sama tilgangi. Viðmótið hérna er líka miklu opnara en á mörgum öðrum hátíðum og þrátt fyrir stærðina og fólksfjöldann þá taka manni allir vel og eru fullir af áhuga."

Erla er byrjuð að leggja drög að næstu mynd sem verður í fullri lengd og vonast til þess að hér í Cannes muni hún finna fjármagn til þess að framleiða hana. Myndin fjallar um „yndislega trú okkar á álfa og tröll," eins og hún kýs að orða það. „Árekstur vísindahyggju og álfatrúar og það sem getur komið upp þegar þessi andstæðu sjónarmið mætast," segir Erla sem er komin til Cannes með góðar vættir með sér í för og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni.

Eins og á þjóðhátíð í Eyjum

Strákarnir Auðunn Blöndal og Ofur-Hugi eru komnir til Cannes í fyrsta sinn og eru í óða önn að framleiða efni sem þeir munu sýna í Strákunum á Stöð 2 þegar heim er komið. „Við erum komnir hingað til að hitta fræga fólkið," segir Hugi. „Við reynum að hrista aðeins upp í alvörunni sem er oft á þessum blaðamannafundum og í viðtölum. Það má segja að við séum komnir til þess að hressa stjörnurnar við."

Strákarnir hafa þegar rætt við Ron Howard, leikstjóra The Da Vinci Code, og leikarann Elijah Wood og eru með allar klær úti í von um að landa fleiri stórfiskum. „Elijah hvísladi það að kærustunni sinni þegar Auddi heyrði ekki til að honum hefði fundist viðtalið skrítið."

Strákarnir fara í MTV partí í kvöld og búast við að komast þar í stjörnufans. „Okkur skilst að það sé allt morandi í stjörnum þar en vitum samt ekkert hvað við erum að fara út í," segir Hugi. „En þetta hljómar að minnsta kosti vel þó að við vitum ekkert hvernig þetta lið djammar." Strákarnir kunna að vonum vel við sig í Cannes og gætu vel hugsað sér að koma hingað aftur og aftur. „Þetta er geggjað," segir Auðunn. „Það er samt svolítið mikil drykkja á fólkinu en ef maður lítur fram hjá henni þá er ógeðslega gaman hérna." Hugi segist vera til í að gera Cannes-ferð að árlegum viðburði og Auðunn tekur undir það. „Þetta er pínu eins og á þjóðhátíð í Eyjum. Mann langaði alltaf að fara þangað aftur en fór svo að fá leið á endalausri rigningunni. Hér er maður nokkuð öruggur um að vera alltaf í 20 stiga hita og sól."

AUÐUNN OG HUGI Eru búnir að spóka sig á ströndinni með tökuvélina og eru komnir með í hálsinn af því að vera stöðugt að snúa sér við og horfa á eftir frægu fólki.

ERLA SKÚLADÓTTIR Ætlar að nota ferðina til þess að leita að fjármagni til þess að gera mynd í fullri lengd um trú á álfa og tröll.

EINAR TÓMASSON Finnst frábært í Cannes þótt hann fari ekkert í bíó.

Endurgreiðslulögin eru gulrótin

Íslenskt kvikmyndagerðarfólk í Cannes er fyrst og fremst þangað komið til þess að vekja athygli á sjálfu sér og verkum sínum og reyna að finna fjármagn til þess að geta framleitt fleiri myndir. Einar Tómasson frá Fjárfestingarstofu er hins vegar kominn til Cannes þriðja árið í röð í þeim tilgangi að koma Íslandi á kortið hjá kvikmyndagerðarfólki og framleiðslufyrirtækjum. „Ferðirnar hingað eru hluti af stærri heild," segir Einar og fer létt með að nefna dæmi sem sanna það að þessi vinna skilar árangri. „Þegar Clint Eastwood kom til Íslands og tók upp hluta af Flags of Our Fathers í fyrra þá skilaði það þjóðarbúinu eitthvað í kringum einum milljarði, meðal annars í fjölda gistinótta og störfum sem sköpuðust fyrir Íslendinga."

Endurgreiðslulögin svokölluðu eru helsta gulrótin sem Einar hefur fyrir stórlaxana í bíóbransanum en samkvæmt þeim fá kvikmyndaframleiðendur endurgreidd 12 prósent af sköttum sem þeir greiða af starfsemi sinni á Íslandi. „Við erum vissulega að greiða ákveðnar upphæðir til baka en þeir peningar skila sér aftur margfalt," segir Einar og bendir á að frá því að lögin voru sett hafi áhugi kvikmyndagerðarfólks á Íslandi aukist jafnt og þétt. Ísland er þó síður en svo eina landið sem notar skattaafslátt til þess að laða kvikmyndagerðarmenn til sín og Einar nefnir Nýja-Sjáland sem dæmi um land sem er hliðstætt Íslandi.

Einar er því fyrst og fremst að kynna endurgreiðslulögin en er um leið að kynna íslenska tökustaði og segir að það sé því ekki síður mikilvægt að þekkja til staðhátta á Íslandi og búa yfir þekkingu á því umhverfi sem landið hefur upp á að bjóða. „Við vorum með bás í Los Angeles á sínum tíma og hittum þar þá sem voru að leita að heppilegum stöðum fyrir Eastwood-myndina og þau áttuðu sig fljótt á því að Ísland væri góður kostur." En eru menn sem framleiða stórmyndir á borð við Flags of Our Fathers virkilega að horfa svo mikið í aurinn að þeir láti hluti eins og 12 prósenta skattaafslátt ráða úrslitum? „Það snýst allt um peninga í Hollywood og ef staðsetningin sem við höfum upp á að bjóða er góð þá meta þeir kostnaðinn og velja þann kost sem er hagkvæmastur. Þannig var þetta með Flags of Our Fathers. Það voru önnur lönd inni í myndinni en Ísland þótti hagkvæmast." Þegar maður kemur til Cannes freistast maður til þess að álykta að hátíðin sé fyrst og fremst eitt stórt partí og fólk sé fyrst og fremst að skemmta sér en raunin er önnur. Cannes er fyrst og fremst vinna og þeir sem koma hingað hvort sem þeir eru kvikmyndagerðarmenn, fjölmiðlafólk, kaupendur, seljendur eða hvað annað sem nöfnum tjáir að nefna, þá eru allir að vinna. Einar tekur undir þetta enda blasa stíf fundahöld við honum í Cannes. „Ég fer til dæmis ekkert í bíó og er ekkert að hugsa um það en það breytir því ekki að það er gott að vera í Cannes." ■

Helgarsprengja

aðeins laugardag og sunnudag

Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 12.990.-

50% afsláttur

Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 36.990.-

22% afsláttur

Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 19.990.-

20% afsláttur

Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 54.990.-

27% afsláttur

Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.

Verð áður 82.990.-

24% afsláttur

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Súlan er drottning hafsins

Súlan EA 300 frá Akureyri er í hópi fengsælustu nótaskipa íslenska flotans. Skipið hefur verið selt og þegar því verður siglt út Eyjafjörðinn í lok mars á næsta ári lýkur nærri aldarlangri útgerðarsögu þess frá Akureyri. **Sverrir Leósson** hóf ungur að vinna við útgerð skipsins, en það var áður í eigu föður hans og afa. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segist Sverrir kveðja Súluna sáttur en vandar yfirvöldum og opinberum stofnunum ekki kveðjurnar.

HAPPAFLEY Sverrir Leósson kveður senn Súluna sem hann hefur átt í tæp átján ár en unnið við nánast alla sína starfsævi. Stjórnmálamenn, Hafrannsóknastofnunin og Fiskistofa fá það óþvegið hjá Sverri sem jafnan segir skoðanir sínar á mönnum og málefnum umbúðalaust. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Sex mánuði ársins er Súlan eitt af kennileitum Akureyrarbæjar en hún er þá bundin við bryggjuna í miðbænum, niður af Gilinu. Hina sex mánuðina er Súlan að veiðum – jafnan í mokfiskiríi – enda mikið aflafley.

Meira en öld er liðin síðan fyrsta Súlan kom til landsins. Skipið var gert út frá Mjóafirði fyrstu árin en Thulinius grósseri keypti hana til Akureyrar. Síðar eignaðist Sigurður Bjarnason, afi Sverris, Súluna og gerði út til dánardags 1939. Leó, faðir Sverris, tók þá við útgerðinni en 1. október 1988 keyptu Sverrir og Bjarni Bjarnason skipstjóri Súluna.

Skrifstofa fyrirtækisins er á jarðhæð í snotru steinhúsi undir brekkunni í Innbænum á Akureyri. Sjálfur býr Sverrir á efri hæðinni. Það er því stutt fyrir að hann að fara á skrifstofuna þar sem myndir af skipinu hanga á veggjum en James Bond myndir eru í hillum.

„Það var mjög erfitt að fá lán til kaupanna og um tíma var tvísýnt að við gætum þetta," segir Sverrir þegar hugurinn hverfur tæp tuttugu ár aftur í tímann. „En það voru einhverjir sem höfðu trú á að við gætum þetta og þetta hafðist að lokum."

Meðal muna á skrifstofunni er uppstoppuð súla en Sverrir telur skipið skírt eftir fuglinum. „Súlan er kölluð drottning hafsins. Það er tignarleg sjón að sjá hana í veiðiham, stinga sér á fleygiferð djúpt ofan í hafið og koma upp með fenginn í kjaftinum."

Súlan hefur fiskað fyrir um 200 milljónir króna síðustu ár og sér Sverrir um allan rekstur og annað sem gera þarf í landi. Fjármál og launaútreikningar eru á hans könnu og svo þarf auðvitað að færa bókhaldið. Það er gert með gamla laginu. „Hér er allt bókhald handfært. Ég hef aldrei viljað setja þetta í tölvuna," segir Sverrir sem fullyrðir að endurskoðandi fyrirtækisins sé ánægður með þessa skipan mála.

Þýðir ekkert að tuða í dag

Þessa dagana bíður áhöfn Súlunnar eftir að haldið verði til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þegar þeim veiðum lýkur hefst svo sumarloðnuvertíðin en sú vertíð brást í fyrra. „Það er ómögulegt að segja til um hvernig þetta verður," segir Sverrir sem fylgist jöfnum höndum með gangi lífsins í hafinu og þróun efnahagsmála. Saman ráða þessir þættir afkomunni. „Gengið hefur hækkað að undanförnu og það er auðvitað gott en á móti kemur að olíuverðið æðir upp og enginn veit hvar það endar."

Olíukostnaður er stærsti útgjaldaliður hverrar útgerðar og þegar það er í hæstu hæðum þarf að haga ákvörðunum í takt við það. Sverrir segir ljóst að Súlan fari ekki til loðnuleitar í sumar. „Við förum ekki út að leita í svona ástandi og reyndar finnst mér að hákarlarnir eigi að fara út á undan og finna loðnuna. Við, þessir smærri, kæmum svo á eftir." Þegar Sverrir talar um hákarla á hann við stóru útgerðirnar sem að hans sögn eru að gleypa allt. Nefnir hann Samherja, Síldarvinnsluna, HB Granda og stóru útgerðirnar í Eyjum.

Þeir gefa sér einhverjar forsendur og setja þær inn í tölvu. Ég ætla svo sem ekki að segja að þeir gefi sér vísvitandi rangar forsendur en þeir hafa engar staðreyndir í höndunum.

Sverri hugnast illa sú þróun sem orðið hefur í sjávarútvegi að stóru fyrirtækin verði stærri og stærri. Aðstæður verði þá allar erfiðari fyrir hina smærri. „Það er sagt að fiskverð sé frjálst en svo er ekki. Fyrir nokkrum árum gat maður tuðað svolítið en það þýðir ekkert í dag og maður hefur ekki annað upp úr því en að ergja sjálfan sig og aðra." Hér á Sverrir við að stóru útvegsfyrirtækin sem eiga bæði vinnslu og skip eru engum háð og geta ráðið verðinu sem greitt er fyrir síld og loðnu. „Þeir segja bara hvað þeir borga og punktur."

Þrátt fyrir þessa skoðun hefur Sverrir stuðlað að því að Síldarvinnslan í Neskaupstað verði enn stærri en hún er í dag því þeir Bjarni hafa selt fyrirtækinu Súluna. „Við höfum nánast alfarið landað hjá Síldarvinnslunni undanfarin ár og það skiptir máli að selja skipið mönnum sem maður treystir."

Verðum að hefja hvalveiðar

Lífríki hafsins er Sverri sérstakt áhugamál og óneitanlega hefur hann þungar áhyggjur af vexti og viðgangi fiskistofnanna í hafinu. Ekki síst loðnustofnsins. Hann segir hvali éta óhemju magn af loðnu og óhjákvæmilegt sé annað en að hefja hvalveiðar af fullum krafti.

„Hvalurinn hefur verið friðaður í mörg ár og honum hefur því fjölgað stórlega. Og þessar skepnur éta ekkert smáræði, árlega rífa þær milljónir tonna úr vistkerfinu. Það er lífsnauðsynlegt þjóð sem á allt sitt undir sjávarfanginu að veiða hvali. Við eigum ekki og megum ekki láta einhverja öfgahópa, hvort heldur er í útlöndum eða á Íslandi, hafa áhrif á þá ákvörðun okkar." Sverri er mikið niðri fyrir þegar hann ræðir um hvalinn og fullyrðir að hvalir hafi étið tíu sinnum meira en fiskiskipin veiddu á síðasta ári. „Við þurfum að gæta jafnvægis í vistkerfinu og það gerum við alls ekki með því að friða hvali."

Um leið og Sverrir skattyrðist út í stjórnmálamennina fyrir að heimila ekki hvalveiðar hið snarasta gagnrýnir hann Hafrannsóknastofnunina og segist ekkert botna í vinnubrögðum fiskifræðinganna. „Þeir gefa sér einhverjar forsendur og setja þær inn í tölvu. Ég ætla svo sem ekki að segja að þeir gefi sér vísvitandi rangar forsendur en þeir hafa engar staðreyndir í höndunum. Svo vinnur tölvan eins og henni er sagt."

Hann gagnrýnir líka að ekki sé leitað álits skipstjórnarmanna. „Við eigum marga mjög greinda og góða skipstjóra sem hafa verið við veiðar í áratugi og búa vitaskuld yfir mikilli reynslu. En á þá er ekkert hlustað. Og svo þola fiskifræðingarnir ekki gagnrýni."

Sverrir botnar líka lítið í að í hvert sinn sem hann fer til Reykjavíkur sér hann hið stóra og öfluga hafrannsóknaskip, Árna Friðriksson, bundið við bryggju en útgerðarmenn færðu Hafrannsóknastofnuninni skipið fyrir sex árum. „Þeir segjast alltaf vera í fjársvelti. En áhöfnin er á fullum launum hvort sem skipið er bundið við bryggju eða á sjó. Auðvitað kostar olían sitt en mér finnst þetta engu að síður skrítinn rekstur."

Meðhöndlaður eins og glæpamaður

Hafrannsóknastofnunin er ekki eina opinbera stofnunin sem ekki er í sérstöku uppáhaldi hjá Sverri Leóssyni. Fiskistofa fær líka til tevatnsins. „Þar er maður meðhöndlaður eins og glæpamaður," segir Sverrir og rifjar upp sögu úr síðasta loðnutúr. „Við áttum eftir 470 tonn af öllum kvótanum en dældum 500 tonnum úr nótinni. Eftir voru 3-400 tonn á síðunni og við reyndum að bjarga kvóta fyrir því en gátum ekki. Við hliðina á Súlunni var færeyskt skip með rifna nót og þessu var dælt um borð í það. Það var ekki um annað að ræða en að gefa þeim þetta," segir Sverrir og reiknast til að fyrir þessi 3-400 tonn hafi fengist um fimm milljónir króna. Var svo haldið til hafnar í Neskaupstað og mönnum ljóst að um borð voru 30 tonn umfram heimildir. Af því vissu menn hjá Síldarvinnslunni og ætluðu að útvega kvóta fyrir þessu „smotteríi," eins og Sverrir kallar það. „En um leið og búið var að vigta úr skipinu fer þetta inn í kerfið og ég veit ekki hvort það hringja bjöllur eða loga rauð ljós en það er strax farið af stað með bréf og hótanir. Skipið var ekki komið til Akureyrar frá Neskaupstað þegar ég fékk skeyti og mér tilkynnt um sviptingu veiðileyfis. Það dugar ekkert minna, enda alltaf litið svo á að maður sé að reyna gera eitthvað sem maður má ekki."

Kvóti Súlunnar var aukinn sem nam þessum 30 tonnum, alveg eins og til stóð, og ekki kom til sviptingar. Hann segir engu máli skipta hvort menn fari tvö tonn eða tvö þúsund tonn fram yfir heimildir, viðbrögð Fiskistofu séu alltaf ofsafengin. Sverrir var á sínum tíma heldur hlynntur upptöku kvótakerfisins en hitt. Enda snerist umræðan um uppbyggingu fiskistofnanna. „Við áttum ekki annan valkost en að spyrna við fæti og draga úr veiðum. Ég hlustaði á fræðingana og trúði að við myndum byggja þessa helstu stofna upp en það hefur alls ekki gengið eftir. Það hefur verið farið eftir fiskifræðingunum í grófustu dráttum en við erum alltaf í sama hjólfarinu og förum frekar til baka en áfram."

Eignarréttarákvæðið marklaust

Það var Sverri síður en svo létt verk að selja Súluna – skipið sem hann hefur haft sitt lífsviðurværi af í marga áratugi. Þó að starfsorkan sé enn næg taldi hann rétt að selja núna. „Umhverfið hefur breyst svo mikið og ég hef ekki jafn mikla ánægju af þessu og ég hafði. Mér leiðist reyndar ekki í vinnunni en þetta er ekki eins spennandi og það var." Þýfgaður um ástæðurnar nefndir hann kerfið. „Ég hef starfað við þetta í hálfa öld og man þegar engin höft voru og þú gast sett skip á sjó og fiskað það sem þú vildir. Nú mætir maður alltaf einhverjum þröskuldum. Þó að maður telji sig stjórna þessu þá eru aðrir – kerfið – farnir að stjórna þessu meira og minna." Hann segir að umræða um sjávarútveg hafi einnig haft sín áhrif. „Sumir stjórnmálamenn og aðrir tala linnulaust illa um okkur og það hefur sitt að segja. Reyndar er þykkur á mér skrápurinn en umræðan um greinina og þá sem í henni starfa getur verið illþolandi."

Sverrir gagnrýnir einnig stjórn fiskveiða og tíð inngrip stjórnmálamanna í kvótakerfið. „Það er alltaf verið að klípa af veiðiheimildunum

HAPPASKIPIÐ SÚLAN Langri útgerðarsögu Súlunnar lýkur í mars á næsta ári. Sverrr Leósson er þriðji ættliður sömu fjölskyldu sem gert hefur út Súluna EA frá Akureyri og er útgerðarsaga ættarinnar orðin hartnær aldarlöng.

TOYO Bestu dekkin í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine
TOYO TIRES
Low profile fyrir lúxusjeppa og sportbíla.
Frábært veggrip.
Mikil mýkt.
Hágæða hönnun.
Veldu TOYO PROXES og skildu hina eftir.
Mikið úrval frábært verð.
NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

sem úthlutað var í upphafi. Það er tekið af okkur til að færa öðrum," segir hann og á til dæmis við byggðakvóta og tilfærslur til smábáta. Hans skoðun er að með þessu sé eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar gert marklaust. „Áður fiskuðum við fyrir um 120-130 milljónir en á síðustu vertíð veiddum við fyrir 50 milljónir. Þetta er auðvitað gríðarleg kjaraskerðing fyrir útgerðina og sjómennina." Sverrir sér breyttu ástandi stað í ásókn sjómanna í að fá pláss á Súlunni. „Þessu fylgdu miklar tekjur en það hefur gjörbreyst. Við höfum reyndar verið heppnir og ég er stundum alveg hissa á því. Við höfum verið með sömu mennina allt upp í 25-30 ár og margir hafa verið hjá okkur í 10-15 ár."

Oftsinnis hefur Sverrir verið spurður hvers vegna hann kaupi ekki meiri aflaheimildir svo að Súlan þurfi ekki að vera bundin við bryggju í sex mánuði á ári. „Það væri sú mesta firra sem ég myndi gera. Kvótinn er svo dýr að framlegðin yrði mínus. Þessir stóru geta keypt sér kvóta því það skiptir þá ekki öllu hvað þeir fá fyrir tonnið þegar það er vigtað heldur hvað það gefur í framlegð á endanum."

Sest ekki í helgan stein

Þegar Súlan fær nýja heimahöfn situr Sverrir eftir í Innbænum á Akureyri. Hann segir að erfitt verði að kveðja skipið en gerir það þó sáttur. Þeir Bjarni hafa líka verið lánsamir í sínum rekstri. „Þetta hefur gengið mjög vel, ég kvarta ekki," svarar hann þegar hann er spurður hvort hann sé ekki milljónér. „Mesta lánið er þó að maður hefur alltaf verið við góða heilsu." Sverrir vill ekki gefa upp hve mikið Síldarvinnslan greiðir fyrir Súluna, það er viðskiptaleyndarmál, eins og það er kallað. „En það skiptir mig miklu máli að selja traustum aðila og það má taka það með í reikninginn."

Þó að Súlan fari er ekki þar með sagt að við taki iðjuleysi hjá Sverri. „Ég ætla nú að gera eitthvað enda

Í GARÐINUM HEIMA Skrifstofur Súlunnar eru á jarðhæð íbúðarhúss Sverris í Innbænum á Akureyri. Þaðan er útsýni yfir Pollinn sem var svartur af síld á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

þekki ég ekki annað en að vinna," segir hann. Ómögulegt er hins vegar að toga nokkuð upp úr honum um þau mál en þó er á hreinu að Sverrir Leósson verður ekki undirmaður eins né neins. „Ég hef verið minn eigin herra mestan hluta starfsævinnar og þekki mig nógu vel til að vita að ég get ekki orðið undirmaður. Ætli ég myndi ekki segja þeim manni að halda kjafti sem reyndi að segja mér fyrir verkum," segir hann og hlær.

Sverrir á sér fá áhugamál önnur en útgerðina en lætur þó þjóðmálin til sín taka og skrifar annað slagið um hugðarefni sín í Moggann. Hann hefur enga sérstaka ánægju af að spila golf og vill helst ekki ferðast. Hann hefur þó gaman af að horfa á James Bond myndir og geymir safnið á skrifstofunni.

Sverrir sjálfur ætlar ekki að verða eini minnisvarðinn um Súluna þegar hún hverfur úr bænum. Hann veit sem er að sjónarsviptir verður af henni úr miðbænum og einhverju sinni sagðist hann ætla að reisa um hana minnisvarða við bryggjuna. „Ég verð að standa við það, enda reyni ég að standa við orð mín."

LAGERSALA

AÐEINS 2 DAGAR EFTIR !

60% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !

OPIÐ 11-19

Í FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

H&M ROWELLS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ERAN/Landlist

Júróvisjón stuðið

4 FORSOÐNAR BÖKUNARKARTÖFLUR

÷um kíló!

4 FORSOÐNAR
298 KR.
UM KÍLÓ

ALI grillkótelettur og grillhnakki

ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI
1189 KR. kg
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1698kr.

30% afsláttur við kassann

SMJÖR

TILBOÐ: 500g af íslensku smjöri

Góðar með kartöflunum * Góðar með kjötinu

BÓNUS SÓSA
149 KR.
270g

KRYDDAÐUR RJÓMAOSTUR

KRYDDOSTUR
98 KR.
110g

110g Í ÖSKJU

TILBOÐ: 2 Ritzkex pakkar

2 RITZ (2x200g)
95 KR.
400g

2*200g

CAMEMBERT OSTUR

CAMEMBERT
179 KR.
150g

VINSÆLI MARINERAÐI LAXINN OG LÚÐAN

LAX Á GRILLIÐ
998 KR. kg
BEINLAUS OG MARINERAÐUR
FROSINN

FROSNAR
marineraðar lúðusteikur
1198 KR. kg
frá Norðanfiski

Frábært úr frystinum!

Einfalt og gott á grillið

Sorbetís

MINNA EN 1% FITA!

Ítalskur sorbetís
359 KR.
400 ml box

byrjar í Bónus!

EKKERT BRUDL

VOGA ÍDÝFA
95 KR.
175g

Feit, bragðmikil og krassandi
NÁTTÚRU lambarif

KRASSANDI LAMBARIF
279 KR.
Merkt verð 399 KR.

30% afsláttur
Við kassann

MAX/FREE
95 KR.
2 LÍTRAR

RAUÐUR/GRÆNN
95 KR.
200g

-feit og bragðmikil rif-

BBQ og KORN tortilla kornflögur

MEXÍKÓ TORTILLA
129 KR.
HÁLFT KÍLÓ

HÁLFT kíló

EUROSHOPPER SNAKK
95 KR.
200 GRÖMM

EUROSHOPPER SNAKK

Bónus býður betur!

3 risa eldhúsrúllur
XL
Nýtt í Bónus!
3 XL rúllur
298 KR.
GÓÐAR VIÐ GRILLIÐ!

LAKKRÍSTÖFLUR-HÁLFT KÍLÓ
LAKKRÍSTÖFLUR
98 KR.
500g

KJÚKLINGABRINGUR
-frosnar danskar í 900g pokum-
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1398 KR.
900g poki

www.bonus.is

BÓNUS

Öllum kosningabrögðum beitt

Í Borgarskjalasafni Reykjavíkur gefur nú að líta sýnishorn af ýmsum áróðursvopnum sem stjórnmálaflokkarnir hafa beitt í sveitarstjórnarkosningum í gegnum árin. Undir handleiðslu Guðmundar Odds Magnússonar, prófessors í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, og Svanhildar Bogadóttur borgarskjalavarðar leit *Jón Sigurður Eyjólfsson* á áróðurinn sem kjósendur hafa fundið fyrir hér á árum áður.

„Þessi áróðursplögg draga dám af tíðarandanum, bæði hvað varðar hönnun, útlit frambjóðenda og svo þeirri framtíðarsýn sem kynnt er," segir Guðmundur Oddur. „Og þau eldast misvel eins og sést til dæmis á áróðursplöggum Sjálfstæðisflokksins frá 6. áratugnum en þar er mynd af ungum dreng og á plagginu stendur: „Mamma og pabbi kjósa fyrir mig." Þetta myndi ekki gera sig í dag.

En stílbrögðin eru nokkuð lík alls staðar. Til dæmis hafa Bandaríkjamenn, Rússar, Þjóðverjar, Bretar og fleiri notað bendandi fingur til að eggja áhorfandann til leiks. Það eru ekki nema fjögur ár síðan Framsóknarflokkurinn beitti þessu bragði en þá reyndar með kind sem beindi klauf sinni að kjósandanum og undir stóð „Við viljum þig í Framsóknarflokkinn." Þarna er eflaust verið að spauga með auglýsingu sem bandarísk yfirvöld notuðu á sínum tíma til að hvetja fólk til að ganga í herinn."

SVANHILDUR BOGADÓTTIR Borgarskjalavörður stendur hér við áróðursplöggin sem gerð hafa verið handa kjósendum, en þar hefur ýmsum brögðum verið beitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ælupokar, hurðaspjöld og eyrnatappar

Menn hafa beitt ýmsum brögðum til að vekja athygli á málstað sínum eða til að koma höggi á andstæðinginn. Til dæmis létu Alþýðubandalagsmenn gera ælupoka fyrir kosningar 1986 með sérstökum leiðbeiningum en þær voru: „Settu í pokann öll afdönkuð íhaldssjónarmið sem þú verður var/vör við í umhverfi þínu. Lokaðu pokanum vandlega og hent´onum í ruslið!"

Og fleiri vildu sporna við þeirri mengun sem þeir töldu stafa af íhaldinu. Til dæmis má finna eyrnatappa með eftirfarandi leiðbeiningum: „D-tappinn. Lausn frá leiðindum. Varúð: Hávaðamengun Sjálfstæðisflokksins getur skaðað heilsu þína." Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig beitt brögðum til að koma höggi á andstæðinga sína. Til dæmis létu Sjálfstæðismenn í Reykjavík gera hurðaspjöld, líkt og notuð eru á hótelum, fyrir kosningarnar 1982. Öðru megin var það rautt og þar stendur: „Vinsamlegast ónáðið ekki. Þar voru einnig tíundaðar ástæður fyrir því af hverju Reykvíkingar ættu ekki að kjósa vinstri stjórn."

Formið og sannfæringarkrafturinn

En umfang kosningaáróðursins er ávallt háð þeirri tækni sem til er á hverjum tíma. „Á fyrrihluta 9. áratugarins eru komin til skjalanna fyrirtæki sem prenta á alla skapaða hluti og menn eru fljótir að nýta sér þetta. Þá fóru menn að þrykkja áróðurinn á penna, spil og í raun allt mögulegt. Eflaust hafa margir gætt sér á sælgæti nú síðustu daga sem verið hefur í kyrfilega flokksmerktum umbúðum." En hvað finnst Guðmundi Oddi um grafíkvinnuna við þessi áróðursplögg? „Sumt af þessu er ágætlega unnið og það sést þá hverjir höfðu efni á því að láta fagmenn um vinnuna. En svo er einnig hægt að sjá plögg sem bera vitni um lélega grafíkvinnu en mikinn sannfæringarkraft. Þá finnur lesandinn fyrir því að sá sem vann verkið trúir virkilega á það sem þar er sagt meðan á öðrum plöggum getur því verið öfugt farið; að formið er flott en andinn af skornum skammti. Annars sýnist mér áberandi í dag að þeir reyni að segja sem minnst því fæst orð hafa minnsta ábyrgð. Þeir vilja helst aðeins minna á sig án þess að gefa of mikið færi á sér." Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður segir að stundum leiti fulltrúar flokkanna til sín og vilji fá að kíkja á gömul áróðursplögg til að minna sjálfa sig á það hverju þeir og andstæðingarnir voru búnir að lofa.



GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON Að sögn Guðmundar Odds sést greinilega hvaða flokkar hafa haft efni á að láta fagmenn gera áróðursplöggin.

Bylting eða pulsupartí

Það virðist heldur ekki þurfa dýran pappír og litríkar myndir til að boða til byltingar. Sennilega verður áróðursplagg Húmanistaflokksins sennilega seint lofað fyrir hönnun en andann skortir ekki. Þar er boðað til byltingar, svart á appelsínugulu; völdin til fólksins, ókeypis heilbrigðisþjónusta, menntun og leikskólavistun fyrir alla. Reyndar er það plagg ekki svo ólíkt kosningaplaggi B-listans frá því um miðja síðustu öld. Þar er minnt á frambjóðendur sem eru allir af alþýðustétt og almenningur beðinn um að láta ekki glepjast af í pólitískum flokkadráttum. Þar er því atvinnu frambjóðenda getið eins og oft viðgengst en fulltrúar Kvennalistans brutu blað þegar þær kynntu sína frambjóðendur, en þá var tekið fram hversu mörg börn hver þeirra ætti.

En ekki er alltaf reynt að höfða til kjósandans með jafn alvarlegum hætti og gamli B-listinn gerði eða Húmanistaflokkurinn. Stundum virðist lausnin felast í því að bregða upp skemmtilegri stemningu og boða frekar til veislu heldur en byltingar. Auglýsing R-listans fyrir síðustu kosningar er gott dæmi um þetta en þar eru frambjóðendur saman í heitum potti og bjóða í pylsuveislu.

Allt fyrir gleðina!

Ævintýraboltar í úrvali

VERÐ FRÁ: 259 KR.

BRENNIBOLTAR

BRENNIBOLTI 399 KR.

ERAN/Landlist

FÍNAR FYRIR KVÖLDIÐ! Fullt af fallegu hárskrauti!

Verð frá 159 KR. HÁRSKRAUT

SERVÖRU VERSLANIR

SKEMMTILEGIR LÍMMIÐAR

TVEIR FYRIR 200 KR. límmiðar

FYRIR DEKURRÓFURNAR OKKAR

KREMAÐ FREYÐIBAÐ (Butter therapy)

KREMBAÐ 79 KR.

BAÐKÚLA 79 KR.

HM bolir

STÆRÐIR Á ÖLLUM BOLUM
116 - 164 OG S-XL

60% bómull og 40% pólýester

SERVÖRU VERSLANIR

HM BOLUR 1299 KR. EITT VERÐ

-og hér er BOLURINN okkar!

LEIRKER 399 KR. MEÐ SKÁL

ÚRVAL LITA

AK LEIRKER
Pottur 18x18x15sm
Undirskál 16x16x1,5 sm

3 LEIRKER Í SETTI
A: 29x29x24 sm
B: 23x23x18 sm
C: 17x17x14 sm

UNDIRSKÁLAR FYLGJA

LEIRKER 999 KR. 3 STK.

LEIKFANGAFATA 399 KR.

Mikið úrval
td. SPIDERMAN OG BARBIE
VELJIÐ SJÁLF!

ÍSKRANDI HÁFLEYG BLÖÐRUPYRLA

BLÖÐRUPYRLA 259 KR. MEÐ ÍSKRI

As seen on TV

GRÍPTU KÚLURNAR!

SÁPUKÚLUR 259 KR. MÁ GRÍPA!

MULLIGAN 1599 KR. 24 BOLTAR

24 BOLTAR

100 té

MULLIGAN 399 KR. 100 TÉ

ÞRJÁR BORDERLINE FERÐATÖSKUR Í SETTI

Fínar í ferðina!

TÖSKUSETT 7999 KR. BORDERLINE

www.bonus.is

Bætt hús, betri borg

Húsverndunarsjóður Reykjavíkur útdeilir árlega minnst fimmtán milljónum til viðhalds reykvískra húsa. Sjóðurinn var stofnaður árið 1987 og var í byrjun lánasjóður. Árið 1997 breyttist hann svo í styrktarsjóð og þykir hafa gert kraftaverk í endurgerð eldri húsa. Allir húseigendur í borginni geta sótt um styrk úr sjóðnum, óháð aldri eignarinnar, en sjóðurinn útdeilir styrkjum til þeirra húsa sem þykja hafa sérstakt varðveislugildi fyrir borgina samkvæmt átta flokka kerfi. Ekkert hámark né lágmark er á þær upphæðir sem veittar eru úr sjóðnum en meginreglan er sú að allir þeir sem sækja um fá eitthvað uppfylli umsókn þeirra skilyrði sjóðsins, sem gerir það að verkum að eftir því sem fleiri sækja um fær hver lægri upphæð í sinn hlut. Í ár var 71 styrk úthlutað samtals upp á 17.500.000. Fréttablaðið rýndi í styrkveitingarnar og þá sem hrepptu hnossið að þessu sinni.

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 30 Það eru miklar framkvæmdir í gangi við 12 spora húsið við Skólavörðustíg. Húsið fær hálfa milljón króna styrk í gluggar og girðingar.

RÁNARGATA 12A Dansarinn Yesmin Olsson býr í þessu húsi sem byggt er 1906. Húsráðendur fá 300 þúsund krónur í endurbætur í ár en húsið fékk líka styrk í fyrra upp á 400 þúsund krónur.

SUÐURGATA 4 Í þessu reisulega húsi við Suðurgötuna býr margt gott fólk, meðal annars Katrín Hall dansari og maki hennar Guðjón Pedersen leikstjóri. Agnes Johansen dagskrárgerðarmaður er einnig skráð til heimilis í húsinu en húsið fær 300.000 kr. styrk í ár fyrir ytra byrði hússins.

LAUFÁSVEGUR 4 Þetta hús fellur undir flokkinn „verndun götumyndar" og hlýtur 300.000 kr. styrk í ár í viðhald að utan. Spurning hvort brúðuleikarinn Helga Stephenssen sem er einn af íbúum hússins sjáist þar í stillönsunum í sumar? Húsið hefur fjórum sinnum áður hlotið styrk úr sjóðnum.

ÞÓRSGATA 19 Íbúar Þórsgötu 19 hafa hug á að færa gluggana í húsinu í upprunalegt horf. Teitur Þorkelsson, sem var að vinna heimildarmynd um Nepal þegar síðast til hans fréttist, er einn af íbúum hússins en þar bjó einnig leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir um tíma.

GRANDAVEGUR 36 Guðrún Ásmundsdóttir leikkona og aðrir íbúar við Grandaveg 36 fá hvorki meira né minna en 100 þúsund krónur til að koma gluggum hússins í upprunalegt horf. Það dugar nú skammt en húsið sótti um 4.248.860 kr. úr sjóðnum.

LAUGAVEGUR 31 Biskupsstofa er til húsa í þessu húsi sem byggt er 1929. Nú stendur til að koma gluggunum í upprunalegt horf og mun það líklega gleðja margan guðsmanninn. Húsið á ósóttan styrk upp á 400.000 frá því í fyrra og í ár fær húsið 200.000 þúsund krónur í viðbót.

FRÍKIRKJAN Fríkirkjan var byggð árið 1902 og sótti hún um 6.750.000 milljónir úr sjóðnum í ár til endurbóta. Hún fær einungis 300 þúsund til lagfæringar á sigi.

LAUGAVEGUR 2 Þessi bygging er frá 1887 og er friðuð. Húsið hefur fengið þó nokkra styrki úr sjóðnum, 3.150.000 krónur síðan 1998. Í ár fær húsið vilyrði fyrir 400.000 kr. sem eiga að notast í endurbætur á ytra byrði.

HAFNARSTRÆTI 1-3 Café Victor og Restaurant Galileo eru til húsa í byggingu frá 1868. Mikið hefur verið gert fyrir húsið á undanförnum árum og hefur Húsverndunarsjóður verið duglegur við að styrkja þær bætur. Í ár fær húsið 400.000 kr. til styrktar á ytra byrði en þetta er elsta húsið sem sjóðurinn styrkir í ár. Þess má geta að yngsta húsið sem sjóðurinn hefur styrkt er á Tómasarhaga og er það byggt 1965.

BJARNARSTÍGUR 5 Hjónin Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona og Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður eru húsráðendur hér og fá þau 100 þúsund krónur í glugga á efri hæð.

MIÐSTRÆTI 4 Við Miðstræti eru öflugir styrkumsækjendur, ekki síst í Miðstræti 8b sem hefur fengið ófáa styrkina í gegnum tíðina. Miðstræti 4 fær styrk í glugga á suðurgafli en rithöfundurinn og blaðamaðurinn Birna Anna Björnsdóttir býr m.a. í húsinu.

MIÐSTRÆTI 5 Þetta er glæsilegt hús og nú á að fara að taka tröppurnar í gegn með 200 þúsund króna styrk frá Húsverndunarsjóði. Meðal þeirra sem munu hlaupa upp nýju tröppurnar eru leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir og tónlistarmaðurinn Stefán Már Magnússon.

MIÐSTRÆTI 10 Hér býr Þórunn E. Sveinsdóttir búningahönnuður ásamt fleirum. Húsið, sem er byggt 1904, fær 200 þúsund króna styrk í glugga á framhlið.

Afnemum VSK
af öllum Prostyle hágæða hjólum

26"hjól
City Cruiser



12"hjól 3-5 ára

Champion

Bremsur: Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.

"hjól 3-5 ára

Girl

Bremsur: Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.

16"hjól 5-7 ára

Bre
Hjól
ss

20"hjól 7-9 ára



Eos Fatboy

Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.

20"hjól 7-9 ára

Queen

Gírar: 6 gíra.
Tegund gíra: Shimano grip shift.
Bremsur: Handbremsur að framan og að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að framan og að aftan.

Afnemum VSK
af öllum hjólum um helgina

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Glæpagengið ræður fangelsunum

Ofbeldisaldan sem riðið hefur yfir Sao Paulo undanfarið hefur orðið hátt í 200 manns að bana og hafa íbúar þessarar stærstu borgar Brasilíu aldrei áður séð ofbeldi þessu líkt. *Sigrún María Kristinsdóttir* kynnti sér málið frekar.



Í GÍSLINGU Fangi heldur fangaverði í gíslingu í Campo Mourao-fangelsinu í Parana í Brasilíu í síðustu viku. Gríðarleg ofbeldisalda reið yfir Sao Paulo og nágrenni í vikunni og voru hátt í 200 manns drepnir í þeim átökum, en að baki þeim stóð glæpagengið PCC. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um síðustu helgi réðust grímuklæddir menn að lögreglustöðvum með handsprengjum og vélbyssum og kveiktu í fjölda strætisvagna. Á sama tíma risu þúsundir fanga gegn vörðum í yfir sjötíu fangelsum og tóku hundruð þeirra gísla. Lögregla brást við með miklu ofbeldi, sem mætt hefur misjöfnum viðbrögðum og segja sumir spillt dómskerfi kynda undir óeirðunum. Gagnrýnendur lögreglunnar segja meðlimi hennar hafa brugðist við uppreisninni með því að skjóta fyrst og spyrja spurninga síðar. Mikill ótti ríkir nú meðal íbúa Sao Paulo vegna ástandsins.

PCC-glæpagengið

Að baki ólgunni stendur eitt stærsta glæpagengi fangelsa Brasilíu, en það er svo víðtækt að margir telja meðlimi þess nánast stjórna fangelsisyfirvöldum í Sao Paulo-fylki. Gengið kallast Primeiro Comando da Capital, sem útleggja má sem Aðalstjórn höfuðborgarinnar, en gengur undir upphafsstöfunum PCC.

PCC er talið vera sérlega hættulegt gengi, því leiðtogar þess eru ungir, ofbeldisfullir glæpamenn sem eru mun gáfaðri en venjulegir stigamenn, að sögn Walter Fanganiello Maierovitch, brasilísks sérfræðings um skipulagða glæpastarfsemi.

„Marcos Willians Herbas Camacho, leiðtogi PCC, er afar gáfaður maður," sagði Maierovitch. „Hann hefur jafnvel lesið Vítisljóð eftir Dante, svo hann veit vel hvernig hann getur gert líf okkar að sönnu helvíti."

PCC var stofnað í byrjun tíunda áratugarins af föngum sem lifðu af blóðbað þegar lögregla brást við uppreisn fanga með því að drepa 111 þeirra.

Í upphafi var um eins konar verkalýðsfélag fanga að ræða, sem barðist fyrir bættum aðstæðum í yfirfullum fangelsum Brasilíu, en fljótlega fóru meðlimir þess að standa fyrir skipulagðri glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfja- og vopnasölu, mannránum og þjófnaði, auk fangauppreisna.

Veldi PCC hefur aukist til muna með fjölgun farsíma, sem óprúttnir fangaverðir eru sagðir smygla inn í fangelsin, því með aðstoð símanna geta leiðtogarnir stjórnað hinum 10.000 meðlimum gengisins bæði innan og utan fangelsismúranna.

Nýliðar ganga í PCC í fangelsunum og þeir meðlimir sem ekki hafa efni á mánaðargjaldi félagsins (1.650 krónur fyrir fanga og 16.500 fyrir þá sem ganga lausir) greiða með því að taka þátt í hættulegum glæpum eða árásum á lögreglu, samkvæmt frétt dagblaðsins Fohla de Sao Paulo.

Viðbrögð lögreglu

Lögregluyfirvöld segja ofbeldið sem nú ríkir í Sao Paulo stafa af reiði meðlima PCC yfir því að átta leiðtogar þeirra voru færðir í sérstakt öryggisfangelsi fyrir síðustu helgi, og að gengið sé jafnframt að minna á völd sín. En margir telja fleira búa undir.

„Hluti lögreglunnar virðist halda að þetta sé stríð og það sé í lagi að útrýma óvininum. Það er ekki í lagi," sagði Sergio Adorno, prófessor við háskólann í Sao Paulo.

„Líklega er lögreglan að notfæra sér reiði almennings vegna svívirðilegra glæpa PCC með þessum harkalegu aðgerðum," sagði James Cavallaro, prófessor við lagadeild Harvard-háskólans, í samtali við AP-fréttastofuna.

MARCOS WILLIANS HERBAS CAMACHO Talinn vera höfuðpaur brasilíska glæpagengisins PCC. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flestir þeirra sem látist hafa í átökunum undanfarna viku í Sao Paulo eru annað hvort fangar eða lögreglumenn, en talsmenn ýmissa mannréttindasamtaka óttast að saklausir óbreyttir borgarar séu meðal hinna særðu og látnu.

Þó telur Guaracy Mingardi, fyrrum rannsóknarlögreglumaður í Sao Paulo sem starfar sem glæparáðgjafi Sameinuðu þjóðanna, að óbreyttir borgarar hafi ekkert að óttast.

„Ég held að meðlimir PCC hugsi sig tvisvar um áður en þeir ráðast á óbreytta borgara. Þeir vilja ekki hætta á að reita íbúa fátækrahverfa Sao Paulo til reiði, því þaðan fá þeir flesta nýliðana, unga drengi og stúlkur með engar framtíðarhorfur," sagði Mingardi.

Jafnframt sagði hann lögregluna eiga erfitt starf fyrir höndum, því PCC er þannig byggt upp að ef leiðtogarnir eru allir settir í einangrun eða drepnir taka undirmenn þeirra undir eins við völdum.

Menntun, ekki glæpir

Brasilíska þingið íhugar nú hvort herða beri löggjöf gegn stigamönnunum, svo hægt verði að einangra leiðtoga glæpagengja í allt að tvö ár og útiloka notkun farsíma innan veggja fangelsanna.

Luiz Inacio Lula da Silva, forseti Brasilíu, hvatti hins vegar til stillingar og bað þingmenn um að hægja á sér. Mikilvægara væri að bæta menntakerfið en að ausa frekara fé í fangelsi landsins. Hann minnti á að á sjöunda til tíunda áratugnum hefði Brasilía ekki nógu fé í menntun barna og unglinga, og það hefði leitt til þess að ungir menn leiddust út í glæpi.

„Annað hvort gefum við unglingunum von eða skipulögð glæpastarfsemi gerir það fyrir okkur," sagði Silva og bætti við að hann sjálfur kysi frekar að útvega unga fólkinu von um heiðarlega framtíð.

smk@frettabladid.is

Sérstakt sóltilboð á Ford

Ford

Nýtt tákn um gæði

Trend+
Mondeo Trend Plus
2,0l 5 dyra, 5 gíra*
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 41.120 kr.
Verð án sóltilboðs 2.350.000 kr.
Sóltilboð 2.250.000 kr.
Sóltilboð á sjálfskiptum Mondeo Trend Plus. Til vöbótar aðeins 140.000 kr.

Mondeo Trend Plus sóltilboð 27.490*

Mán.gr. Bílasamningur Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bílasamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Afláðu þér frekari upplýsingar www.ford.is

Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst strangustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.

Trend+
Focus C-Max Trend Plus
2,0l 5 dyra, sjálfskiptur*
Bílasamningur 29.200 kr.
Rekstrarleiga 41.670 kr.
Verð án sóltilboðs 2.590.000 kr.
Sóltilboð 2.390.000 kr.

Focus C-Max Trend Plus sóltilboð 29.200* (mán.gr. bílasamningur)

Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 27. maí n.k. eða meðan birgðir endast.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús sóltilboð Brimborgar: Ford Mondeo Trend Plus og Ford Focus C-Max Trend Plus.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra myntá 50% isk./50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra myntá og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefni til samræmist ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölusérfræðingar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum er aðeins

Eurovision stemmning

30% afsláttur

1329 kr. kg ~~1899~~

Krónu lambagrillsneiðar úr læri

40% afsláttur

1499 kr. kg ~~2495~~

Móar kjúklingabringur

Goða Grísalundir **1986** kr/kg

Krónu ís 1L, 3 teg. **129** kr/1L

20% afsláttur

Gríms fiskréttir

Siesta kaffi **199** kr/pk

Góa súkkulaðirúsínur **179** kr/pk

Veisluostar **117** Verð frá kr/stk

Fetaostur, 2 í pakka **399** kr/2 í pk

Virk Sam-keppni

SKEIFAN	BÍLDSHÖFÐI	HRINGBRAUT	BREIÐHOLT	NORÐURBRÚN	HVALEYRARBRAUT	MOSFELLSBÆR	SELFOSS	VESTMANNAEYJAR	ÞORLÁKSHÖFN
virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-21	virkir dagar 11-21	virkir dagar 11-21	Allir dagar 12-23	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19
laugardagar 11-19	laugardagar 11-19	laugardagar 11-19	laugardagar 11-21	laugardagar 11-21	laugardagar 11-21		föstudagar 11-20	laugardagar 11-19	laugardagar 11-19
sunnudagar 12-18	sunnudagar 12-19	sunnudagar lokað	sunnudagar 12-21	sunnudagar 12-21	sunnudagar 12-21		laugardagar 11-19	sunnudagar lokað	sunnudagar lokað
							sunnudagar lokað		

KRONAN
VIRK SAMKEPPNI

399 kr. pk.
2 L af Coke eða Coke Light og Maarud flögur

30% afsláttur

700-1300 g
2499 kr. kg
Nautalundir frá Nýja Sjálandi

30% afsláttur
Steiktir & skornir kjúklingastrimlar

30% afsláttur
Grísaofnsteik

KASSI AF COKE LIGHT Í GLERI, 2 POKAR AF MAARUD FLÖGUM FYLGJA HVERJU GRILLI

Krónubrauð stórt og gróft
99 kr/stk.

Líf maískorn, 432 g
85 kr/stk

Rinaldi, 745 ml spagettísósa, 3 teg.
169 kr/stk

9.995 kr. stk.
Elegant Union grill ósamsett

Alltaf frábær tilboð alla daga

Sú fimmta komin ...

Yfir 25.000 eintök seld á Íslandi!

Hin viðkunnanlega Precious Ramotswe, sem fær bæði óvenjuleg, flókin og viðkvæm mál til að leysa, í bland við dásamlegan húmor gera þessar bækur að vinsælustu spennusögum heims.

Edda
edda.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Til hamingju Ísland

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR PÚAR Á EVRÓPU.

Til hamingju Ísland. Til hamingju með Silvíu Nótt. Til hamingju með þann frábæra árangur sem fulltrúi Íslands náði í söngvakeppni evrópskra sjónvarpstöðva á fimmtudagskvöldið. Og ég er ekki að grínast eða vera kaldhæðin. Loksins í júróvisjónsögu Íslendinga gátum við loksins brotið út af vananum. Við floppuðum og við vissum það fyrirfram að væntanlega myndum við floppa.

Gegnum árin hafa Íslendingar alltaf haldið í von og trú á að Íslendingar muni vinna Júróvisjón þetta árið. Og það hefur þjóðin haldið næstum öll árin. Sem dæmi má nefna keppnina í fyrra þegar Selma var búin að vinna Júróvisjón áður en frumsýningin á myndbandinu hennar var hálfnuð.

Í ár fannst mér Íslendingar loks slaka aðeins á Júróvisjónmetnaðinum enda var ein stærsta og mesta grínstjarna Íslands send út. Þar hristi kerla svo skelfilega upp í hlutunum að hún var næstum púuð niður af sviðinu. Að loknum flutningi Silvíu púaði salurinn svo enn hærra og íslenska þjóðarstoltið felldi tár. Halló Evrópa, djók skiluru?

En þetta er engu að síður stórkostlegt. Aðeins einu sinni áður í sögu Júróvisjón hefur verið púað á þátttakanda í keppninni. Það var fyrir einhverjum þrjátíu árum síðan þegar púað var á Breta sem ætluðu sér að mæma lagið á sviðinu. Hugsið ykkur þennan frábæra árangur Silvíu að marka nafn Íslands þannig niður á sögublaðið. Til hamingju.

Þetta er ekki spurningin um að vinna heldur að vera með. Og Silvía Nótt var svo sannarlega með. Ef einhver skammast sín fyrir framlagið má ég þá minna á Daníel Ágúst árið 1989 eða Two Tricky með Birtu. Þá skammaðist ég mín. En ekki núna. Í ár þorðum við að fara okkar eigin leiðir og höfðum gaman að því. Bú á Silvíu?? Bú á ykkur Evrópa með stíft prik í snobbuðum bossa.

Kæru Íslendingar, höldum áfram að tjilla. We are the winners. Áfram Litháen.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

GOTT FÓLK McCANN

Blöðrur fyrir börnin!

SS pylsur og ískalt gos fyrir alla fjölskylduna

Fritt í öll tækin í garðinum, stærstu rennibraut landsins, hoppukastala, klifurvegg og fleira

GÓÐ SKEMMTUN MEÐ STÖÐ 2 Í TUTTUGU ÁR

Frítt fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn

Gleðilegan M2dag

Afmælisveisla Stöðvar 2 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Í dag kl. 11-16

WARNER KLUKKUTÍMINN
Alla laugardaga og sunnudaga kl. 9:00 á Stöð 2

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

SKÁTALAND

Kl. 21.00
Miriam Makeba heldur stórtónleika í Laugardalshöll. Makeba er einn af mestu listamönnum síðustu aldar og líklega sá sem mesta þýðingu hefur haft fyrir afríska tónlist. Tónleikarnir eru liður í Listahátíð í Reykjavík.

menning

menning@frettabladid.is

Listamannaspjall um helgina

Á morgun sunnudag mun myndlistarmaðurinn Steingrímur Eyfjörð fjalla um verk sín sem nú eru til sýnis í Listasafni Íslands. Gunnar J. Árnason listheimspekingur leiðir samtalið og hefst dagskráin kl. 14.

Ókeypis er í safnið en þar standa nú yfir yfirlitssýningar á verkum Steingríms og Birgis Andréssonar og eru sýningarnar framlag safnsins til Listahátíðar í Reykjavík. Steingrímur Eyfjörð hefur í verkum sínum farið inn á merkingarsvið heimspeki, vísinda, félags- og mannfræði þar sem viðfangsefni verkanna geta verið um jafn ólíka hluti og trúmál, pólitík, íslenska þjóðmenningu og sögu og dægurmenningu. Teikningin er fyrirferðarmikill tjáningarmáti í verkum Steingríms og í þeim sést náinn sjónrænn skyldleiki teikningarinnar við ritlistina. Verkin á sýningunni spanna allan feril listamannsins.

Almenn leiðsögn er um sýningar safnsins í hádeginu á þriðjudögum og föstudögum milli kl. 12.10 og 12.40.

STEINGRÍMUR EYFJÖRÐ Yfirlitssýning í Listasafni Íslands og listamannaspjall á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Ekki missa af...

Ljóðasmiðju með meiru á vegum Kabarettsins Músífölsk kl. 14 í Hafnarhúsinu. Gestir geta litið við og samið og flutt sitt eigið ljóð með hjálp haglegrar tölvu. Dagskráin er hluti af fjölljóðahátíðinni Orðið - tónlist.

Hljómsveitunum I Adapt, Innvortis og Hostile sem keyra allt í botn á Grand Rokk í kvöld.

Opnun á málverkasýningu Söndru Maríu Sigurðardóttur í Energiu í Smáralind. Sýningin „Moments“ stendur yfir til 30. júní.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR

4. sýn. í kvöld lau. 20/5 nokkur sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 25/5 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 26/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5. **Aðeins þessar sýningar í vor.**

GALDRASKYTTAN

Frumsýning fös. 2/6 örfá sæti laus, mið. 7/6, fös. 9/6, lau. 10/6.
Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar æskunnar og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU

Í kvöld lau. 20/5, sun. 21/5 nokkur sæti laus, mið. 24/5, fim. 25/5, fös. 26/5, lau. 27/5, sun. 28/5. **Brúðuleikhús fyrir fullorðna.**
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!

Í dag lau. 20/5 kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 21/5 kl. 13:00 nokkur sæti laus og 15:00 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**
Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN

Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.
Upptaka sýnd í Leikhúskjallaranum að loknum sýningum á Fagnaði.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 UPPS. Su 21/5 kl. 14 UPPS.
Su 28/5 kl. 14 UPPS.
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Þri 6/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Su 21/5 kl. 20 Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Mi 31/5 kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 Lau 3/6 kl. 20
Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 Lau 10/6 kl. 20

HLÁTURHÁTÍÐ

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti.

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

BELGÍSKA KONGÓ

Mi 24/5 kl. 20 UPPS.
SÍÐUSTA SÝNING

NAGLINN

Fi 1/6 kl. 20
SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN

Lau 27/5 kl. 20
SÍÐASTA SÝNING

25 TÍMAR

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006

9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20

Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÓVENJULEGIR TÓNLEIKAR Á LISTAHÁTÍÐ Kammersveit Reykjavíkur flytur þrjá konserta eftir Mozart ásamt einleikurum en engum stjórnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnlaus Mozart

Kammersveit Reykjavíkur leikur þrjá Mozart-konserta á einstökum tónleikum í Langholtskirkju annað kvöld. Nýbreytnin er sú að enginn stjórnandi verður á tónleikunum heldur mun hljómsveitin leika milliliðalaust með einleikurunum þremur.

„Þetta er mikið mál og mun meiri áreynsla fyrir alla, ekki bara einleikarana heldur hvern einstakan hljóðfæraleikara. Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt, það er allt öðruvísi tilfinning að spila án stjórnanda, til dæmis er fólk frjálsara með að koma með ábendingar á æfingum,“ útskýrir Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari og staðfestir að þetta framtak efli líka traustið og samheldnina í sveitinni.

Hún rekur hugmyndina að tónleikunum til hljómleikaferðalags sem sveitin fór í fyrir þremur árum en þá þáði hún boð Vladimirs Ashkenazy og ferðaðist til Rússlands og Belgíu og kom fram án stjórnanda. „Eftir ferðina fékk ég beiðni frá Einari Jóhannessyni klarinettuleikara um hvort við gætum einhvern tíma gert þetta og hann fengi að leika klarinettukonsert Mozarts. Og nú er þetta að verða að veruleika. Einar hefur spilað þann konsert mjög oft en nú spilar hann verkið í fyrsta sinn á hljóðfæri sem er mjög líkt því klarinetti sem smíðað var fyrir Mozart þegar hann var að semja verkið á sínum tíma. Þetta er því mikið metnaðarmál fyrir hann, hann er til að mynda að tileinka sér nýja fingrasetningu.“ Rut útskýrir að hljómur klarinettsins nái dýpra en áður og því séu hlustendur að heyra verkið á nýjan hátt og ef til vill upprunalegri.

Hljómsveitin er stór að þessu sinni, 36 hljóðfæraleikarar spila með Kammersveitinni en auk Einars sem leika mun klarinettukonsertinn koma Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari og Víkingur Heiðar Ólafsson pianóleikari fram með sveitinni.

Víkingur er nýkominn heim úr námi í Juilliard-tónlistarskólanum í New York og leikur pianókonsert Mozarts nr. 25 í C-dúr á þessum fyrstu tónleikum sínum eftir prófatörnina í Bandaríkjunum.

„Stjórnlaus konsert hljómar ekkert ofsalega vel en þetta er samt rosalega skemmtilegt,“ segir Víkingur. „Hljómsveitin og sólóistinn vinna svo náið saman og þetta verður meiri kammermúsík því nándin er mikil.“ Verkið sjálft er líka í miklu uppáhaldi hjá pianóleikaranum. „Þetta er síðasti grand konsertinn sem Mozart samdi. Glæsileg tónsmíð, mjög virtuósískt og afskaplega innblásið. Þetta verk hefur eiginlega allt sem konsert þarf að hafa, hann sýnir bæði rosalega mikla tækni og getu en svo þarf maður líka að hafa mikla ljóðrænu og tilfinninganæmni.“

Það er margt á döfunni hjá Víkingi í sumar og haust, hann mun frumflytja konsert sem tónskáldið Snorri Sigfús Birgisson hefur tileinkað honum með Caput-hópnum, leika Beethoven með Sinfóníuhljómsveit Íslands, spila á kammerhátíð á Kirkjubæjarklaustri og svo er einnig rætt um hljóðritanir og plötuútgáfu. Hann hefur samt ákveðið að halda áfram náminu í Juilliard-tónlistarskólanum. „Þetta hefur gengið svo vel, allt hefur verið eins og best er á kosið. Ég verð áfram í meistaragráðunni í tvö ár en held áfram hjá nýjum kennara,“ útskýrir Víkingur.

Tónleikarnir fara fram í Langholtskirkju annað kvöld og hefjast kl. 20.

kristrun@frettabladid.is

KREFJANDI TÓNLEIKAR MEÐ MEIRI NÁND EN ÁÐUR Einleikararnir Einar Jóhannesson, Una Sveinbjarnardóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

17 18 19 **20** 21 22 23

Laugardagur

TÓNLEIKAR

☐ Hljómsveitirnar **I Adapt**, **Innvortis** og **Hostile** leiða saman hesta sína á **Grand Rokk**.

LEIKLIST

☐ 20.30 **Heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri** sýnir leikritið **Fyrir luktum dyrum** eftir **Jean-Paul Sartre** í samvinnu við **Leikklúbbinn Sögu** í **Deiglunni** á Akureyri. Leikstjóri **Skúli Gautason**.

OPNANIR

☐ 16.00 **Nýhil** opnar ljóðabókabúð í húsnæði **Smekkleysu** á **Laugavegi 59**.

SKEMMTANIR

☐ Hljómsveitin **Á móti sól** leikur í **Salthúsinu** í **Grindavík**. Forsala aðgöngumiða á staðnum 16-18.

OPIÐ HÚS

☐ 10.00 Afmælisdagskrá í **Listasafni Ásmundar Sveinssonar**. Opið frá 10-16 og ókeypis inn, fjölbreytt dagskrá með listasmiðjum, leiðsögn og teiknikeppni. **Bárður** hinn knái úr Stundinni okkar skemmtir ungum listunnendum kl. 14.

NÁMSKEIÐ

☐ 11.00 **Skógræktarfélag Reykjavíkur** heldur tálgunarnámskeið fyrir börn og verður námskeiðið haldið í gamla **Elliðavatnsbænum** í **Heiðmörk**. Námskeiðið er öllum opið og ókeypis en þátttakendur eru beðnir um að taka með sér hnífa. Nánari upplýsingar á www.heidmork.is.

LISTAHÁTÍÐ

☐ 14.00 Ljóðasmiðja með meiru á vegum **Kabarettsins Músíflösk**. Gestir geta litið við í **Hafnarhúsi** og samið og flutt sitt eigið ljóð með hjálp haglegrar tölvu. Dagskráin er hluti af fjölljóðahátíðinni **Orðið - tónlist**.

☐ 14.00 **Benedikt Erlingsson** flytur einleik sinn um **Egil Skallagrímsson**, **Mr. Skallagrímsson**, í **Landnámssetrinu** í **Borgarnesi**. Önnur sýning kl. 19.00.

☐ 16.00 Kvikmyndin **La Strada** eftir **Fellini** verður sýnd í **Bæjarbíói** í **Hafnarfirði.**

☐ 16.00 Búlgarski kvennakórinn **Angelite** kemur fram í **Hallgrímskirkju**. Kórstjóri er **Georgi Petkov**.

☐ 20.00 **Umbreyting - ljóð á hreyfingu**. Brúðusýning fyrir fullorðna eftir **Bernd Ogrodnik** í **Kassanum** í **Þjóðleikhúsinu**.

☐ 21.00 **Miriam Makeba** heldur kveðjutónleika í **Laugardalshöll**.

UPPÁKOMUR

☐ 10.00 Afmæli **Ásmundar Sveinssonar** myndhöggvara verður fagnað í **Ásmundarsafni**. Opið verður frá 10-16 og boðið upp á listsmiðjur, leiðsögn og teiknikeppni. Borð og stóla í garðinum. Aðgangur ókeypis.

Umsóknafrestur fyrir skólavist 2006 / 07

7 júní

Háskólanám í LBHÍ grunnur að framtíð

Umhverfisskipulag
Búvísindi
Náttúru- og umhverfisfræði
Skógfræði og landgræðsla

Kynntu þér námsleiðir við LBHÍ, **www.lbhi.is**

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri • 311 Borgarnes • s. 433 5000
www.lbhi.is

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

Um helgina á Listahátíð

Miriam Makeba – Grand finale

Stórtónleikar í Laugardalshöll á laugardagskvöld

„Áhrifamesti flutningur sem ég hef orðið vitni að" – Guardian

Laugardalshöll 20. maí kl. 21.00
Miðaverð: 5.500 / 5.000 kr.

GLITNIR

Englasöngur á jörðu niðri

Búlgarski kvennakórinn Angelite á laugardag og sunnudag kl. 16.00

„Kemst næst því að hlýða á englasöng á jörðu niðri" – Time Out, New York

Hallgrímskirkja 20. og 21. maí.
kl. 16.00. Miðaverð: 2.800 kr.

samson

Ítalskur funi í Hafnarfirði á sunnudag

La Strada –tónlist og kvikmynd

Tónlist eftir hið þekkta ítalska tónskáld Nino Rota með Kammersveit Hafnarfjarðar. Hljómsveitarstjóri: Michele Marvulli. Einleikari: Domenico Codispoti
Á efnisskrá m.a: svíta úr ballettinum „La Strada" og Konsert fyrir píanó og hljómsveit í e-moll.

Hafnarborg Hafnarfirði 21. maí kl. 17.00
Kvikmyndasýning: Kvikmyndasafni Íslands 21. maí kl. 20.00,
Fyrri sýning á La Strada í dag, 19. maí, kl. 16.00
Miðaverð á tónleika: 2.500 kr.

Mozart 250 ára

Kammersveit Reykjavíkur og þrír framúrskarandi einleikarar

Einleikarar: Una Sveinbjarnardóttir fiðla, Einar Jóhannesson klarinetta, Víkingur Heiðar Ólafsson píanó

Efnisskrá: Píanókonsert nr. 25 í C-dúr, Fiðlukonsert nr. 4 í D-dúr og Klarinettukonsert í A-dúr.

Langholtskirkju 21. maí kl. 20.00. Miðaverð: 2.500 kr.

KB BANKI
ICELANDAIR
SAMSKIP
Radisson SAS

Listahátíð í Reykjavík 2006 hátíðin
www.listahatid.is

Miðasalan Bankastræti 2:

Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.
Sími 552 8588 – Miðasala á netinu á www.listahatid.is
Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð

> Belti um mittið
.... færum beltið upp í mittið til að undirstika kvenleika og kynþokka.

útlit
utlit@frettabladid.is

SMEKKURINN: ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR STARFSMAÐUR Í VERSLUNINNI CENTRUM OG NEMI

Veikust fyrir kjólum og skartgripum

Spáir þú mikið í tískuna? Já ég geri það, enda kannski ekki annað hægt þar sem ég vinn í tískuvörubúð og er því innan um föt allan daginn. Líka nátturlega það allra skemmtilegasta.
Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Ég veit ekki alveg hvernig ég gæti lýst honum. Í raunninni kaupi ég mér bara það sem mér finnst flott hverju sinni. Ég heillast af nýju jafnt sem gömlu í fatavali og finnst gaman að blanda öllu saman á eitthvern flottan hátt.
Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Chloe, Luella, Zac Posen, Fendi ásamt mörgum fleirum. Þessa stundina í merkjum er Arrogant cat að slá í gegn og svo er náttúrlega möst að eiga allt í Chanel núna.
Flottustu litirnir? Jii, það eru svo margir. Hjá mér fer það eiginlega alveg eftir skapi. Bleikur og silfur er annars í uppáhaldi þessa stundina.
Hverju ertu veikust/veikastur fyrir? Kjólum, skartgripum og skóm.
Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Modstromkápu í Centrum.
Hvað finnst þér flottast í tískunni núna? Ökklaboots, stór sólgleraugu, mittisbuxur, sundbolir, flottir kjólar ásamt alveg helling af fleiru, þar sem svo margt er í boði þessa stundina.
Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið? Ýkt háar mittisbuxur, flott bikini og stór sólgleraugu.
Uppáhaldsverslun? Centrum, H&M, Spútnik, kronkron ásamt fleirum. Svo finnst mér líka ótrúlega gaman að versla í svona underground-búðum og á mörkuðum.
Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Það fer algjörlega eftir persónulegu ástandi.
Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Svörtu acne-buxnanna minna og pelsins míns.
Uppáhaldsflík? Í augnablikinu eru það svört glimmer-leggings sem ég keypti í júniform og hælaskór sem ég keypti mér á Portobello-markaði í London í fyrra.
Hvert myndir þú fara í verslunarferð? New York og London eru ofarlega á lista. Ég myndi líka vilja fara eitthvert allt annað til þess að reyna að kynnast nýrri menningu og sjá nýja strauma í tísku.
Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Ætli ég verði ekki bara að segja buffalo-skór. En ég tek það fram að á þeim tíma voru þeir sko ógeðslega töff.

MÓÐUR VIKUNNAR
> BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR

Ekki vera gallafatabarbí

Þær eru margar tískureglurnar sem eru lofaðar í tískublöðunum og í mörgum þeirra er ekki snefill af viti. „Aldrei nota gull og silfur saman“, „Aldrei klæðast fleiri en þremur litum í einu“, „Alltaf vera með tösku í sama lit og skór“, „Aldrei vera með varalit í sama lit og peysan“ og miklu miklu fleira. Augljóslega er þetta algjört rugl og það er óskandi að enginn lesi svona blöð og fylgi þeim í einu og öllu. Til dæmis er reglan með töskuna og skóna algjörlega útbrunnin og nú þykir mörgum hálf hallærislegt að vera með tösku í sama lit og skórnir.

Öðrum reglum finnst mér vera pínulítið meira vit í. Til dæmis er ekki ráðlegt að vera eins og gallafatabarbí, semsagt ekki vera í gallajakka sem er úr alveg eins útlítandi efni og gallabuxurnar. Ekki ofnota eitthvað eitt merki er ágætis ráð, að minnsta kosti ef merkið er mjög áberandi því enginn vill líta út eins og gangandi auglýsing. Ekki nota síða eyrnalokka þegar þú ert með áberandi hálsmen og í síðasta lagi er það reglan „less is more“ þó svo að reglan „more is more“ geti alveg verið jafn kúl og sé jafnvel vinsælli í dag.

Eina reglan sem gildir þó fyrir fulla alvöru í tískuheiminum er sú að það eru engar reglur. Ekki láta segja þér að hvítar buxur séu lummó ef þig langar að ganga í hvítum buxum. Það eina sem er lummó er að taka tískureglur alvarlega og lesa tískublöðin eins og einhvers konar biblíu um hvað eigi að gera og hvað ekki. Skoðaðu frekar blöðin og myndirnar og fáðu hugmyndir til þess að endurbæta þinn stíl, því það er jú eini stíllinn sem smellpassar fyrir þig!

DROTTNING SÓLGLERAUGNA Nicole Richie er þekkt fyrir að vera mjög oft með sólgleraugu og því stærri því betri er hennar mottó. Margar stjörnur sjá sóma sinn í því að ferðast ætíð með sólgleraugu á höfði og má þar nefna stöllu hennar Paris Hilton og Victoriu Beckham.

DOPPÓTT PLAST Þessi gleraugu eru frá hönnuðinum Eley Kishimoto og fást í KronKron.

VINTAGE LÚKK Þessi eru dökkrauð og í anda Hollywood-stjarnanna með stórri umgjörð með gulli í hliðum. Fást í Gyllta kettinum.

HVÍT OG KISULEG Þessi eru frá Eley Kishimoto sem selur hönnun sína í KronKron.

POPPUÐ UMGJÖRÐ Þessu gleraugu fást í Gleraugnasölunni og eru frá áttunda áratugnum.

SUMARLÍNAN FRÁ MARNI Mörg sólgleraugu voru til sýnis á tískupöllunum og er þessi sýning frá Marni.

Sólgleraugu skipta sköpum

Fylgihlutir eru eins og salt og pipar, bæði setja þau punktinn yfir lokaútkomuna. Sólgleraugu eru einn af skemmtilegustu fylgihlutunum vegna þess að þú getur alltaf treyst á að þegar vorið kemur byrjar sólgleraugnatískan. Þau eru nefnilega orðin ótrúlega mikið tískufyrirbrigði og á tískupöllunum fyrir vor/sumar ´06 voru módelin mjög oft með sólgleraugu sem hluta af lúkkinu. Helstu stjörnurnar eru oftar en ekki með gleraugu til að skýla andlitinu fyrir myndavélunum, maður lítur alltaf vel út ef maður er með flott gleraugu á höfði.

Sjaldan hefur verið til jafn mikið úrval af flottum sólgleraugum og getur maður nú fengið gleraugu sem passa við hvaða dress sem er.

Tískan í sólgleraugum hefur breyst frá því í fyrra en minna er um massívar stálumgjarðir og eru þær orðnar litaglaðar og eins og afturhvarf í gamla tíma virðist plastið vera inn. Einnig þarf maður ekkert endilega að fara á hausinn ef maður vill kaupa sér fleiri en ein því að verðbilið er mjög vítt og það gerir manni kleift að eiga fleiri eða eins og alvöru tískugúrúum sæmir, ein í hverjum lit. Núna þegar second hand-föt eru í tísku fylgja sólgleraugu með straumnum og til að mynda býður Gleraugnasalan á Laugarvegi upp á gamlan lager af sólgleraugum frá áttunda áratugnum. Einnig er úrvalið af merkjagleraugum á borð við Gucci, Prada, Dior og Diesel mikið og sífellt ný og skemmtileg merki að bætast í flóruna.

alfrun@frettabladid.is
hilda@frettabladid.is

HOLLYWOOD-GLERAUGU Þessi er frá Gucci og góð til að skýla andliti. Fást í Gleraugnaverslunninni í Mjódd.

HVÍT FYRIR SUMARIÐ Þessi eru í minni kantinum og með hvítri plastumgjörð. Fást í Gleraugnasölunni og eru með Swarovski-steinum.

UMGJARÐIR ALLSETTAR SWAROVSKI-STEINUM Þessi fínu gleraugu fást í Gleraugnasölunni við Laugaveg og eru skreytt alvöru steinum frá Swarovski.

TVÍLIT OG HRESSANDI Plastumgjörð frá merkinu Basso og Brooke og fæst í Trílógíu.

BRÚN MEÐ GYLLTU STÁLI Þessi eru stór og eru frá breska merkinu Buddish Punk og fást í Trílógíu.

STJÖRNUSTÆLAR þessi eru mjög flott og ganga við allt enda eru þau frá Dior og fást í Gleraugnaversluninni í Mjódd.

VOR- OG SUMARLÍNAN 2006 Þetta er frá sýningu Eley Kishimoto í London og voru mörg gleraugu þar til sýnis. Merkið er hannað af parinu Mark Eley sem er breskur og Wakako Kishimoto sem er frá Japan.

BRÚN MEÐ SVÖRTU GLERI Þessi eru frá Gleraugnaversluninni.

SVART ER ALLTAF KLASSÍSKT Þessi eru frá hátískuhönnuðinum Gucci og fást í Gleraugnaversluninni í Mjódd

SÓLGLERAUGU FRÁ GALLABUXNAFRAMLEIÐANDA Diesel er ekki bara að gera flottar gallabuxur, þessi gleraugu eru frá þeim og fást í Gleraugnaversluninni í Mjódd.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Dóttir hans Serge

Franska leikkonan Charlotte Gainsbourg er dóttir söngvarans Serge Gainsbourg og ensku leikkonunnar Jane Birkin. Hún hefur leikið í mörgum frönskum kvikmyndum en einnig einhverjum bandarískum og þar á meðal myndinni 21 Grams. Hún er hávaxin, örlítið slánaleg, með sérstaka andlitsdrætti, örlítið stórt nef og skúffu. Einhvern veginn verður hún bara fallegri fyrir vikið og er ein af þeim sem eru fallegar á sérstakan hátt.

Hún hefur vakið mikla athygli í tískuheiminum og er gyðjan hans Nicolas Ghesquiére sem hannar fyrir Balenciaga. Charlotte er með frekar afslappaðan stíl. Hún er aldrei mikið máluð, sjaldan með uppsett hár og klæðist oftast klassískum fötum eins og rykfrökkum, svörtum kjólum og slíku en einhvern veginn nær hún þó alltaf að vera mjög töff á afar afslappaðan hátt.

CANNES Hér er Charlotte á Cannes-kvikmyndahátíðinni árið 2001 en þá sat hún í dómnefndinni.

KLASSÍSKUR STÍLL Á forsýningu myndarinnar 21 Grams í Feneyjum.

AFSLÖPPUÐ Charlotte hefur vakið athygli fyrir afslappaðan og tilgerðarlausan stíl.

GLÆSILEG Hér er hún á forsýningu myndarinnar Lemming sem var einnig sýnd hérlendis á franskri kvikmyndahátíð.

Skyndibiti að tísku

Jeremy Scott hefur þrátt fyrir ungan aldur náð að stimpla sig ærlega inn í tískuheiminn sem einn sá frumlegasti í bransanum... línurnar hans hafa ávallt verið með ákveðnu þema á borð við S&M leðurmenninguna, hafmeyjur og sjóskrímsli og jafnvel Gillette-rakvélar! Hann er fæddur í Kansas og er einmitt hönnun hans með skemmtilegu töfrayfirbragði sem hægt er að tengja beint við Galdrakarlinn í Oz. Núna býr hann í LA og er að koma með húmor og jaðarhönnun inn í bandarískan hönnunarheim. Aðdáendur hans úr röðum fræga fólksins eru til dæmis okkar eigin Björk og stórstjarnan Madonna. Þemað í línu hans fyrir haust/vetur 06-07 er rosalega skemmtilegt og fær hann mikið hrós fyrir frjóa hugsun: skymdibitamatur. Látum myndirnar tala sínu máli. - áp

GIRNILEG SAMSETNING Franskar kartöflur í formi buxna og hamborgarapeysa.

PIZZADROTTNING Kjóllinn sem lokaði sýningunni var með pepperoni.

SÚKKULAÐISÆLA Það er alveg greinilegt hvaðan þessi hugmynd var sprottin, Jeremy í staðinn fyrir Snickers.

JEREMY SCOTT Hönnun hans er hressandi og á engan sinn líka.

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
WWW.EGODEKOR.IS

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

Marlborosett
Bekkur, borð og 2 stólar
Allt settið án sessu -10%
Tilboðsverð: 76.950,-

GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN ÚR GEGNHEILU TEKKI

Washington sett
Bekkur, borð og 2 stólar
Allt settið án sessu -10%
Tilboðsverð: 76.950,-

Átthyrnt borð 120cm

Staflanlegur stóll

Hjólaborð -10%
Tilboðsverð: 13.950,-


Stækkanlegt borð 120(+60)x120 og 6 stk. klappstólar m/arm
*Borð einnig fáanlegt í 180(+60)x120
Allt settið án sessu -10%
Tilboðsverð: 62.100,-

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

DA VINCI CODE	kl. 3, 4, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 3, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
CRY WOLF	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 2 og 4
ICE AGE 2 M/ENSKU TALI	kl. 6
ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI	kl. 2 og 4

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

DA VINCI CODE	kl. 3, 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
BANDIDAS	kl. 8 og 10 B.I. 10 ÁRA
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 3, og 6
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 3 og 6
PRIME	kl. 3, 5.45, 8 og 10.15
THE HILLS HAVE EYES	kl. 10 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

DA VINCI CODE	kl. 2, 5, 8, 10 og 12 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 2 400 KR.
SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU	kl. 4
ICE AGE II	kl. 6
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA

DA VINCI CODE KRAFTSÝNING Á MIÐNÆTTI!

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Presley-sýning í undirbúningi

Sýning byggð á ævi söngvarans dáða Elvis Presley verður sett á svið af hinu þekkta leikfélagi Cirque du Soleil á næstunni.

Til stendur að sýningin ferðist um Evrópu og Asíu árið 2008. Einnig á að reisa söfn um Elvis sem munu kallast Elvis Experiences. „Með þessari sýningu geta aðdáendur um allan heim sem hafa aðeins séð Elvis Presley í bíómyndum eða hlustað á tónlistina hans fengið að kynnast því í raun og veru hvernig var að sjá Elvis koma fram," sagði Robert Sillerman, stjórnandi leikhópsins.

Cirque du Soleil, sem var stofnaður árið 1984, mun standa fyrir þrettán sýningum á þessu ári. Þar á meðal hefst í næsta mánuði sýning í Las Vegas byggð á tónlist Bítlanna.

ELVIS PRESLEY Kóngurinn er alltaf jafnvinsæll. Sýning byggð á ævi kappans fer af stað eftir tvö ár.

Hroki verður þér að falli

Páll Óskar Hjálmtýsson verður með sitt árlega Eurovision-partí á skemmtistaðnum Nasa í kvöld.

Á meðal þeirra sem koma fram eru Selma Björns, Stebbi og Eyfi og Icy auk þess sem Eiríkur Hauksson syngur Lífið er lag. Páll Óskar verður jafnframt plötusnúður kvöldsins.

Páll er að vonum hundsvekktur með það að Silvía Nótt skyldi ekki komast áfram í úrslit Eurovision en tekur engu að síður ofan fyrir Ágústu Evu Erlendsdóttur fyrir að hafa haldið út atriðið miðað við viðtökurnar sem hún fékk.

Aldrei baulað jafnmikið

„Aldrei áður í níutíu ára sögu Eurovision hefur verið baulað svona hressilega á þátttakandann áður en lagið byrjar," segir Páll Óskar. „Einu sinni áður hefur verið baulað á keppanda eftir að lagið var búið. Það var 1984 þegar það var baulað á bresku stúlknasveitina Bell and the Devotions með lagið Love Games. Einfaldlega vegna þess að það voru þrjár mjóar og sætar stelpur á sviðinu að „mæma" lag sem þrjár feitar, góðar söngkonur voru að syngja á bak við þær. Það var svo auðséð að þær voru að syngja í þykjustunni að það var baulað hressilega en þrátt fyrir það endaði Bretland í sjöunda sæti," segir Páll.

Bætir hann því við að sífellt fleiri vilji skipta Eurovision-keppninni í tvennt þar sem Austur- og Vestur-Evrópa haldi sína hvora undankeppnina og keppi síðan innbyrðis í glæsilegri lokakeppni.

Föttuðu ekki brandarann

„Við megum ekki gleyma okkar þætti sem var sá að við kusum Silvíu Nótt. Okkur fannst hún æðisleg en það tók Íslendinga hálft ár að fatta þennan brandara. Hvernig í ósköpunum getum við ætlast til þess að öll Evrópa nái þessum brandara á þremur mínútum? 97 prósent þeirra Evrópubúa sem voru að horfa á þessa keppni hafa ekkert fylgst með neinni fjölmiðlaumfjöllun og þeir koma algerlega grænir að sjónvarpstækjunum," segir hann.

Frábær ádeila

„Þetta sem við höfum fengið að vera vitni að undanfarnar vikur í kringum Silvíu Nótt er eitt það almesta listaverk sem ég hef orðið vitni að í háa herrans tíð. Þetta var einn alflottasti gjörningur og besta pönk sem við höfum fengið í mörg, mörg ár. Ef Ágústa Eva getur höndlað dramatík eins vel í Mýrinni og hún höndlar kómík er stórleikkona hér á ferð. Þegar upp er staðið gerir maður sér grein fyrir því að Silvía Nótt er frábær ádeila á fólk sem er frægt fyrir að vera frægt. Þetta er fólk sem arkar um fullvisst um eigið ágæti með frekju og dónaskap. Eru ekki skilaboðin dálítið skýr frá þessu leikriti sem við erum búin að vera að fylgjast með alla vikuna, að hroki verður þér að falli? Það er kannski puntkurinn með leikritinu hennar Silvíu," segir hann.

Grikkir eða Svíar vinna

Páll saknar Belgíu í úrslitunum er er annars ánægður með þær þjóðir sem komust áfram fyrir utan Armeníu. Hann spáir að annað hvort Grikkland eða Svíþjóð beri sigur úr býtum en á líka von á að Finnar fari langt. Í uppáhaldi hjá honum er aftur á móti framlag Rúmeníu.

Eurovision-partíið hjá Palla hefst klukkan 23.30 í kvöld og stendur yfir til 5.30. Miðaverð er 1.900 krónur.

PÁLL ÓSKAR Stuðboltinn Páll Óskar verður með Eurovision-partí á Nasa í kvöld.

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

FRUMSÝNING

ÁLFABAKKA

THE DA VINCI CODE	KL. 3-6-9-12	B.I. 14
THE DA VINCI CODE VIP	KL. 3-6-9-12	
THE SHAGGY DOG	KL. 1:40-3:45-5:30-8-10:10	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3-5:30-6-8-9-10:30-12	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4-6	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 8	
FIREWALL	KL. 10:10	B.I. 16
LASSIE	KL. 2-4	
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 2	

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

THE DA VINCI CODE	KL. 2-5-8-11	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 2-4-6	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10	B.I. 14

AKUREYRI

THE SHAGGY DOG	KL. 4-6-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5-8-10:20	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 10	B.I. 10

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3-5:30-8-10:40	B.I. 14
SHAGGY DOG	KL. 12-1:50-4-6:05-8:10-10:15	
SCARY MOVIE 4	KL. 12-2-4-6-8-10	B.I. 14
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 12	

TOM CRUISE M:I:III

SÝND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

THE DA VINCI CODE	KL. 4-7-10	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 3-6-8-10	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 4-6-8-10	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 6-8	B.I. 10
V FOR VENDETTA	KL. 3-6-8	B.I. 16
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 3	

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Cristina Aguilera** lét mynda sig nakta fyrir nýjasta tölublað tímaritsins GQ í Bandaríkjunum. Á myndinni er Aguilera nakin uppi í rúmi og vefur hvítu laki utan um sig. Gömul ljósmynd af goðsögninni **Marilyn Monroe** var höfð til hliðsjónar við myndatökuna. Í tímaritinu talar Aguilera um eiginmann sinn **Jordan Bratman**. „Hann er engillinn minn. Hann bjargar mér á svo marga vegu," sagði hún.

Leikstjórarnir og góðvinirnir **Quentin Tarantino** og **Robert Rodriguez** hafa ráðið **Fergie**, söngkonu Black Eyed Peas, til að leika í nýjustu mynd þeirra sem nefnist Grind House. Þeir félagar eru miklir aðdáendur

Fergie og vonast til að hún eigi eftir að færa myndinni aukinn kynþokka og fegurð. Fergie hefur áður leikið í kvikmyndunum Be Cool og Poseidon.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Sony Ericsson Z300i
11.980 kr.

- Fallegur samlokusími
- Ytri skjár
- Valmyndakerfi á íslensku
- Vekjari og dagbók

Sony Ericsson W810i
37.980 kr.

- 2.0 megapixel myndavél
- Walkman MP3 spilari
- 512 MB minni
- Íslensk valmynd

Sony Ericsson

www.siminn.is/davinci

Ísland í 18. sæti

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hefur hækkað sig upp um eitt sæti frá síðasta mánuði á heimslista FIFA. Liðið er nú í 18. sæti en Þjóðverjar tróna sem fyrr á toppnum, Bandaríkin eru í öðru sæti og Noregur í því þriðja.

sport

sport@frettabladid.is

ERNIR HRAFN ARNARSON: SKRIFAÐI UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ VALSMENN Í GÆR.

Mikill happafengur fyrir Val

„Ég tel okkur hafa verið að næla í efnilegasta leikmann DHL-deildarinnar," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari handboltaliðs Vals, þegar nýr leikmaður félagsins var kynntur í gær. Sá leikmaður er Ernir Hrafn Arnarson úr Aftureldingu en hann verður tvítugur á árinu og hefur verið lykilmaður hjá U21 landsliðinu. „Valur er með spennandi hóp og gott þjálfarateymi og ég tel mig geta bætt mig mikið sem leikmann í þeirra herbúðum," sagði Ernir en mörg lið vildu fá hann til sín. „Ég tel það vera mikilvægt fyrir mig að takast á við nýja áskorun á þessum tímapunkti. Það voru fimm lið sem höfðu samband við mig en á endanum stóð valið milli Vals og Aftureldingar. Ég er mjög spenntur og hlakka til að takast á við ný verkefni hjá Val."

Óskar Bjarni var hæstánægður með af fá Erni en hann er hægri skytta. „Þetta er þvílíkur happafengur enda frábær leikmaður. Fyrir okkar lið er þetta mikill styrkur í alla staði. Ernir hefur sýnt hvað hann er mikill karakter enda var erfitt fyrir hann að fara úr Aftureldingu, hann rauk ekki strax burt þótt þeir hafi fallið. Hann hefur miklar taugar til félagsins en hann sem handboltamaður ákvað að velja okkur," sagði Óskar.

Valsmenn ætla ekki að láta staðar numið á leikmannamarkaðnum. „Við erum mjög ánægðir með okkar ungu leikmenn sem spiluðu gríðarlega vel síðasta tímabil. Þrátt fyrir að hafa misst Baldur og Sigga þá stigum við upp og að mínu mati hefðum við átt að fara aðeins lengra. Við ætlum okkur meira og þurfum tvo til þrjá leikmenn í viðbót til að styrkja hópinn. Við viljum einn örvhentan leikmann í hópinn í viðbót og svo ætti hitt að ráðast. Ég tel að þetta munu skýrast í næstu viku. Viðræður við ákveðna leikmenn ganga mjög vel og við vonumst til að það hafi hjálpað mikið til að hafa landað Erni," sagði Óskar.

> Birgir Leifur komst áfram

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson frá Akranesi komst í gegnum niðurskurðinn á móti í Belgíu í gær. Birgir lék á einu höggi undir pari í gær og var því samtals á pari eftir tvo hringi. Fleiri íslenskir kylfingar voru á ferðinni í Evrópu í gær því Heiðar Davíð Bragason var að keppa á móti í Svíþjóð og hafnaði í 39.-43. sæti.

EIÐUR SMÁRI Til sölu fyrir rétt verð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Mál Eiðs Smára Guðjohnsen:

Chelsea opið fyrir tilboðum

FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, staðfesti í gær að félagið væri til í að hlusta á tilboð í Eið Smára Guðjohnsen, en mikið hefur verið rætt um framtíð Eiðs síðustu vikur.

„Staðan hjá Eiði er sú að hann er frábær knattspyrnumaður. Við viljum halda honum en erum samt tilbúnir að ræða við félög sem hafa verulegan áhuga á honum," sagði Mourinho. Búast má við áhuga víðs vegar að úr Evrópu næstu daga.

Mourinho sagði við sama tækifæri að Didier Drogba fengi ekki að fara frá félaginu en hann hefur lýst yfir áhuga á að komast burt frá London. **- hbg**

HENRY Að hann fari ekki frá Arsenal eru bestu tíðindi sem stuðningsmenn liðsins gátu hugsað sér og sárabót fyrir tapið gegn Barcelona í úrslitum Meistaradeildarinnar.
NORDICPHOTOS/AFP

Thierry Henry:

Hjartað sagði „vertu áfram"

FÓTBOLTI Eftir margra mánaða vangaveltur um framtíð Thierry Henry batt hann loks enda á þær í gær með einu pennastriki. Hann skrifaði þá undir fjögurra ára framlengingu á samningi sínum við Arsenal en hann hefur verið sterklega orðaður við Barcelona undanfarna mánuði.

„Ég hugsaði um að fara á tímabili," viðurkenndi Henry. „Ég hugsaði með hjartanu og það sagði mér að vera áfram hjá Arsenal. Ég ætla að vera hér áfram og spila fyrir félagið sem ég ber mestar taugar til."

Henry hrósaði líka stuðningsmönnum liðsins, sem grátbáðu hann um að vera áfram. „Stuðningsmennirnir hafa verið stórkostlegir. Eftir að hafa tapað á miðvikudaginn gat ég ekki brugðist þeim," sagði Henry. **- hþh**

Ótrúlegur endasprettur

Fylkir skoraði tvö mörk á lokamínútum leiks síns gegn Grindavík og hirti öll stigin þrjú í dramatískum leik í Árbænum. Fylkir er því með fullt hús eftir tvo leiki í deildinni. Mounir Ahandour hjá Grindavík sá rautt í leiknum.

FÓTBOLTI Fylkismenn voru betri aðilinn framan af fyrri hálfleik, en besta færi þeirra fékk Christian Christiansen en hann skallaði yfir úr dauðafæri eftir sendingu frá Peter Gravesen. Skömmu síðar komust Grindvíkingar yfir þegar Jóhann Þórhallsson skoraði þriðja mark sitt í deildinni með skoti sem lak framhjá illa staðsettum Jóhanni Ólafi Sigurðssyni, markmanni Fylkis.

Leikurinn var leiðinlegur á löngum köflum í síðari hálfleik þegar hvorugt liðið virtist hafa áhuga á því að skora. Sinisa Kekic hirti alla bolta sem komu nálægt Grindavíkurmarkinu en gestirnir treystu á leifturhraða Ahandour. Hann fékk margar sendingar fram en gekk illa að koma sér í almennileg færi.

Ahandour gerði sig svo sekan um mikinn vitleysisgang þegar hann sparkaði til Guðna Rúnars Helgasonar sem hafði ýtt við honum. Ahandour fékk umsvifalaust rautt spjald og pressa Fylkismanna hófst. Þeir uppskáru að lokum víti þegar boltinn fór í hendina á Ray Anthony Jónssyni, Grindvíkingar urðu alls ekki sáttir en Sævar Þór Gíslason skoruði örugglega úr vítinu.

Allir biðu eftir lokaflautinu þegar sigurmarkið kom á 94. mínútu. Sævar Þór var með boltann úti á kanti, hann sendi fyrir þar sem Christian Christiansen skallaði boltann í markið og tryggði Fylkismönnum 2-1 sigur.

„Svona á að gera þetta, skora bara nógu seint svo hinir geti ekki jafnað," sagði glaðbeittur Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, eftir leikinn. „Það sem við gerðum var að bíða rólegir allan leikinn, við vorum með boltann mikinn meirihluta af leiknum og verðskulduðum þetta. Við töluðum um það fyrir leikinn af það gæti tekið rúmar 90 mínútur að klára þetta og það gerði það."

Leifur var mjög sáttur við sína menn en Fylkismenn unnu sanngjarnan sigur í gær. „Í báðum leikjunum hefur hugarfarið verið 110 prósent og það er það sem máli skiptir. Baráttan var til fyrirmyndar og ég hafði allan tímann trú á mínum mönnum," sagði Leifur Garðarsson. **hjalti@frettabladid.is**

BARÁTTA Það var hart tekist á þegar Fylkir tók á móti Grindavík. Hér berjast Fylkismaðurinn Páll Einarsson og Grindvíkingurinn Jóhann Þórhallsson um knöttinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fylkir 2-1 Grindavík

Fylkisvöllur, áhorf: 930 — Erlendur Eiríksson (6)

0–1 Jóhann Þórhallsson (32.)
1–1 Sævar Þór Gíslason, víti (86.)
2–1 Christian Christiansen (90+3.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–5 (5–3)
Varin skot	Jóhann 4 – Helgi Már 1
Horn	7–4
Aukaspyrnur fengnar	13–9
Rangstöður	0–3

FYLKIR 4–4–2		GRINDA. 4–4–2	
Jóhann Ólafur Sig.	4	Helgi Már	7
Jens Elvar	5	Ray Anthony	4
(81. Hrafnkell	–)	Óðinn	6
Guðni Rúnar	5	***Kekic**	**8**
Ragnar	4	Óskar Örn	7
Arnar Úlfars.	4	(68. Óli Stefán	5)
(72. Andrés Már	–)	Eysteinn Húni	6
Páll Einarsson	5	Paul McShane	5
Jón Björgvin	6	Guðmundur Bjarn.	5
Peter Gravesen	6	Andri Steinn	4
Eyjólfur Héðins.	7	(62. Eyþór Atli	5)
Sævar Þór	6	Jóhann Þórhalls.	6
Christian Christians.	6	Mounir Ahandour	7

**Maður leiksins*

Keflavík 2-1 Víkingur

Keflavíkurv., áhorf: 850 — Jóhannes Valgeirsson (7)

1–0 Hólmar Örn Rúnarsson (40.)
1–1 Davíð Þór Rúnarsson (69.)
2–1 Stefán Örn Arnarson (90+3.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–8 (4–3)
Varin skot	Ómar 2 – Ingvar 1
Horn	2–3
Aukaspyrnur fengnar	11–9
Rangstöður	3–4

KEFLAVÍK 4–3–3		VÍKINGUR 4–4–2	
Ómar Jóhanns.	6	Ingvar Kale	5
Guðjón Antoníus.	6	Höskuldur Eir.	6
Guðmundur Mete	7	Milos Glogovac	6
Buddy Farah	6	Grétar Sigurðs.	7
(46. Magnús Þorst.	4)	Valur Úlfars.	7
Geoff Miles	7	Jón Guðbrands.	4
Baldur Sig.	5	(x. xx	–)
Servino	6	Carl Dickinson	5
(86. Stefán Örn	–)	(65. Jökull Elísab.	–)
Hólmar Örn	7	Davíð Rúnarsson	6
***Jónas Guðni**	**8**	Arnar Jón	7
Símun Samuelsen	7	Viktor Bjarki	8
Guðmundur Stein.	6	Hörður Bjarnason	6

**Maður leiksins*

Mikil dramatík í Keflavík þegar Víkingar komu í heimsókn:

Stefán Örn kláraði gömlu félagana

FÓTBOLTI „Þetta er rosalega sætt, ég klúðraði mjög góðu færi rétt eftir að ég kom inná en náði sem betur fer að skora síðan," sagði Stefán Örn Arnarson, sem var hetja Keflvíkinga í gær og skoraði sigurmarkið með síðustu spyrnunni í leiknum gegn Víkingum eftir að hafa komið inn sem varamaður. Stefán skoraði markið þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma en hann kom til Keflavíkur úr Víking.

„Víkingar voru sterkir í seinni hálfleiknum og voru líklegri til að klára leikinn. Ég fann fyrir því þegar ég kom inn að vörnin hjá þeim var orðin þreytt. Ég veit að Ingvar ver aldrei hægra megin þannig að ég setti hann bara þar. Það var mikilvægt fyrir okkur að ná okkar fyrsta sigri," sagði Stefán.

Það tók sinn tíma fyrir liðin að finna rétta gírinn í Keflavík, það var talsverður vindur og bæði lið byrjuðu varfærnislega. Víkingar fengu fyrsta alvöru færið þegar fyrri hálfleikur var rúmlega hálfnaður en Davíð Þór Rúnarsson náði ekki að fóta sig og skaut framhjá eftir góða sendingu frá Arnari Jóni Sigurgeirssyni.

Ísinn var síðan brotinn fimm mínútum fyrir hálfleik. Hólmar Örn Rúnarsson átti ekki í vandræðum með að leika á varnarmann Víkinga og skaut hörkuskoti að marki sem Ingvar náði ekki að verja. Rétt áður voru heimamenn stálheppnir að lenda ekki undir þegar Ómar Jóhannsson varði þrumuskot frá Grétari Sigfinni Sigurðssyni.

Litlu mátti muna að Keflavík næði að skora annað mark eftir stundarfjórðungs leik í seinni hálfleik. Höskuldur Eiríksson, fyrirliði Víkings, gerði þá slæm mistök en skot frá Simun Samuelsen fór í stöngina. Víkingar náðu síðan að jafna með glæsilegu marki en Davíð Þór lék þá á varnarmenn heimamanna og skoraði með óverjandi skoti.

Víkingar voru meira með boltann í seinni hálfleik og voru líklegri en illa gekk að reka smiðshöggið. Þeirra sterkasti maður var Viktor Bjarki Arnarson sem var sífellt skapandi og helsta vopn liðsins í sóknarleiknum. Einbeitingarleysi í viðbótartíma varð þeim að falli og löng sending fram rataði á Stefán Örn, sem gerði allt rétt. Keflvíkingar hafa því fengið sín fyrstu stig en Víkingar eru enn stigalausir. **- egm**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

17 18 19 **20** 21 22 23

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 **Breiðablik** og **ÍBV** mætast í Landsbankadeild karla í Kópavogi.
- 16.00 **ÍA** og **KR** mætast í Landsbankadeild karla á Akranesi.

SJÓNVARP

- 15.45 **Landsbankadeild karla** Sýn. Bein útsending frá leik **ÍA** og **KR**.
- 16.00 **Blak** á RÚV. Bein útsending frá leik **Íslands** og **Færeyja** í undankeppni Evrópumóts smáþjóða.
- 21.00 **Box** á Sýn. Bein útsending frá bardaga **Scott Harrison** og **Martin Honario** um WBO beltið í fjaðurvigt.

JÓNSSON & LE'MACKS - J1.16

50.000 kr.

af bensíni fylgja öllum notuðum bílum

NISSAN ALMERA SLX

Árgerð 1999 - Sjálfskiptur - Ekinn 135. þús.
ÁÐUR: 530.000,- TILBOÐ: 390.000,-

SUBARU IMPREZA GX

Árgerð 2001 - Sjálfskiptur - Ekinn 80. þús.
ÁÐUR: 1.080.000,- TILBOÐ: 870.000,-

SUBARU LEGACY WAGON

Árgerð 2001 - Sjálfskiptur - Ekinn 84. þús.
ÁÐUR: 1.330.000,- TILBOÐ: 1.090.000,-

ISUZU TROOPER 3.0

Árgerð 1999 - Beinskiptur - Ekinn 101. þús.
ÁÐUR: 1.450.000,- TILBOÐ: 1.220.000,-

RENAULT MEGANE SCENIC

Árgerð 2002 - Beinskiptur - Ekinn 104. þús.
ÁÐUR: 1.130.000,- TILBOÐ: 880.000,-

TOYOTA AVENSIS

Árgerð 2001 - Sjálfskiptur - Ekinn 120. þús.
ÁÐUR: 780.000,- TILBOÐ: 550.000,-

NISSAN TERRANO

Árgerð 2001 - Beinskiptur - Ekinn 130. þús.
ÁÐUR: 1.740.000,- TILBOÐ: 1.490.000,-

OPEL VECTRA 1.6GL

Árgerð 2001 - Beinskiptur - Ekinn 100. þús.
ÁÐUR: 690.000,- TILBOÐ: 570.000,-

Ótrúlegt tilboð á notuðum bílum! Nú fylgir 50.000 króna bensínkort frá Ego með hverjum notuðum bíl frá Ingvari Helgasyni. Allt að 100% fjármögnun.

Fjárfestu í góðum bíl og keyrðu frítt fyrstu 403 lítrana!*

Ingvar Helgason	**NOTAÐIR BÍLAR**	Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

* 50.000 kr. jafngilda 403,5 lítrum af 95 oktan bensíni hjá Ego miðað við verðlag 11.05.06.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6068

Glænýr L-

Frumsýndur í dag

- Ný hönnun – nýr bíll frá grunni
- Ný aflmikil og hljóðlát dísilvél
- Nýr fjöðrunarbúnaður
- Super select 4WD
- Sjálfskipting
- Loftkæling
- Opnanleg afturrúða
- 20.000 km milli þjónustuskoðana
- Minnsti beygjuradíus í sínum stærðarflokki
- ASTC jafnvægis- og veggripsstýring
- Flott innrétting
- Mikil veghæð, 26,6 cm

200

laugardaginn 20. maí

HEKLA frumsýnir í dag nýjan L-200 frá Mitsubishi.
L-200 er stórglæsilegur pallbíll sem er tilbúinn í
hvaða átök sem er, í vinnu og frístundum.

Opið í dag kl. 10–16

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„The only time you should start worrying about a soldier is when they stop bitchin'."

Svar: Lt. Col. Gordon Tall úr The Thin Red Line frá 1998

dagskrá

Í TÆKINU MEG RYAN LEIKUR Í FRENCH KISS Í SJÓNVARPINU KL. 22.25

Leikur mest „sæt" hlutverk

Ljóshærða og bláeygða leikkonan Meg Ryan er uppáhald margra og er hvað þekktust fyrir hlutverk sín í rómantískum gamanmyndum.
Meg Ryan sótti nám við háskólann í New York þaðan sem hún útskrifaðist með próf í blaðamennsku. Hún aflaði sér aukatekna sem leikkona meðan hún var í skóla. Fyrsta stóra hlutverkið hennar var í myndinni Rich and Famous árið 1981 og eftir það fóru hjólin að snúast. Hún lék til að mynda í vinsælli sápuóperu, As the World Turns, árin 1982 til 1984. Meg Ryan lék hlutverk eiginkonu Goose í myndinni Top Gun árið 1986 en eftir þá mynd varð Meg fljótt stórstjarna og ári síðar réð Steven Spielberg hana í mynd sína Innerspace þar sem hún lék á móti Dennis Quaid sem hún síðar giftist árið 1991.

Árið 1989 kom Meg Ryan fram í myndinni When Harry Met Sally og má segja að með þeirri mynd hafi Meg náð heimsfrægð. Allir muna eftir hinu fræga atriði á veitingastaðnum þegar hún gerir sér upp fullnægingu. Önnur mynd sem allir muna eftir er Sleepless in Seattle frá árinu 1993. Fyrir þessar tvær myndir var Meg Ryan tilnefnd til Golden Globe-verðlauna.
Meg reyndi svo fyrir sér í ögn alvarlegra hlutverki í myndinni When a Man Loves a Woman frá árinu 1994 þar sem hún lék móður og eiginkonu sem átti við áfengisvandamál að stríða. Eftir það fór hún aftur í „sætu" myndirnar og lék meðal annars í IQ og French Kiss sem er einmitt á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld.

▶ **22.25** *Rómantík*
FRENCH KISS

▶ **20.30** *Gaman*
ÞAÐ VAR LAGIÐ

▶ **19.00** *Gaman*
VINIR

▶ **20.50** *Gaman*
THE DREW CAREY SHOW

▶ **11.00** *Dægurmál*
FRÉTTAVIKAN

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (3:26) **8.06** Bú! **8.17** Lubbi læknir **8.30** Arthúr **8.55** Sigga ligga lá **9.08** Skoppa og Skrítla (3:10) **9.18** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar **9.40** Gló magnaða **10.02** Ástfangnar stelpur (8:13) **10.25** Latibær **10.50** Kastljós **11.20** Út og suður **11.45** Taka tvö (1:10)

12.40 Mótorsport (1:15) **13.10** HM í íshokkí **14.25** Íþróttakvöld **14.40** HM í íshokkí **16.00** EM í blaki **17.40** Táknmálsfréttir **17.50** Kokkar á ferð og flugi (5:8) **18.20** Fréttir, íþróttir og veður.

18.54 **Lottó**
19.00 **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá Aþenu. Áhorfendur velja sigurlagið í símakosningu. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.
▶ **22.25** **Franskur koss** (French Kiss) Bandarísk gamanmynd frá 1995 um konu sem flýgur til Frakklands til að lesa yfir kærastanum sínum en lendir í vandræðum þegar bófinn sem situr við hliðina á henni í vélinni notar hana sem burðardýr. Leikstjóri er Lawrence Kasdan og meðal leikenda eru Meg Ryan, Kevin Kline, Timothy Hutton og Jean Reno.

0.15 Tamningamaðurinn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **2.10** HM í íshokkí **4.25** Dagskrárlok

2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Engie Benjy, William's Wish Wellingtons, Myrkfælnu draugarnir, Animaniacs, Kærleiksbirnirnir, Tiny Toons, Barney, Með afa, Leðurblökumaðurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Anastasia).

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol **14.55** Life Begins **15.45** Einu sinni var **16.15** Meistarinn **17.05** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.00 **Íþróttir og veður**
19.05 **Lottó**
19.10 **George Lopez (20:24)**
19.35 **Oliver Beene (5:14)**
20.00 **Bestu Strákarnir** Strákarnir Auddi, Sveppi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra Hugi, Atli og Gunni tóku upp á ýmsu í vikunni. Í þessum þætti eru rifjuð upp mörg ógleymanleg atriði en af nógu var að taka.
▶ **20.30** **Það var lagið** Gestasöngvarar þáttarins eru hinir gamalreyndu Ari Jónsson og Sævar Sverrisson á móti Bítlunum Jóhannesi Ásbjörnssyni – Jóa úr Idolinu – og Sigurjóni Brink.
21.40 **Cellular** (Gemsinn) Kyngimagnaður spennutryllir með Kim Basinger í aðalhlutverki. Stranglega bönnuð börnum.

23.15 Bark! **0.50** Under the Tuscan Sun **2.40** Nine Lives (Stranglega bönnuð börnum) **4.15** Malibu's Most Wanted (Bönnuð börnum) **5.40** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Fashion Television (e)

18.30 **Fréttir NFS**
▶ **19.00** **Friends (3:23) (e)**
19.30 **Friends (4:23) (e)**
20.00 **„bak við böndin" (7:7)**
20.30 **Sirkus RVK (e)**
21.00 **American Idol (36:41) (e)** Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Þau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dómarasætið og Ryan Seacrest er á sínum stað sem kynnir keppninnar.
21.50 **American Idol (37:41) (e)** Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Þau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dómarasætið og Ryan Seacrest er á sínum stað sem kynnir keppninnar.
22.20 **Clubhouse (3:11) (e)** (Clubhouse) (Chin Music)

23.05 Supernatural (14:22) (e) **23.50** Extra Time – Footballers' Wive **0.15** Splash TV 2006 (e)

SKJÁREINN

10.30 Dr. Phil (e)

12.45 Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **15.50** Less than Perfect (e) **16.15** Run of the House (e) **16.45** Dr. 90210 (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

18.35 **Everybody Hates Chris (e)**
19.00 **Family Guy (e)**
19.30 **Courting Alex (e)** Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma. Leikkonan Jenna Elfman (Dharma & Greg) leikur Alex sem er myndarleg og einhleyp kona sem starfar sem lögfræðingur. Henni gengur allt í haginn, fyrir utan eitt... hún á ekkert líf!
20.00 **All of Us**
20.25 **Run of the House**
▶ **20.50** **The Drew Carey Show**
21.10 **Dr. 90210** Allt frá brjóstastækkunum og fitusogi til lífsnauðsynlegra lýtalækninga, í athyglisverðum og öðruvísi þáttum.
21.45 **The Dead Zone** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið.
22.30 **Rockface**

23.20 Stargate SG-1 (e) **0.05** Boston Legal (e) **0.55** Wanted (e) **1.40** Ripley's Believe it or not! (e) **2.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.55** Óstöðvandi tónlist

NFS

10.00 Fréttir **10.10** Vikuskammturinn
▶ **11.00** Fréttavikan með Þorfinni Ómarss

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir**12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir **14.10** Óþekkt **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** This World 2006 **17.05** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes

17.20 Skaftahlíð **18.00** Kvöldfréttir
19.10 **Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
19.45 **Óþekkt** Óþekkt tekur fyrir ýmis klassísk mál í kvennabaráttunni sem enn er ekki lokið og fjallað um þau með aðstoð sérfræðinga. Umsjónamenn þáttarins eru Auður Alfífa Ketilsdóttir og Kristín Tómasdóttir.
20.35 **Fréttavikan með Þorfinni Ómarss**
21.25 **Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
22.00 **Veðurfréttir og íþróttir**
22.30 **Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður**

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin **9.10** Fréttavikan með Þorfinni Ómarss

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Scream Team **8.00** Harry Potter and the Philopher's Stone **10.30** Hvítir mávar **12.00** 50 First Dates **14.00** The Scream Team **16.00** Harry Potter and the Philopher's Stone **18.30** **Hvítir mávar** Bráðsmellin gamanmynd frá Stuðmönnunum léttgeggjuðu. Allt endar með óvæntum bólförum, blóðsúthellingum og ósköpum. Aðalhlutverk: Egill Ólafsson, Magnús Ólafsson, Ragnhildur Gísladóttir. **20.00** **50 First Dates** (50 fyrstu stefnumótin) Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** **Charlie's Angels: Full Throttle** (Englar Charlie's 2) Englarnir snúa aftur í hasargrínmynd sem gefur þeirri fyrri ekkert eftir. Aðalhlutverk: Cameron Diaz, Drew Barrymore, Lucy Liu, Demi Moore, Bernie Mac. Leikstjóri: McG. 2003. Bönnuð börnum. **0.00** Gigli (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Webs (Bönnuð börnum) **4.00** Charlie's Angels: Full Throttle (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** Extreme Close-Up **13.00** 10 Ways **13.30** Gastineau Girls **14.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** 10 Ways **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News Weekend **19.00** The E! True Hollywood Story **20.30** Supermodels Gone Bad **21.00** Dr. 90210 **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** The E! True Hollywood Story **1.30** Supermodels Gone Bad **2.00** Wild On Tara **2.30** Wild On Tara

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Óþekkt **NFS** kl. 10.00

Femínískur sjónvarpsþáttur

Nýr þáttur hefst á NFS í dag. Þátturinn ber heitið Óþekkt og er femínískur sjónvarpsþáttur sem fjallar konur og femínisma. Óþekkt tekur fyrir ýmis mál í kvennabaráttunni sem enn er ekki lokið og fjallað verður um þau með aðstoð sérfræðinga. Einnig verður fjallað um menningu kvenna og kvennahljómsveitir munu koma fram. Í þættinum í dag verður talað við frambjóðendur frá öllum listum í Reykjavík um kynjapólitík í borginni og jafnréttismál. Umsjónarmenn þáttarins eru Auður Alfífa Ketilsdóttir og Kristín Tómasdóttir.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

9		1			6			2
	2		9				8	
	3							4
					7		4	
4			8		3			7
	7		6					
3							7	
	4				1		3	
5			3			9		1

Lausn á gátu gærdagsins

1	8	6	2	9	3	5	4	7
9	5	4	8	7	6	3	1	2
3	7	2	5	1	4	6	9	8
4	9	3	6	2	7	1	8	5
2	1	8	4	3	5	9	7	6
7	6	5	1	8	9	4	2	3
8	2	9	3	6	1	7	5	4
5	3	1	7	4	8	2	6	9
6	4	7	9	5	2	8	3	1

MOTORWORLD

▶ **18.30** *Íþróttir*

8.40 Ítölsku mörkin **9.10** Ensku mörkin **9.40** Spænsku mörkin **10.10** NBA-úrslitakeppnin

12.10 Meistaradeild Evrópu (Úrslit: Arsenal-Barcelona) **14.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs **14.30** US PGA í nærmynd **15.00** Sænsku nördarnir **15.45** Landsbankadeildin 2006 (ÍA – KR) **18.00** Gillette HM 2006 sportpakkinn

▶ **18.30 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappaksturbílar, vélhjól og ótal margt fleira. Fylgst er með gangi mála innan og utan keppnisbrauta og farið á mót og sýningar um allan heim. Einnig verður fjallað um tækninýjungar sem fleygir ört fram.

19.00 NBA úrslitakeppnin (NBA 2005/2006 – Playoff games)

23.00 Landsbankadeildin 2006 (ÍA – KR)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Andi Andalúsíu **11.00** Vikulokin

12.00 Hádegisútvarp **13.00** Kosningafundur **14.00** Kosningafundur **15.00** Kosningafundur **16.10** Spegill tímans: Í stúkusæti í miðborg Reykjavíkur **17.05** Til allra átta

18.26 Leikhúsmýslan **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Flakk **23.10** Danslög

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva **19.30** PZ **22.20** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

HELGARTILBOÐ!

2CD 1.799kr.
Til hamingju Ísland
20 Ár í Eurovision

2CD 2.199kr.
Eurovision 2006
Öll login sem keppa í Athens

1.799kr.
Söngvakeppnin 2006
Öll lögin í íslensku keppninni

4CD 2.999kr.
Eurovision
Very Best Of Eurovision

4DVD 2.999kr.
Eurovision
Very Best Of Eurovision

1.999kr.
Svona er Eurovision
Vinsæl íslensk og erlend eurovision lög

2CD 2.199kr.
Red Hot Chili Peppers
Stadium Arcadium

2CD 2.199kr.
Pottþétt 40
Safnplata með heitustu lögunum í dag

1.799kr.
Bratz
Bratz Genie Magic

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

HRÓSIÐ

... fær Benedikt Lafleur sem ætlar að synda yfir Ermarsund í sumar.

NÚNA

Rauð sólgleraugu Nicole Richie veit hvað hún syngur þegar kemur að sólgleraugum. Rauð sólgleraugu með plastumgjörð eru hrikalega flott í sumar.

Svifvængjaflug Þetta er eitthvað ótrúlega spennandi. Hvern hefur ekki dreymt um að prófa að fljúga um loftin blá eins og fugl?

Henrik Vibskov Tískuhönnuðurinn knái er á landinu um helgina og er klárlega heitur þessa dagana. Hönnun hans fæst í Kronkron.

BÚIÐ

House/Hipstera tónlist. Það er sama á hvaða skemmtistað maður fer, alls staðar ómar einhver ofursvöl house-tónlist. Allir láta sem þeim finnist hún skemmtileg en í rauninni langar alla að heyra góða diskó, soul eða popptónlist sem þeir þekkja.

Tískuhárgreiðsla Ekki vera eins og klipptur út úr nýjasta hártískutímaritinu. Finndu frekar þinn eigin persónulega stíl. Það er ekki eins tilgerðarlegt.

Fegurðarsamkeppnir Ungfrú Ísland, Pravdastelpan, Fordstúlkan, Séð og Heyrt sumarstúlkan, Hawaiian Tropic og svo framvegis. Hvernig væri að fara að meta ungu konurnar okkar út frá einhverju öðru en útliti þeirra?

SILVÍA ÚTHÚÐAR EVRÓPU Silvía blótaði, öskraði og grét fyrir framan fulltrúa fjölda evrópskra sjónvarpsstöðva eftir að ljóst varð að hún kæmist ekki áfram í Eurovision. Hún stefnir nú til Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SILVÍA NÓTT: SÁR EFTIR AÐ EVRÓPA HAFNAÐI HENNI

Kennir óvinum sínum um ósigurinn í Eurovision

„Ég er það besta sem hefur hent þessa djöfuls keppni," sagði Silvía Nótt við evrópska fjölmiðla eftir að ljóst var að hún kæmist ekki í aðalkeppnina í Eurovision.

„Þið ljótu skepnur. Þið kjósið forljóta Finna, sem eru ekki einu sinni með alvöru förðunarfræðinga. Þið völduð ekki mig af því að ég er ekki dræsa frá Hollandi og ekki djöfulsljót tík frá Svíþjóð," öskraði Silvía í gegnum tárið í ríflega tíu kvikmyndavélar auk sinna eigin. „Drulliði ykkur í burtu," vældi íslenska ofurstjarnan og strunsaði útgrátin til Rómaríó, sem reyndi að róa hana. Aðdáandi kallaði til hennar: „Silvía, Ísland elskar þig. Ísland elskar þig Silvía."

Spurð af Fréttablaðinu af hverju hún teldi að Evrópa hefði hafnað henni svaraði hún: „Láttu mig vera. Ég vil fá pabba minn. Ég vil fara heim til pabba." Fleiri aðdáendur kölluðu á eftir henni: „Þú ert yndisleg. Þú ert sú besta." Rómaríó reyndi að róa stjörnuna og sagði henni að án hennar væri hann ekkert.

Silvía sagði að hún hefði verið borin rógi: „Það hefur einhver drusla verið að tala illa um mig. Það halda allir að ég sé einhver tík og ég er ekki tík."

Hún vildi ekki viðurkenna að púað hefði verið á hana í höllinni á fimmtudaginn. „Það hefur einhver verið að ljúga því." Spurð hver yrðu næstu skref hennar svaraði hún í gegnum tárin: „Ég ætla að fara á annan stað, þar sem er eitthvað af fólki með heila, skilurðu. Ég ætla að fara til Ameríku þar sem ég á fullt af frægum vinum og þar sem ég ætla að gera nýja plötu með Silvíu Night. Ógeðslega töff plötu fyrir alla sem eru töff, en ekki fyrir einhverja júrótrass-lúða í buffalo-skóm, því þeir vita ekki einu sinni hvað er töff, skiluru."

Silvía hefur aldrei staðið sig betur á sviðinu í Aþenu en hún gerði í fyrrakvöld. Svo virtist sem púið í byrjun lagsins hafi styrkt hana. Grikkirnir hafa hins vegar ekki fyrirgefið henni fyrir að hafa í þrígang blótað á fyrstu æfingunni, þar sem hún sagði meðal annars sviðsmanni að fara til fjandans.

Fjölmiðlar í Grikklandi greindu síðan frá því að hún hefði sagt það við grísku þjóðina. Einnig náðist á myndband þar sem Rómaríó sagði við Silvíu, þar sem hann bar hana út í bíl af skemmtistað í Aþenu, að þau ættu að drífa sig burt frá þessu ljóta gríska fólki. Rómaríó Estevez og Pepe Luigi voru látnir svara fyrir það á grískri sjónvarpsstöð.

gag@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórtónleikar **Miriam Makeba** eru á vegum Listahátíðar í Laugardalshöll í kvöld. Miriam kom til landsins á fimmtudag og lét það verða sitt fyrsta verk að snæða kvöldverð hjá stjörnukokkinum **Sigga Hall** á Óðinsvéum. Sögur herma að Björk og Miriam sé miklir gagnkvæmir aðdáendur og því voru stjörnurnar feimnar til að byrja með. Það hvarf þó fljótt og nutu þær kvöldstundarinnar til hins ítrasta. **Björk** og eiginmaður hennar, listamaðurinn **Matthew Barney**, sækja að sjálfsögðu tónleikana í kvöld.

Sjónvarpsmaðurinn **Sigmar Guðmundsson** þykir hafa staðið sig afar vel í útsendingunni frá Eurovision-keppninni í Aþenu. Sigmar tók sem kunnugt er við keflinu af **Loga Bergmann Eiðssyni** og **Gísla Marteini Baldurssyni** sem voru þekktir fyrir mikið glens og grín. Nýi maðurinn er engu síðri og fór oft á kostum í útsendingunni á fimmtudagskvöld. Sigmar skrifar um dvölina í Aþenu á bloggsíðu sinni, sigmarg.blogspot.com. Í gær fór hann yfir stemninguna baksviðs eftir að úrslitin voru ljós og dregur ekkert undan: „Það var svo óborganlega fyndið að fylgjast með látunum baksviðs eftir þetta allt saman. Drottningin hrækjandi á fólk, gargandi svívirðingar og grenjandi," skrifar Sigmar.

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, stallkona Sigmars úr Kastljósinu, lenti heldur betur í hremmingum í vikunni. Systradúettinn Cocorosie var bókaður í viðtal við Ragnhildi á þriðjudaginn og lék hljómsveitin lag í enda þáttarins. Viðtal Ragnhildar við systurnar gekk hins vegar ekki sem skyldi, þær virtust hreint ekki hrifnar af spyrlinum og sneru út úr öllum spurningum hennar. Því fór svo að lokum að viðtalið þótti ekki birtingarhæft en Cocorosie tók þó lagið í enda þáttarins.



LÁRÉTT
2 faðmlag **6** málmur **8** maðk **9** kann **11** leita að **12** kvíga **14** úldna **16** skóli **17** hætta **18** flýtir **20** vörumerki **21** prik.

LÓÐRÉTT
1 eymsl **3** nafnorð **4** sorps **5** hæða **7** mega **10** traust **13** skordýr **15** svari **16** blaður **19** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: **2** knús, **6** ál, **8** orm, **9** get, **11** gá, **12** týrfa, **14** fúlna, **16** ma, **17** ógn, **18** asi, **20** ss, **21** stig.
LÓÐRÉTT: **1** bágt, **3** no, **4** úrgangs, **5** smá, **7** leyfast, **10** trú, **13** flö, **15** ansi, **16** mas, **19** ii.

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir Káta Krakka
Skráningarsími
588 8899

allt atvinna
Alla sunnudaga

Athygli vakin á Laugaveginum

Í dag verður efnt til mikillar hátíðar á horni Klapparstígs og Laugavegar til að vekja athygli á yfirvofandi niðurrifi húsa við Laugarveg. „Við viljum vekja fólk til vitundar um ásýnd Laugavegar, nú í aðdraganda kosninganna," segir Ragnheiður Pálsdóttir, sem skipuleggur uppákomuna ásamt Birgi Þórarinssyni. Að hennar sögn blöskraði þeim Birgi hversu mikil þögn ríkti um Laugaveginn að undanförnu og því ákváðu þau að gera eitthvað í málinu en uppákoman en algjört einkaframtak. „Búið er að gefa leyfi fyrir niðurrifi á 29 af elstu húsunum við götuna og við höfum áhyggjur af því hvað muni rísa í staðinn. Við viljum að borgaryfirvöld setji skýrari reglur um hvað megi byggja þarna þannig að hagsmunir verktaka stjórni ekki ferðinni." Ragnheiður segist hafa fundið mikinn meðbyr með málefninu og finnst skrýtið að ekkert hafi verið talað um þessi mál nú í aðdraganda kosninganna. „Nú er vika í kosningar og ég vona að einhverjir frambjóðendanna láti skoðun sína í ljós á málinu þannig að kjósendur viti hvar þeir standa," segir Ragnheiður og bendir á að miðbærinn spegli sögu borgarinnar og þau vilji hvetja til virðingar við söguna. Á hátíðinni verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá, lifandi tónlist og götumarkað. Meðal tónlistaratriða má nefna Bogomil Font, KK, Mugison og Gusgus. Hátíðin stendur frá kl. 11-17 og eru allir Reykvíkingar sem unna Laugaveginum hvattir til að mæta. Nánari upplýsingar má fá á www.laugavegur.org.

EKKI SAMA UM LAUGAVEGINN Ragnheiði Pálsdóttur og Birgi Þórarinsyni stendur ekki á sama um Laugaveginn og vilja vekja athygli á þróun götumyndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÝR STÓR HUMAR
GRILLPINNAR SIGIN GRÁSLEPPA
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

STÓR**GLÆSILEG**

sölusýning

LAUGARDAG MILLI KL. 11:00 og 17:00

SÝNUM ALLT ÞAÐ HEITASTA FRÁ **HONDA** OG **PEUGEOT**

KOMDU Í HEIMSÓKN

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

BERNHARD
REYKJANESBÆ

Bernhard ehf., Reykjanesbæ | Njarðarbraut 15 | Sími 421 7800 | www.bernhard.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Hægri bleikir

Stærstu tíðindin í borgarstjórnarkosningunum eru án efa þau að báðir stjórnarflokkarnir eru á harðahlaupum undan sjálfum sér. Sá minni forðast að nefna sjálfan sig á nafn og kallar sig núna Bé, en sá stærri hefur gripið til þess ráðs að fela frambjóðendur, segja sem minnst og breyta markvisst um stefnu, merki, stíl og lit.

MÉR finnst alltaf heiðarlegra þegar flokkar halda sig við markmið sín, eru stoltir af sögu sinni og koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Fyrir nokkrum vikum var hægt að fara inn á www.frelsi.is og lesa allt um stefnumál íslenskra frjálshyggjumanna í Sjálfstæðisflokknum, greinar um nauðsyn þess að taka upp skólagjöld og fjölga einkaskólum. Núna er þar komin bleik síða í staðinn undir heitinu D.is þar sem flokkurinn tilkynnir okkur það unaðslega markmið sitt að hann ætli að „leita allra leiða til að ungu fólki líði vel í Reykjavík“.

ÞAÐ er nú gott. Loftkenndara verður það samt varla. Hin raunverulega stefna, sem flokkurinn þorir ekki að veðja á þessa stundina, er talsvert skýrari: „Hið opinbera á ekki að reka leikskóla“ stendur í stefnu Sambands ungra sjálfstæðismanna, svo dæmi sé tekið. Þessu stefnumáli er ekki mikið flaggað núna, í borg sem er stolt af leikskólum sínum. Nú sitja frambjóðendur úr röðum þessa sama flokks inni á þessum sömu leikskólum á blaðamannafundum og kynna bleikbrosandi stefnu sína um 25% lækkun á leikskólagjöldum. Þeir segja reyndar ekki neinum frá því að þeir studdu ekki slíka lækkun þegar hún var samþykkt í borgarstjórn í desember síðastliðnum.

BLEIKUR er hann orðinn. Bleikri framtíð þar sem Reykvíkingar svífa um á bleiku skýi er lofað í bleikum sjónvarpsauglýsingum þar sem frambjóðendur sjást auðvitað hvergi. Það er skiljanlegt Að sýna frambjóðendur þjónar illa markmiði flokksins fyrir þessar kosningar. Hvað þá að þeir tali um pólitík. Nú á nefnilega að freista þess að sýnast vera velferðarflokkur.

TÍMI til að gera hitt og þetta, er auglýst. Sjálfstæðismenn virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu að nú sé runninn upp tími til að breyta. Sér. Fálkinn er orðinn bangsi. Geir bambi. Hannes dúlla. Villi rúsína. Eyþór grallaraspói. Flokkurinn hefur breytt um nafn: Hægri bleikir. Eftir þessar kosningar þarf hins vegar enginn að velkjast í vafa um það hvaða litbrigði munu koma í ljós, hvernig sem úrslitin verða: Gamli blái mun birtast Reykvíkingum í öllu sínu Flokksveldi, önugur og gugginn.

FLEIRI gullmolar úr stefnu SUS til að sanna mál mitt? Hér eru þeir: „Styrkir til menningarmála eiga ekki rétt á sér.“ Þar fór Airwaves. „Opinberir styrkir til menntamála eiga ekki rétt á sér.“ Og þar fór uppbygging grunnskólanna.

Blómamarkaður
18. - 28. maí

490,-
DALÍA sumarblóm, ýmsir litir

CACTACEAE kaktusar
3 stk. í pk. **295,-**

490,-
PETÚNÍA sumarblóm
ýmsir litir

VÅJÖN blómastandur
rauðbrúnt/galvaníserað
47x27x81 cm **2.990,-**

RÖNÖ garðskraut
36 cm **290,-**

BETA garðkanna
galvaníseruð 2,7 l **590,-**

ODLA bakki og þrír pottar
30x10x7 cm **295,-**

BLEKESKÄR blómakassi
36x36x48 cm **1.990,-**

BÅLSÖ blómapottur
Ø50 cm **3.490,-**

BÅLSÖ blómapottur
Ø39 cm **1.690,-**

490,-
SOMMAR blómapottur
Ø18 H18 cm

BETA hengipottur
Ø20 H32 cm **490,-**

HULTET blómapottur
Ø30 H32 cm **790,-**
HULTET blómapottur
Ø20 H24 cm **390,-**

290,-
SKATÖN skraut
ýmsar tegundir

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - **20:00** | www.IKEA.is